



Íþróttabandalag Akraness

Stofnað 1946

Ársskýrsla 2016



73. ársþing 2017



Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2016

Framkvæmdastjórn ÍA árið 2016 skipuðu:

Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, formaður
Sigurður Arnar Sigurðsson, varaformaður
Svava Huld Þórðardóttir, ritari
Karitas Jónsdóttir, gjaldkeri
Marella Steinsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Þráinn Haraldsson og Pálmi Haraldsson

Starfsmenn ÍA 2016:

Jón Þór Þórðarson, til 31. júlí
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, frá 1. ágúst

Formenn aðildarféлага ÍA árið 2016 voru:

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir formaður Badmintonfélags ÍA
Jóna Björg Olsen formaður Blakfélagsins Bresa
Guðmundur Claxton formaður Fimleikafélags Akraness
Þórður Emil Ólafsson formaður Golfklúbbsins Leynis
Ása Hólmarsdóttir, formaður Hestamannafélagsins. Dreyra
Örnólfur Þorleifsson formaður Hnefaleikafélags Akraness
Sigurlaug Njarðardóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts
Eydís Línal Finnboðadóttir formaður Karatefélags Akraness
Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness
Kjartan S. Þorsteinsson formaður Klifurfélags ÍA
Magnús Guðmundsson formaður Knattspyrnufélags ÍA
Sveinbjörn Hlökkversson formaður Knattspyrnufélagsins Kára
Einar Örn Guðnason formaður Kraftlyftingafélags Akraness
Örn Arnarsson formaður Körfuknattleiksfélags ÍA
Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga
Jón S. Ólason formaður Skotfélags Akraness
Trausti Gylfason formaður Sundfélags Akraness
Jóhann Pétur Hilmarsson formaður Vélhjólaiþróttafélags Akraness

ÍA – öflugt bandalag með fjölbreytta starfssemi

Það þarf ekki að dvelja lengi á Akranesi til að sjá að bærinn er sannkallaður íþróttabær og að Íþróttabandalag Akraness og bráðum 19 aðildarfélög þess eru ein af grunnstoðun blómlegs samfélags í bænum. Það er og leitun að félagi með jafn fjölbreytta og öfluga starfssemi enda eru Skagamenn stoltir af félaginu sínu og merki ÍA má sjá á hverjum degi um allan bæ. Áhrif öflugs íþróttastarfs á bæjarlífið eru einnig mikil. Hingað koma þúsundir landsmanna á hverju ári til að fylgjast með kappleikjum og íþróttamótum, stórum sem smáum eða til að nýta sér íþróttaaðstöðu Akurnesinga eins og Garðavöll, Akbraut og Akraneshöllina. Íþróttabandalagið og aðildarfélög þess eru einnig stór atvinnuveitandi, með tugi þjálfara á launaskrá eða sem verktaka. Mikilvægast er þó forvarnar- og skemmtanagildi íþróttanna fyrir unga fólkið okkar en við íþróttaiðkun eflist ekki eingöngu líkamlegt atgervi heldur einnig andlegt þar sem skapgerð mótast og vinskapur verður til fyrir lífstíð.

Þetta mikla og mikilvæga starf grundvallast þó enn í dag á gríðarlega mikillri vinnu sjálfbóðaliða í félögunum og íþróttabandalaginu. Á annað hundrað sjálfbóðaliða starfa í stjórnnum aðildarfélaganna og að mótahaldi kemur enn stærri hópur foreldra, forráðamanna, gamalla iðkenda og annara aðstandenda. Í þessu felst hið raunverulega verðmæti og sá mikli kraftur sem er í íþróttalífinu á Akranesi en til að virkja hann til árangurs íþróttamanna okkar er nauðsynlegt að uppbygging íþróttamannvirkja fylgi því sem gengur og gerist í þeim sveitarfélögum sem við viljum miða okkur við.

Lykill að velgengni okkar rekstrar- og félagslega liggur í samstöðu og samvinnu. Bæði milli aðildarféлага og í góðu samstarfi íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda. Lán okkar á Akranesi liggur í að allir aðilar eru meðvitaðir um gildi samvinnu og góðrar liðsheildar. Þessar áherslur og viðhorf innan ÍA höfum við orðað svo:

Að koma saman er byrjun,
Að vera saman eru framfarir,
Að vinna saman er árangur.



Starfsmenn og skrifstofa ÍA

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir var ráðin sem nýr íþróttafulltrúi Íþróttabandalags Akraness í júní og hóf hún störf þann 1. ágúst í 70% starfshlutfalli. Mikill áhugi var á starfinu en alls sóttu 16 umsækjendur um starfið. Hildur Karen tók við starfinu af Jóni Þór Þórðarsyni sem starfaði sem íþróttafulltrúi ÍA í áratug og eru honum þakkað kærlega fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins. Hildur Karen hefur mikla þekkingu og reynslu innan íþróttahreyfingarinnar en hún hefur starfað fyrir félagið bæði sem kennari, þjálfari og foreldri. Hún hefur einnig setið í stjórn og varastjórn ÍA til nokkurra ára og hefur mikinn áhuga á íþróttum og lýðheilsu á Akranesi.



Í framhaldi af ráðningu nýs íþróttafulltrúa var ráðist í að flytja

vinnuaðstöðu íþróttafulltrúa ÍA í íþróttahúsið við Vesturgötu. Þar hefur verið innréttuð glæsileg skrifstofuaðstaða auk fundaraðstöðu fyrir aðildarfélög ÍA. Einnig sá ÍA ásamt starfsmönnum íþróttahússins við Vesturgötu um að laga til í anddyri íþróttahússins við Vesturgötu og skreyta húsnæðið með veggspjöldum, m.a. veggspjaldi með ljóði eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur, sem samið er í tilefni af 70 ára afmæli ÍA.

*Spyrna knöttum,
kljúfa vötn,
fljóð og fimir drengir.
Lyfta járnum,
leiða hross,
óttalaus afl sitt reyna.*

*Sendast fjaðrir
og svitaperlur
langt yfir net norður.
Herðast lófar
um hjól stýris,
skotvissir skerpa mið.*

*Fyllast af lífi
fjalir og pallar
hetjur skal ungar hvetja.
Ef heltist úr lest
leiður, einn,
skal þegar að honum hlúð.*

*Kylfum veifa
og klifra um sali
ungir og aldurhnignir.
Glíma við storma,
stökkva hátt
– glóa í myrkri gulir.*

*Verjast sóknum,
vaða sand,
kasta í hjarta körfu.
Þeytast keilur,
þyngjast högg,
glymur í gráum klettum.*

*Já, slíkt er úthald
Akurnesinga
að ókunnir undrast:
Hafa þeir fjall sitt
með höndum berum
sjálfir af röskleik reist?*

*Þjóta í hópum
þrekmenn kátir
ótrauðir áfram veg.
Hlaðast sögur
í háa stafla.
Virðum og vöndum leik!*

*Sigurbjörg Þrastardóttir,
2016*

Almenningsíþróttir og þrekstarfsemi ÍA

Eitt af meginmarkmiðum Íþróttabandalags Akraness er að stuðla að bættri lýðheilsu á Akranesi. Það er gert með því að standa að og styðja við ýmsa viðburði á því sviði en einnig að reka þreksali þar sem hægt er að bjóða bæjarbúum uppá líkamrækt á hagstæðu verði. Ráðist var í nokkrar endurbætur á tækjum og tólum á árinu en að þessu sinni var megin áherslan á að bæta aðstöðuna á Vesturgötunni þar sem lagðar voru gúmmímottur á hluta gólfsins, ný handlóð, lyftingastangir, ketilbjöllur og „bumper“ lóð voru keypt sem og hnébeygjustandur og skábekkir. Ljóst er að frekari endurbóta er þörf en vegna þess að Akraneskaupstaður hefur ekki viljað endurnýja þjónustusamning um rekstur þrekaðstöðunnar til langs tíma hefur ekki verið ráðist í þær.

Rekstur þrekaðstöðunnar er mikilvægur ÍA á margan hátt. Í fyrsta lagi þá getur bandalagið þannig veitt keppnishópum aðildarfélaganna sinna ókeypis aðgang að íþrótt- og þreksölum. Í öðru lagi þá nýtist aðstaðan einnig fyrir almenning á Akranesi og í þriðja lagi þá skilar rekstur þrekaðstöðunnar tekjum sem m.a. eru notaðar í rekstrarstyrki til aðildarfélaganna ÍA. Hagnaðurinn sem er af rekstri þrekaðstöðunnar er þannig færður til baka til félaganna í formi þjónustu ÍA, rekstrarstyrkja og ókeypis aðgangi keppnishópa.

ÍA stóð að venju fyrir Jónsmessugöngu og var hún tvískipt að þessu sinni. Vaskur hópur undir forystu Jóhönnu Hallsdóttur og Ernu Haraldsdóttur gekk á Háahnjúk og annar hópur gekk um Akranes og fræddist um sögu og örnefni á leiðinni, en sú ganga var leidd af Rannveigu Lydiu Benediktsdóttur og Guðna Hannessyni. Að göngu lokinni skelltu margir sér í samflot og pottinn í Bjarnalaug og létu þreytuna líða úr sér. Eins og áður sá Knattspyrnufélag ÍA um fjölmennt Gamlárshlaup Skagamanna og að þessu sinni sá Knattspyrnufélagið einnig um framkvæmd Kvennahlaups ÍSÍ á Akranesi þann 4. júní í blíðskaparveðri en hlaupið var frá Akratorgi og einnig frá dvalarheimilinu Höfða. ÍA tók einnig þátt í Vökudögum og bauð uppá Samflot í Bjarnalaug í samstarfi við Akraneskaupstað á meðan Birgir Þórisson píanóleikari og Hanna Þóra Guðbrandsdóttir söngkona, sungu og spiluðu.



Afmælisþing



Þann 3 maí s.l. var glæsilegt 70 ára afmælisþing Íþróttabandalags Akraness haldið í félagsaðstöðunni að Jaðarsbökkum. Þetta ársþing var það 72. í röðinni frá upphafi. Þinghald gekk vel fyrir sig og mikil samstaða meðal þingfulltrúa að halda áfram á sömu braut og efla fjölbreytt íþróttastarf og almenna heilsuefingu á Akranesi. Á ársþinginu var Helga Sjöfn Jóhannesdóttir kjörin formaður Íþróttabandalags Akraness en Helga Sjöfn er fyrsta konan til að gegna því embætti. Sigurður Arnar Sigurðsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður og þau Birna Björnsdóttir, Sigurður Elvar Þórólfsson og Brynjar Sigurðsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu fyrir komandi kjörtímabil. Auk Helgu Sjafnar, sem er formaður, voru eftirtaldir kosnir í framkvæmdastjórn ÍA fyrir komandi starfsár: Sigurður Arnar Sigurðsson, Karitas Jónsdóttir, Svava Huld Þórðardóttir og Marella Steinsdóttir, til vara voru kjörnir þeir Þráinn Haraldsson og Pálmi Haraldsson.



Rekstur

Rekstur ÍA var með ágætum á árinu 2016. Rekstrar- og vaxtatekjur námu ríflega 32 milljónum króna og rekstrargjöld tæpum 34 milljónum og var því tap af rekstri ársins uppá um 1,6 milljón krónur. Framlög til aðildarfélag voru aukin á árinu en þessi auknu framlög sýna góðan rekstur og sterka stöðu fjármála ÍA en eigið fé íþróttabandalagsins er ríflega 69 milljónir króna í árslok 2016.

Heiðursviðurkenningar

Halldór Jónsson var sæmdur gullmerki ÍSÍ á 70 ára afmælisþingi ÍA. Halldór, eða Dóri Jóns eins og margir nefna hann hefur starfað sem þjálfari, stjórnarmaður í fjölda nefnda og ráða, verið sjálfboðaliði í óteljandi verkefnum ólíkra íþróttafélaga og dyggur stuðningsmaður ÍA í áratugi. Halldór er svo sannarlega vel að þessum heiðri kominn og óskar framkvæmdastjórn ÍA honum innilega til hamingju með gullmerkið.



Íþróttabandalagið sæmdi 14 félaga bandalagsmerki ÍA sem viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf tengt íþróttamálum á Akranesi. Þau eru: Laufey Sigurðardóttir, Erna Sigurðardóttir, Anna Guðbjörg Lárusdóttir, Guðmundur Sigurðsson, Jónína Magnúsdóttir, Katrín Leifsdóttir, Heiðbjört Kristjánsdóttir, Grétar G. Guðnason, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Ólafur Óskarsson, Jóhannes Helgason, Jón Þór Þórðarson, Petrea Emilía Pétursdóttir og Gunnlaugur Sölvason.

Úthlutað úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar

Þrír afreksíþróttamenn fengu úthlutað afreksstyrkjum úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar á árinu 2016. Minningarsjóðurinn var stofnaður af íþróttabandalagi Akraness í virðingar- og þakklætisskyni fyrir hin veigamiklu störf Guðmundar í þágu Íþróttabandalags Akraness, íþróttar- og menningarmála. Þeir þrír afreksmenn sem hlutu styrk voru Valdís Þóra Jónsdóttir kylfingur og íþróttamaður Akraness 2016, Ágúst Júlíusson sundmaður sem lenti í öðru sæti í kjöri íþróttamanns Akraness og Einar Örn Guðnason kraftlyftingamaður en hann hlaut þriðja sætið í kjöri íþróttamanns Akraness.

Íþróttamaður ársins 2016 á Akranesi

Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr Leyni, var kjörin íþróttamaður Akraness 2016. Þetta er í fimmta sinn sem Valdís Þóra er efst í þessu kjöri en hún varð fjórum sinnum í röð íþróttamaður ársins á Akranesi á árunum 2007-2010. Sundmaðurinn Ágúst Júlíusson varð annar í kjörinu og Einar Örn Guðnason kraftlyftingamaður varð þriðji. Í umsögn um Valdísi Þóru segir m.a. „Valdís Þóra þarf vart að kynna fyrir Skagamönnum, margfaldur klúbbmeistari Golfklúbbsins Leynis, einn fremsti kvenkylfingur landsins til margra ára og nú atvinnumaður í golfi. Valdís Þóra hefur allt frá unglingsaldri verið með skýr markmið og hefur ávallt verið til fyrirmyndar innan sem utan vallar. Valdís Þóra keppti lítið á Íslandi á árinu, varð þó í öðru sæti á Íslandsmeistaramótinu á Akureyri í sumar á glæsilegu skori. Hennar aðalmarkmið á árinu var að komast á LET Evrópumótaröð kvenna í golfi og tókst það á glæsilegan hátt með því að ná öðru sæti á lokaúrtökumótinu í Marokkó á dögnum en einungis tvær íslenskar konur hafa afrekað það áður.“



Tilnefndir íþróttamenn fyrir árið 2016:

Amalía Sif Jessen. Karate
Ágúst Júlíusson, Sund
Bjarni Þór Benediktsson, Hnefaleikar
Brimrún Eir Óðinsdóttir, Klifur
Drífa Harðardóttir, Badminton
Einar Örn Guðnason, Kraftlyftingar
Garðar Bergmann Gunnlaugsson, Knattspyrna
Harpa Rós Bjarkadóttir, Fimleikar

Jakob Svavar Sigurðsson, Hestaíþróttir
Jón Orri Kristjánsson, Korfuknattleikur
Lena Kristín Hermannsdóttir, Þjótí
Magnús Sigurjón Guðmundsson. Keila
Megan Lea Dunnigan, Knattspyrna
Sigurjón Guðmundsson, Knattspyrna
Valdís Þóra Jónsdóttir, Golf
Þorbjörn Heiðar Heiðarsson, Vélhjólaíþróttir

Íslands- og bikarmeistarar ÍA 2016

Badminton Brynjar Már Ellertsson Drífa Harðardóttir Harpa Kristný Sturlaugsdóttir Máni Berg Ellertsson Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir Fimleikar Bjarney Helga Guðjónsdóttir Dawn Simire Elísa Pétursdóttir Elsa Maren Steinarsdóttir Guðný Sigurrós Jóhannsdóttir Harpa Rós Bjarkadóttir Hrafnhildur Jökulsdóttir Írena Rut Elmarsdóttir Nína Dögg Hilmarsdóttir Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir Sara Mjöll Elíasdóttir Sigrún Dóra Jónsdóttir Sóley Brynjarsdóttir Sólveig Erla Þorsteinsdóttir Sylvía Lyn Trahan Sylvía Mist Bjarnadóttir Thelma Rós Ragnarsdóttir Unndís Ida Ingvarsdóttir Unnur Ósk Ragnarsdóttir Valdís Eva Ingadóttir Ylfa Claxton Þórdís Líf Valgeirsdóttir	Golf Alexander Högnason Arna Magnúsdóttir Axel Fannar Elvarsson Davíð Búason Elín Dröfn Valsdóttir Ella María Gunnarsdóttir Friðmey Jónsdóttir Hróðmar Halldórsson Ingi Fannar Eiríksson Kristján Kristjánsson María Björg Sveinsdóttir Stefán Orri Ólafsson Valdís Þóra Jónsdóttir Willy Blumenstein Þórður Emil Ólafsson Karate Kristrún Bára Guðjónsdóttir Keila Gunnar Ingi Guðjónsson Jóhanna Guðjónsdóttir Róbert Leó Gíslason Sund Ágúst Júlíusson Hildur Karen Aðalsteinsdóttir Kári Geirlaugsson Vignir Barkarson	Knattspyrna - 4. flokkur kvenna Arndís Lilja Eggertsdóttir Arnheiður Anna Hallvarðsdóttir Ásdís Ýr Þorgrímsdóttir Ester Þóra Viðarsdóttir Guðrún Brynjólfssdóttir Kristrún Bára Guðjónsdóttir Lilja Björg Ólafsdóttir Paula Gaciarska Sólbjört Lilja Hákonardóttir Viktoría Pálsdóttir Þorgerður Bjarnadóttir Kraftlyftingar Arnar Harðarson Bjarki Þór Sigurðsson Einar Örn Guðnason Steinunn Guðmundsdóttir Svavar Örn Sigurðsson Stigahæsta lið kvenna í bekkpressu Stigahæsta lið karla í klassískum lyftingum Skotfimi Ólafur Steinn Ólafsson
--	---	---



Afmælishátíð ÍA

Mikill fjöldi fólks lagði leið sína í íþróttahúsið við Vesturgötu þegar ÍA og íþróttahúsið blésu til sameiginlegrar afmælishátíðar þann 26. nóvember sl. þar sem fagnað var 70 ára afmæli íþróttabandalagsins og 40 ára afmæli íþróttahússins. Aðildarfélög ÍA buðu gestum að skoða þá aðstöðu sem þau hafa í húsinu og gáfu öllum kost á að reyna sig í karate, klifri, skotfimi, hnefaleikum, kraftlyftingum, badminton, fimleikum, körfubolta, boccia og keilu. Nokkur félög voru með sýningu á sínum greinum og má þar nefna dans, knattspyrnu, karate og fimleika en auk þess sem hægt var að prófa golfhermi og mæla skothraða í knattspyrnu. Félögin nýttu um leið tækifærið til að kynna starfsemi sína og mátti m.a. fræðast um hestamennsku, siglingar og fá sundæfingu og ÍA sundhettu að gjöf frá sundfélaginu. Í erindi Reginu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra Akraness á afmælishátíðinni kom m.a. fram að í tilefni 70 ára afmælis ÍA hafi bæjarstjórn fært Íþróttabandalaginu að gjöf 500.000 kr. til eflingar Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar, sem styrkir íþróttalíf á Akranesi. Í máli hennar kom einnig fram að bygging íþróttahússins hafi verið mikið stórvirki á sínum tíma sem nýst hafi gríðarlega vel en að nú sé á ný farið að huga að næstu framkvæmdum á íþróttasviðinu eftir nokkurra ára hlé.

[Myndband frá afmælishátíðinni](#)



Framkvæmdáætlun Akraneskaupstaðar

Akraneskaupstaður óskaði á haustdögum eftir samstarfi við Íþróttabandalag Akraness um forgangsriðun verkefna sem gagnast aðildarfélögum íþróttabandalagsins. Við afgreiðslu erindisins kallaði framkvæmdarstjórn ÍA eftir afstöðu allra aðildarfélaga ÍA og tók að auki mið af skýrslu starfshóps um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi frá árinu 2010 ásamt því að horfa til bókunar á 1000. bæjarstjórnarfundir Bæjarstjórnar Akraness.

Tillögur Íþróttabandalags Akraness voru þessar:

- Greint verði á milli nauðsynlegs viðhalds og nýframkvæmda
- Horft verði til lengri framtíðar og framkvæmt af metnaði skv. samþykktri áætlun.
- Nýframkvæmdir tengdar íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar verði á Jaðarsbökkum
- Horft verði til þeirrar vinnu sem nú þegar hefur verið fjárfest í til að skipuleggja og hanna íþróttamannvirki á Jaðarsbakkasvæðinu.

Gríðarleg viðhaldspörf er á öllum íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar og m.a. er gervigrasið í Akraneshöll ónýtt og lágbygging íþróttahússins við Vesturgötu illa farin. Þegar kemur að nýframkvæmdum þá lagði framkvæmdastjórn eftirfarandi verkefni til, án þess að forgangsraða:

- Bygging nýs fimleikahúss
- Bygging nýrrar sundlaugar
- Bygging félagsaðstöðu fyrir Golfklúbbinn Leyni
- Bygging reiðhallar á svæði Hestamannafélagsins Dreyra
- Tengibygging og fimleikahús að Jaðarsbökkum



Afreksíþróttasvið FVA

Þann 14. janúar skrifuðu FVA, Akraneskaupstaður og ÍA undir formlegan samstarfssamning um Afreksíþróttasvið FVA en Afreksíþróttasvið er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksmanna samhliða námi. Á vorönn stunduðu 33 nemendur nám á afreksíþróttasviðinu og 52 á haustönn en boðið hefur verið á æfingar í badminton, fimleikum, knattspyrnu, körfubolta og keilu. Það er von ÍA að íþróttagreinum fjölgi enn frekar strax á næsta skólaári og mun íþróttabandalagið leggja sitt að mörkum svo að verði. Æfingarnar eru undir handleiðslu sérmenntaðra þjálfara hjá ÍA í viðkomandi íþróttagreinum. Almennt eru æfingar á skólatíma 2x í viku auk þrekbjálfunar og annarrar fræðslu er tengist íþróttaiðkun og stendur nemendum líka til boða að fara í morgunmat í mötuneyti FVA eftir æfingar. Ljóst er að afreksíþróttasviðið er góð viðbót í íþróttastarfið á Akranesi.




[Hér má sjá myndband um Afreksíþróttasvið FVA](#)



Ýmsar fréttir úr starfinu

Heimasíða ÍA

Á árinu var ný heimasíða ÍA og aðildarfélaga sett upp, ia.is. Síðan er unnin í WordPress vefumsjónarkerfinu en það er vinsælasta vefumsjónarkerfi heimsins í dag, en ekkert þarf að greiða fyrir notkun þess. Öll aðildarfélög ÍA hafa aðgang til að setja inn efni og fréttir á heimasíðuna sem er í stöðugri þróun og vinnslu.



ÍA - TV

Á haustmánuðum 2016 festi ÍA kaup á búnaði til beinna útsendinga á netinu að frumkvæði Körfuknattleiksfélags ÍA. Búnaðurinn gerir aðildarfélögum ÍA kleift að sýna beint frá hinum ýmsu íþróttaviðburðum. Við höfum nú þegar sent út frá fimleikamóti, körfuboltaleikjum, kjöri íþróttamanns ársins og framundan er að senda út beint úr Akraneshöllinni. Þessar upptökur gera þjálfurum og öðrum einnig kleift að skoða leiki og aðra viðburði aftur í tímann og gefa stuðningsmönnum utan Akraness tækifæri til að fylgjast betur með. Þessar upptökur og beinar útsendingar má finna á [Youtube-síðu ÍA-TV](#).

Aðildarumsókn Sigurfara

Siglingafélagið Sigurfari óskaði eftir aðild að Íþróttabandalagi Akraness. Félagið er í formlegu umsóknarferli samkvæmt lögum ÍA og gera má ráð fyrir að félagið verði formlega samþykkt sem 19 aðildarfélag ÍA á ársþingi bandalagsins 2017.



ÍA fatnaður

Á árinu var gert samkomulag um að samræma sem best innkaup og notkun á ÍA fatnaði og ýmsum vörum sem merktar eru bandalaginu. Það er gert til að skapa meiri heildarmynd á íþróttamenn félagsins en um leið nýta betur fatnað á milli íþróttagreina. Fatnaðurinn verður seldur á skrifstofu ÍA en gert er ráð fyrir að opna einnig netverslun á vormánuðum 2017.



Rekstrarreikningur ÍA árið 2016 - 1. janúar - 31. desember

Rekstrartekjur:	2016	2015	Áætlun 2017
Lotto	6.487.714	5.757.242	6.500.000
Styrkur frá Akraneskaupstað	3.150.000	3.000.000	3.000.000
Húsaleiga	140.376	165.704	200.000
Útbreiðslustyrkur Í.S.Í	1.002.547	775.926	1.000.000
Hlutdeild í sölu getrauna	648.069	613.205	650.000
Trimm/aðstöðugjöld	2.919.157	2.049.872	3.000.000
Þreksalur	16.744.561	16.951.244	16.700.000
Ýmsar tekjur	270.000	181.020	800.000
Rekstrartekjur	31.362.424	29.494.213	31.850.000
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	6.876.798	6.433.400	7.000.000
Aðkeypt þjónusta leiðbeinendur	166.500	85.000	170.000
Styrkir til aðildafélaga	12.952.046	5.060.000	7.000.000
Tryggingar	81.707	79.201	80.000
Fasteignagjöld	644.033	639.713	650.000
Viðhald áhalda	2.695.205	1.993.536	8.000.000
Viðhald fasteignar	690.901	500.672	700.000
Prentun, pappír og ritföng	271.955	279.285	270.000
Kaffi og veitingar	657.153	204.203	250.000
Auglýsingar ofl.	345.583	89.617	200.000
Sími og Internet og tölvuþj	1.296.777	572.790	500.000
Póstburðargjöld	1.104	0	0
Stuðningsmannavörur	2.139.636	1.583.718	1.000.000
Annar kostnaður	2.811.568	2.162.833	2.000.000
Afskriftir	2.038.147	2.372.957	2.000.000
Rekstrargjöld	33.669.113	22.056.925	29.820.000
Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur og verðbætur	-912.803	-438.690	-1.000.000
Vaxtagjöld og verðbætur	192.275	113.651	200.000
Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld	-720.528	-325.039	-800.000
Rekstrar (Tap) hagnaður ársins	-1.586.161	7.762.327	2.830.000
Alls	31.362.424	29.494.213	31.850.000



Skýringar

1	Prentun, pappír og ritföng.	
	Prentun ljósmynda og árs korta	201.177
	Pappír, blekhyllki og ritföng	70.778
		271.955
2	Sími og internet og tölvuþj.	
	Útbreiðsla sjónvarpsefni/Skjárinna/365/vodafone	108.326
	Keypt tæki vegna ÍA TV	329.612
	Viðgerðá sjónvarpssendum	66.220
	Sími og internet	91.555
	ÍA vefurinn	681.087
	Omnis / Model, USB kubbur, tölvumús oþh	19.977
		1.296.777
3	Annar kostnaður.	
	Leiga á Nóra skráningarkerfi	171.701
	Netbókhalda	74.696
	Kvennahlaup ÍSÍ	302.000
	Kostnaður v íþróttamaður ársins	618.891
	Styrkir til félagasamtaka	78.417
	Innheimtugjöld/Seðilsgjöld	28.905
	Afmælishátíð	513.379
	Fatnaður á starfsfólk íþróttamannvirkja	243.444
	Námskeiðisgjöld/fyrirlestrar	71.000
	Ýmis kostnaður /Stefgjöld/leyfisgjöld/gjafir ofl	709.135
		2.811.568
4	Afskriftir.	
	Staða áhalda, tækja og búnaðar 01.01	7.118.873
	Eignfært á árinu	1.033.718
		-
	Afskriftir ársins	2.038.147
		6.114.444
	Afskriftarhlutföll eru 25%	
5	Útistandadi kröfur	
	Akraneskaupstaður vegna íþróttast. 2015	3.000.000
	Akranesk. Vegna uppg. Íþróttamiðst des 2016	1.245.700
	Lottó ósóttir vinningar 2016	214.649
	Lottó vegna des 2016	707.858
	Getraunir vegna 2016	648.069
	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ v des 2016	119.800
		5.936.076



Efnahagsreikningur ÍA 31. desember 2016

Eignir:	2016	2015
Bankareikningar	29.546.882	32.161.494
Útistandandi kröfur	5.936.076	5.308.579
Fyrirframgreidd laun	0	59.344
ÍA íþróttavörur og búningar	1.011.008	0
Búnaður skrifstofu, fjölmiðlatæki ofl.	563.450	751.266
Búnaður veitingasal	736.953	982.604
Íþróttatæki	4.814.041	5.385.003
Eignarhluti í Íþróttamiðstöð Jaðarsbökkum	27.005.000	25.455.000
Eignir	69.613.410	70.103.290
Skuldir:		
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður	151.115	491.163
Ógreidd laun og launatengd gjöld	311.379	425.050
Skuldir	462.494	916.213
Eigið fé:		
Eigið fé frá fyrra ári	69.187.077	60.599.750
Hækkun á fasteignarmati	1.550.000	825.000
Hagnaður/(Tap) ársins	-1.586.161	7.762.327
Eigið fé	69.150.916	69.187.077
Skuldir og eigið fé samtals	69.613.410	70.103.290

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning þennan.
Leggjum við til að hann verði samþykktur.

Akranesi

30. mars 2017

Magnús Brachmann
Bergþór Guðmundsson



Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Rekstrarreikningur 1. janúar -31. desember 2016

TEKJUR:	2016	2015
Gjöf Akranesk. í tilefni 70 ára afmælis ÍA	500.000	
Sala minningarspjalda	7.000	26.000
Vextir og verðbætur	120.842	95.829
Tekjur	627.842	121.829
GJÖLD:		
Prentun minningarkorta	0	0
Styrkir	300.000	350.000
Gjöld	300.000	350.000
Tekjur umfram gjöld	327.842	-228.171
Alls:	627.842	121.829
Efnahagsreikningur 31. desember 2016		
EIGNIR:		
Landsbankinn 0186-15-670169	1.594	
Landsbankinn 0186-15-720318	3.933.408	4.091.160
Inneign hjá Akraneskaupstað	500.000	
Inneign hjá Pennanun	7.000	23.000
Eignir	4.442.002	4.114.160
SKULDIR:		
Ógreiddir kostnaður	0	0
Skuldir	0	0
EIGIÐ FÉ:		
Eigið fé frá fyrra ári	4.114.160	4.342.331
(Halli)/hagnaður ársins	327.842	-228.171
Eigið fé	4.442.002	4.114.160
Skuldir og eigið fé	4.442.002	4.114.160

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning þennan.
Leggjum við til að hann verði samþykktur.

Akranesi 30. mars 2017

Maymun Bandhvar.
Borgþór Guðmundsson

Helstu rekstrartölur aðildarféлага ÍA 2016

Félag	Tekjur	Gjöld	Hagn. / Tap	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Badmintonfélag Akraness	7.361.778	7.243.957	117.821	1.157.654	0	1.157.654
Blakfélagið Bresi	505.983	283.494	222.489	404.949	179.183	225.766
Fimleikafélag Akraness	30.600.441	27.627.701	2.972.740	16.505.950	3.133.437	13.372.513
Golfklúbburinn Leynir	79.721.770	78.518.726	1.203.044	111.464.261	2.902.575	108.561.686
Hestamannafélagið Dreyri	7.391.376	4.975.085	2.416.291	45.325.427	0	45.325.427
Hnefaleikafélag Akraness	1.868.273	2.247.271	-378.998	674.000	0	674.000
Íþróttafélagið Þjótur	1.462.002	1.582.450	-120.448	2.738.062	67.124	2.670.938
Karatefélag Akraness	2.063.693	1.830.191	233.502	977.219	0	977.219
Keilufélag Akraness	4.808.078	3.482.244	1.325.834	5.545.591	1.510.943	4.034.648
Knattspyrnufélag ÍA	204.199.075	192.004.785	12.194.290	27.508.661	10.902.798	16.605.863
Knattspyrnufélagið Kári	3.992.830	4.035.942	-43.112	153.130	0	153.130
Klífurfélag ÍA	2.378.135	2.763.636	-385.501	0	0	0
Kraftlyftingafélag Akraness	1.187.640	853.253	334.387	567.787	0	567.787
Körfuknattleiksfélag Akraness	10.323.248	9.382.252	940.996	1.510.084	0	1.510.084
Sigurfari siglingafélag Akraness	66.934	26.721	40.213	40.213	0	40.213
Skotfélag Akraness	2.131.271	1.277.571	853.700	5.166.756	0	5.166.756
Sundfélag Akraness	27.204.323	28.367.726	-1.163.403	5.764.022	581.819	5.182.203
UMF Skipaskagi	419.092	351.721	67.371	1.057.998	0	1.057.998
Vélhjólaiþróttafélag Akraness	3.638.052	4.672.291	-1.034.239	1.256.896	0	1.256.896
Samtals	391.323.994	371.527.017	19.796.977	227.818.661	19.277.879	208.540.782
Íþróttabandalag Akraness	31.362.424	32.948.585	-1.586.161	69.613.410	462.494	69.150.916
Samtals	422.686.418	404.475.602	18.210.816	297.432.071	19.740.373	277.691.698




Rekstraryfirlit ÍA og aðildarfélaga þess

TEKJUR	Aðildarfélög		ÍA		Samtals
Fjárafilanir, framlög og styrkir	154.761.598	39,5%	11.288.330	36,0%	166.049.928
Tekjur af mótum	50.791.439	13,0%	0	0,0%	50.791.439
Auglýsingatekjur	1.583.927	0,4%	0	0,0%	1.583.927
Húsa- og vallahleigutekjur	36.393.868	9,3%	3.059.533	9,8%	39.453.401
Félagsgjöld og sala leikmanna	31.421.310	8,0%	0	0,0%	31.421.310
Æfingagjöld	80.774.705	20,6%	16.744.561	53,4%	97.519.266
Aðrar tekjur	35.597.147	9,1%	270.000	0,9%	35.867.147
TEKJUR ALLS	391.323.994	100%	31.362.424	100%	422.686.418
GJÖLD					
Laun og verktakagreiðslur	144.388.224	39,2%	7.043.298	22,3%	151.431.522
Styrkir til einstaklinga og deilda	28.864.685	7,8%	12.952.046	40,9%	41.816.731
Félagaskipti og sala leikmanna	38.331	0,0%	0	0,0%	38.331
Búningar, áhöld og tæki	13.489.250	3,7%	2.695.205	8,5%	16.184.455
Ferðakostnaður v/móta innanlands	3.896.607	1,1%	0	0,0%	3.896.607
Ferðakostnaður v/móta erlendis	2.352.116	0,6%	0	0,0%	2.352.116
Þátttaka í mótum	7.392.029	2,0%	0	0,0%	7.392.029
Kostnaður v/mótahalds	24.050.365	6,5%	0	0,0%	24.050.365
Rekstur mannvirkja	41.859.336	11,4%	1.416.641	4,5%	43.275.977
Rekstur skrifstofu	7.857.159	2,1%	929.108	2,9%	8.786.267
Auglýsingar, kynning og fræðsla	399.442	0,1%	345.583	1,1%	745.025
Kostn. v/samkeppnisreksturs	61.584	0,0%	0	0,0%	61.584
Önnur gjöld	93.307.968	25,4%	6.249.085	19,8%	99.557.053
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	367.957.096	100%	31.630.966	100%	399.588.062
Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	23.366.898		-268.542		23.098.356
Fjármagnsliðir og fyrningar	3.569.921		1.317.619		4.887.540
GJÖLD ALLS	371.527.017		32.948.585		404.475.602
HAGNAÐUR/TAP	19.796.977		-1.586.161		18.210.816
EIGNIR					
Fastafjármunir	153.696.118		34.130.452		187.826.570
Veltufjármunir	74.122.543		35.482.958		109.605.501
EIGNIR ALLS	227.818.661		69.613.410		297.432.071
EIGIÐ FÉ	208.540.782		69.150.916		277.691.698
SKULDIR					
Langtímaskuldir	1.499.992		0		1.499.992
Skammtímaskuldir	17.777.887		462.494		18.240.381
SKULDIR ALLS	19.277.879		462.494		19.740.373
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	227.818.661		69.613.410		297.432.071



72. ársþing ÍA haldið 3. maí 2016 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Þingsetning

Sigurður Arnar Sigurðsson formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann lagði til að Jón Þór Þórðarson yrði þingforseti og að Karitas Jónsdóttir tæki að sér að vera fundarritari, það var samþykkt einróma. Jón Þór þakkaði traustið og sagði það vera mikinn heiður að vera þingforseti á 70 ára afmæli ÍA, hann sagðist hafa gengið úr skugga um að löglega hafi verið til þess boðað.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um að Kjörbréfanefnd muni skipa þau:; Harpa Finnbogadóttir, Guðmundur Claxton og Örn Arnarson, var það samþykkt einróma og bað þingforseti Hörpu að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði Harpa formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 14 af 17 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 32 þingfulltrúar af 54. Harpa sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og voru þau samþykkt samhljóða. Að lokinni afgreiðslu kjörbréfa var boðið uppá veitingar sem var í umsjón 3.flokks kvenna í knattspyrnu og ÍA kórinn sem skipaður var krökkum úr hinum ýmsu íþróttagreinum söng tvö lög undir stjórn Valgerðar Jónsdóttur.

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Lögð var fram ársskýrsla ÍA þar sem Sigurður Arnar Sigurðsson formaður ÍA og Helga Sjöfn Jóhannesdóttir varformaður ÍA gerðu í sameiningu grein fyrir því helsta í starfi ÍA á árinu 2015. Þau gerðu grein fyrir þeim fjölmörgu íþróttaviðburðum sem fram fóru á Akranesi eins og td. Íslandsmótið í golfi, Norðurálsleikana í knattspyrnu, Akranesleikarnir í Sundi ofl. Þau gerðu einnig grein fyrir afreksstarfi, almenningsíþróttum og ýmsum fræðsluverkefnum á vegum ÍA. Þau minntust Helga Hannessonar íþróttakennara og heiðursfélaga ÍA sem lést 27. febrúar 2015. Að lokum komu þau inná þau inná það mikla umfang íþróttastarfsins á Akranesi þar sem tæplega 37% bæjarbúa eru iðkendur hjá ÍA, alls eru um 8.800 skipulagðir íþróttatímar á ári eða rúmir 24 hvern einasta dag og samkvæmt skráningu koma um 365 þúsund manns, gestir og iðkendur, í Íþróttamannvirkin á hverju ári. Velgengni í starfi Íþróttabandalags Akraness hafi því órjúfanlega tengingu við vöxt samfélagsins. ÍA og Akranes er í raun eitt og hið sama. Verum gul og glöð því ÍA er klárlega þar sem hjarta Akranes slær.

Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA Svövu Huld Þórðardóttur orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA, Svava Huld gerði grein fyrir ársreikningum íþróttabandalagsins fyrir árið 2015 og skýrði þar út helstu liði. Hún fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2016 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Heildarvelta íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á árinu 2015 var rúmlega 385 m.kr og reksturinn í ágætis jafnvægi. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 29,5 m.kr og var um 7,7 m.kr hagnaður af rekstrinum. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 70,1 m.kr, þar af eignarhluti í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum um 25,4 m.kr. Þingforseti þakkaði Svövu Huld fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið og bar þingforseti því ársskýrslu og ársreikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða. Að því loknu var söngatriði þar sem Símon Orri Jóhannsson söng tvö lög við undirleik Höllu Margrétar Jónsdóttur.

Ávarp gesta

Ingi Þór Ágústsson fulltrúi ÍSí ávarpaði þingið og sagði það einkar ánægjulegt að fá að koma á þetta afmælis þing ÍA, fá sveitarfélög á landinu hafi alið af sér jafn marga afreksmenn, slíkur árangur næðist ekki nema með elju, baráttu og þrautseigju allra þeirra sem að starfinu standa. Hann bað fyrir góðar kveðjur frá Lárusi Blöndal forseta ÍSí sem og allri framkvæmdastjórn ÍSí. Ingi Þór notaði tækifærið og afhenti Halldóri Fr. Jónssyni gullmerki ÍSí fyrir sitt starf á þágu íþróttanna á Akranesi, Halldór var á árum áður barna- og unglingaþjálfari hjá Knattspyrnufélagi ÍA, sat í framkvæmdastjórn ÍA og er virkur sjálfbóðaliði hjá Golfklúbbnum Leyni. Að lokum færði hann ÍA blóm fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÍSí sem þakklætisvott fyrir 70 ár ÍA sem veit hafa gleði, ánægju og þvílíka íþróttamenn.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Akraness ávarpaði þingið, það væri henni sönn ánægja að óska ÍA til hamingju með 70 ára afmælið, starfið væri öflugt með 18 aðildarfélög og það 19. væri væntanlegt. ÍA spannaði allt frá 3 mánaða ungbarnasundi uppí eldri borgara í kvennahlaupi. Regína þakkaði fyrir allt það mikla sjálfbóðaliðastarf sem unnið er hjá ÍA, án þeirra væri íþróttabærinn Akranes ekki sá íþróttabær sem hann er í dag, hún tók undir það að ÍA væri þar sem hjarta Akranes slær. Hún vitnaði í bókun bæjarstjórnarinnar þar sem ÍA er veitt gjöf að upphæð kr 500.000 til eflingar minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar. Að lokum þakkaði hún fyrir samstarfið og óskaði ÍA alls hins besta í framtíðinni.

Heiðursviðurkenningar

Íþróttabandalagið sæmdi eftirtalda einstaklinga bandalagsmerki ÍA sem viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf tengt íþróttamálum á Akranesi: Laufey Sigurðardóttir, Erna Sigurðardóttir, Anna Guðbjörg Lárusdóttir, Guðmundur Sigurðsson, Jónína Magnúsdóttir, Katrín Leifsdóttir, Heiðbjört Kristjánsdóttir, Grétar G. Guðnason, Hildur Karen



Aðalsteinsdóttir, Ólafur Óskarsson, Jóhannes Helgason, Jón Þór Þórðarson, Petrea Emilía Pétursdóttir og Gunnlaugur Sölvason.

Lagabreytingar og skattur til ÍA

Þingforseti sagði að ekki lægju fyrir neinar tillögur að lagabreytingum og gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélög sín um neinn skatt undanfarinn ár og lagði til að svo yrði áfram. Tilaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 var samþykkt samhljóða.

Umsóknir um aðild að ÍA

Þingforseti fór yfir það að Klifurfélag ÍA hafi lokið umsóknarferli um að gerast aðili að ÍA og bar upp þá tillögu að Klifurfélag ÍA yrði samþykkt sem 18. aðildarfélag ÍA, var það samþykkt einróma. Þingforseti tilkynnti einnig að Sjósportfélagið Sigurfari hafi sótt formlega um aðild að ÍA og bar upp þá tillögu að félagið færi hefðbundið umsóknarferli og var það samþykkt einróma.

Kosning framkvæmdarstjórnar ÍA

Þingforseti las upp tillögu að formanni og framkvæmdastjórn ÍA:

Tillaga að formanni ÍA: Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn ÍA: Sigurður Arnar Sigurðsson, Karitas Jónsdóttir, Svava Huld Þórðardóttir og Marella Steinsdóttir, til vara: Þráinn Haraldsson og Pálmi Haraldsson, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillaga um skoðunarmenn reikninga: Bergþór Guðmundsson og Magnús Brandsson, samþykkt einróma með lófaklappi.

Helga Sjöfn Jóhannesdóttir er rétt kjörin formaður ÍA og er hún fyrsta konan í 70 ára sögu ÍA til þess að gegna því embætti. Tillögu um fulltrúa á íþróttahing ÍSÍ var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA.

Aðrir í framkvæmdastjórn ÍA voru kjörin: Sigurður Arnar Sigurðsson, Karitas Jónsdóttir, Svava Huld Þórðardóttir og Marella Steinsdóttir, til vara voru kjörnir Þráinn Haraldsson og Pálmi Haraldsson.

Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál og tóku nokkrir þingfulltrúar aðildarfélaganna til máls:

Örn Arnarson formaður Körfuknattleiksfélags ÍA kvað sér hljóðs og viðraði hugmyndir sínar um aukna samvinnu íþróttafélaganna í íþróttum fyrir yngri iðkendur með það að leiðarljósi að tryggja að aðgengi að öllum íþróttum gegn einu gjaldi.

Haraldur Ingólfsson frá Knattspyrnufélagi ÍA kvað sér hljóðs og vildi þakka fyrir þann stuðning sem Knattspyrnufélagið fékk á 30 ára afmæli sínu. Haraldur óskaði öllum til hamingju með 70 ára afmælið, hann þakkaði öllum sjálfboðaliðunum fyrir viðurkenninguna og þá sérstaklega Halldóri Fr. Jónssyni fyrir sitt framlag en Dóri var sá þjálfari sem gerði hann fyrst að Íslandsmeistara og er enn að í starfinu.

Magnús Guðmundsson formaður Knattspyrnufélags ÍA kvað sér hljóðs og ítrekaði hamingju óskir til allra. Hann varpaði fram spurningu í ljósi góðrar fjárhagsstöðu ÍA hvort ekki væri hægt að láta þá peninga vinna meira fyrir okkur í stað þess að liggja á bók

Sigurður Arnar Sigurðsson frá framkvæmdastjórn ÍA var til andsvars og sagði að búið væri að byggja upp þennan fjárhagsgrunn með miklu aðhaldi síðustu ár, nú væri ÍA betur fært um að vera bakhjarl aðildarfélaganna og styrkja þau vonandi en frekar. Hann kom einnig inná að þrekstarfsemi ÍA væri sú tekjulind sem hefði byggt þetta að mestu upp og er sú starfsemi ekki trygg til framtíðar. Sigurður Arnar fagnaði umræðunni, hún væri góð og þörf, þetta væri sameiginlegt hagsmunamál allra.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri kvað sér hljóðs, hún óskaði Helgu Sjöfn innilega til hamingju með að vera fyrsti kvennformaður ÍA, nú væri ÍA að verða sannkallað kvennaveldi. Hún vonaðist eftir að eiga gott samstarf við nýja framkvæmdastjórn ÍA, það væru mörg viðfangsefni sem þyrfti að skoða og ræða

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þakkaði Jón Þór þingforseti því fyrir skemmtilegt og gott þing, hann þakkaði einnig fyrir samstarfið undanfarin ár þar sem hann var að láta af störfum sem íþróttafulltrúi ÍA eftir rúman áratug í starfinu. Hann sagði til gamans að íþróttafulltrúastarfið væri eins og að vera barnfóstra hjá stórri fjölskyldu með 18 systkini. Að lokum óskaði Jón Þór nýjum formanni og framkvæmdastjórn ÍA innilega til hamingju og gaf Helgu Sjöfn nýjum formanni ÍA orðið til að slíta þinginu.

Þingslit

Helga Sjöfn þakkaði traustið, það væri sér mikill heiður að vera fyrsta konan sem er kosin formaður ÍA. Hún nefndi að Sigurður Arnar væri mikill jafnréttismaður og það væri komin tími á konu eftir 70 ár. Helga bauð nýtt stjórnarfolk velkomið, þakkaði Jóni Þór fyrir sitt starf og óskaði öllum þeim sem fengu heiðurviðurkenningar til hamingju. Hún óskaði öllum aðildarfélögunum góðs gengis á komandi ári, þau ynnu vel undir merkjum ÍA og sleit þar með 72. ársþingi ÍA.



Ársskýrslur aðildarfélaga ÍA

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 2. mars 2016. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Ein breyting var á stjórn félagsins þetta árið Egill G. Guðlaugsson kom inn fyrir Rósu Björk Bjarnadóttir.

Stjórn félagsins :

Stjórn félagsins veturinn 2016-2017 :

Formaður : Birgitta Rán Ásgeirsdóttir

Gjaldkeri : Rannveig Guðmundsdóttir

Ritari : Irena Rut Jónsdóttir

Meðstjórnendur : Brynja Kolbrún Pétursdóttir og Egill G. Guðlaugsson

Iðkendur

Fjöldi iðkenda hefur aðeins verið að aukast og á síðasta ári voru um 80 iðkendur sem skiptast í 3 flokka auk þess sem við höfum verið með trimmara. Ákveðið var að halda áfram verkefninu okkar að leyfa einum árgang að æfa frítt, þetta árið er það árgangurinn 2007 og eru nú um 15-20 krakkar að æfa í þeim aldursflokki. Haldið verður áfram með þetta áttak vonandi næstu árin allavega á meðan við höfum pláss á æfingum til þess og á meðan á uppbyggingu stendur. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

Þjálfarar

Erfitt hefur verið að fá þjálfara fyrir eldri iðkendur en á seinasta ári tók Helgi Magnússon við allri þjálfun í félaginu þar sem Helgi Jóhannesson hætti seinstliðið vor. Honum til aðstoðar hafa verið Elvar Már Sturlaugsson og Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir, eins og á seinasta ári og hafa þau verið að hjálpa til með 2. og 3. flokk. Þau hafa staðið sig mjög vel og erum við ánægð að halda þeim inn sem aðstoðarþjálfara.

Viðburðir starfsársins

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þrem opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í 24. - 25. september 2016 þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna, Gríslingamótið var haldið 15. janúar 2017 fyrir u-11 og Landsbankamót ÍA sem er unglingamót átti að vera haldið 25.-26. febrúar 2016, vegna veðurs tókst aðeins að halda mótið á laugardeginum, seinni hluta mótsins var frestað til 5. mars 2017. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og viljum við þakka öllum foreldrum sem hafa hjálpað til, þeirra hjálp er ómetanleg.

Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu.

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglinga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Á þessi mót er oftast ákveðinn kjarni sem fer og á unglingamótin eru að fara í kringum 15 krakkar og á fullorðinsmótin í kringum 10 krakkar.

Á Meistaramóti Íslands 2016 eignuðumst við einn Íslandsmeistaratitil en hún Drífa Harðardóttir vann í tvíliðaleik með Rakel Jóhannsdóttur í meistaraflokki. Irena Rut Jónsdóttir og Harpa Kristný Sturlaugsdóttir fengu silfur í tvíliðaleika í B flokki. Aðalsteinn Huldarsson fékk einnig silfur í Æðstaflokki.

Keppendur hjá Badmintonfélagi Akraness tóku þátt í RIG sem haldið var hér á landi. RIG unglingsmeistaramót TBR var haldið dagana 4. – 5. febrúar 2017 og RIG – Iceland International var haldið 26. – 29. janúar 2017.

Næsta stórmót hjá unglingum er Íslandmeistaramótið sem haldið verður dagana 11. – 12. mars 2017.

Meistaramót Íslands verður svo haldið helgina 7. – 9. apríl 2017.

Akranesmót og lokahóf félagsins var haldið 22. maí 2016. Keppt var í einliða í u-11 - u-19 og fullorðinsflokki, tvíliðaleikurinn er svo þannig að það er einn spilarar og einn fjölskyldumeðlimur sem spila saman.

Gekk mótið mjög vel fyrir sig og voru allir almennt ánægðir með mótið. Veitt voru verðlaun fyrir bestu ástundu, mestu framfarir eldri og yngri, besta æfingarfélagann og spilara ársins en að þessu sinni var Brynjar Már Ellertsson valin sem spilarar ársins.

Einnig var Drífa Harðardóttir valin Badmintonkona ársins eftir góða framistöðu á Meistaramóti fullorðinna 2016.

Farnar voru 2 ferðir erlendis, önnur ferðin var til Færeyja frá 22.-24. apríl á Junior Faroe Island Open, en þangað fóru 12 krakkar ásamt 2 fararstjórum, var þetta í fyrsta skipti sem þetta mót er haldið og fannst stjórn Badmintonfélagsins tilvalið að fara þar sem krakkarnir okkar eru farin að þekkja krakkana í Færeyjum þökkalega til þess að halda þessum tengslum.

Einnig fóru 7 krakkar og 2 fararstjórar á Yonex Denmark junior 2016. Krakkarnir á afreksbrautinni fóru og kepptu á Yonex Denmark Junior og fengu svo að horfa á topp spilara spila á Yonex Denmark open. Þetta var frábær ferð sem væri gaman að endurtaka við tækifæri.





Landsliðsmál

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins.

Um jólin 2015 voru 14 krakkar valdir í landsliðs- og úrvalshóp og eru þau :

- U-19 – Elvar Már Sturlaugsson, Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir og Símon Orri Jóhannsson
- U-17 – Harpa Kristný Sturlaugsdóttir
- U-15 – Brynjar Már Ellertsson, Davíð Örn Harðarson, Erika Bjarkadóttir, Katla Kristín Ófeigsdóttir og Katrín Eva Einarsdóttir.
- U-13 – María Rún Ellertsdóttir og Sindri Freyr Daníelsson
- U-11 – Máni Berg Ellertsson og Tristan Sölvi Jóhannsson

Evrópuskólinn var haldin í Slóveníu dagana 9. – 16. júlí 2016 og fór Harpa Kristný Sturlaugsdóttir þangað sem fulltrú frá Badmintonfélaginu.

North Atlantic Camp var haldið á Íslandi – Akranesi dagana 18. – 24. júlí 2016. María Rún Ellertsdóttir var valin að fara frá Badmintonfélagi Akraness sem spilar og Irena Rut Jónsdóttir sem þjálfari.

Nordic Camp var haldið í Svíþjóð dagana 8. – 13. ágúst 2016 og átti Badmintonfélagið 1 fulltrúa þar en Brynjar Már Ellertsson fór á Nordic camp.

Rekstur félagsins

Almennur rekstur félagsins var rekin með hagnað í ár.

Þetta árið var aðeins færri fjáraflanir og í fyrra en það að halda æfingabúðir fyrir badmintonsambandið kemur okkur einnkar vel þar sem það kemur mikill hagnaður af þeim.

Auk æfingabúðanna voru þessar hefðbundnu fjáraflanir eldhús- og salernispappírssala.

Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár.

Framtíðarsýn

Í dag er í gangi mikið uppbyggingarstarf ásamt því að taka fjármálin í gegn og hefur gengið ágætlega að halda fjármálunum í lagi seinsta árið og fær gjaldkerinn okkar mikið hrós fyrir það. Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma okkur aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgang að æfa frítt ásamt því að gefa nýjum iðkendum spaða og bol að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram á meðan við þurfum að vera í þessu uppbyggingar starfi.

Framtíðarsýn fyrir Badmintonfélag Akraness er að koma iðkendum um og yfir 100 á næstu 3 árum og halda áfram okkar góða starfi með börnin.

Lokaorð og þakkir

Í heildina litið er félagið mjög ánægt með árið sem er að líða, krakkarnir hafa sýnt miklar framfarir og staðið sig vel á mótum og verið til sóma fyrir Badmintonfélag Akraness.

Einnig teljum við að uppbyggingarstarfið sé farið að skila sér og vonumst við til að næsta ár verði enn þá betra.

Blakfélagið Bresa

Starfsemi blakfélagsins Bresa var með svipuði sniði og undanfarin ár. Aðalfundur félagsins var haldinn 9. mars 2015, og var mæting góð. Stjórn félagsins er þannig skipuð, ritari er Erna Björg Guðlaugsdóttir, gjaldkeri er Álfheiður Ágústsdóttir og formaður er Jóna Björg Olsen. Varamenn eru Ingunn Sveinsdóttir og Harpa Sif Þráinnsdóttir, endurskoðendur eru Sigríður Sigurðardóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir.

Skráðir félagar eru 32

Æfingar

Æfingar hófust eins og vanalega hjá okkur um mánaðarmótin ágúst/september og byrjuðu sem æfingar fyrir karla og konur, en vegna fjölda kvenna og dræmra þátttöku karla, drógu þeir sig í hlé, þannig að konur nýta nú allt húsið sem samanstendur af þremur völlum. Æfingar



eru á mánudögum og miðvikudögum frá 19:30 til 21:00. Þjálfari er Ingólfur Hilmar Guðjónsson.

Keppni/Íslandsmót

Félagið sendir þrjú lið til keppni í Íslandsmóti Blaksambandsins veturinn 2016-2017, en það er fjölgun um eitt lið frá árinu áður. Þessi lið eru að spila í annari deild, fjórðu deild og sjöundu deild. Þegar þetta er skrifað er ein túrnering eftir af þremur.

Einnig erum við að taka þátt í ýmsum hrað og skemmtimótum sem standa yfir tímabilið og þá oft fleiri er eitt lið á mót. Hér fer upptalning um mót sem við höfum sótt og gengi þar:

Vormót HK-trimm..... 2. deild, lentum í þriðja sæti

Þorramót Aftureldingar.. 1. deild, lentum í öðru sæti, 3. deild, lentum í fjórða sæti.

Fylkismótið..... 4. deild, lentum í þriðja sæti.

Haustmót HK-trimm... 3. deild, lentum í þriðja sæti, 5. deild, lentum í fyrsta sæti.

Bresamót 2016

Okkar árlega Bresamót var haldið 5.mars, með örlitlu breyttu sniði en venjulega. Við ákváðum að heiðra eina af okkur sem hafði náð þeim frábæra árangri að fagna sjötugs afmæli og ennþá í æfingum með okkur, hún Guðbjörg Árnadóttir, (Bogga okkar) Var mótið nefnt eftir henni, Boggu-bresamótið og henni til heiðurs var hatta-höfuðdjásna þema. Þarna fengum við til okkar tíu lið sem spiluðu í tveimur deildum.

Öldungamót

41. Öldungamót BLÍ var haldið í Garðabæ af Stjörnunni, 5-7 maí. Félagið sendi þrjú lið til þátttöku. Þau spiluðu í eftirfarandi deildum.

A-liðið spilaði í fjórðu deild og endaði í fjórða sæti.

B-liðið spilaði í fimmtu deild og endaði í öðru sæti.

C-liðið spilaði í níundu deild og endaði í þriðja sæti.



Fimleikafélag Akraness

Frá síðasta aðalfundi skipuðu stjórn félagsins: Guðmundur Claxton formaður, Jóhann Sigurðsson varaformaður, Ingibjörg Indriðadóttir gjaldkeri, Anna Þóra Þorgilsdóttir ritari og Sigrún Mjöll Stefánsdóttir meðstjórnandi. Nýráðinn framkvæmdastjóri er Sigrún Ríkharðsdóttir. Yfirþjálfari er Þórdís Þöll Þráinsdóttir en hún var ráðin til tveggja ára síðla sumars.

Rekstur félagsins er í góðu jafnvægi. Tekjur ársins voru rétt rúmar 30.6 milljónir kr. og gjöld tæplega 28 milljónir. Hagnaður félagsins árið 2016 er því um rúmar 2.5 milljónir kr. Enginn styrkaraðili er á bakvið félagið sem stendur en unnið er í þeim málum að fullum krafti og eru nokkur járn í eldinum sem ættu að skýrast á komandi mánuðum. Félaginu hefur á móti borist rausnarlegt framlag frá Íþróttabandalagi Akraness sem og styrkir frá Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit til áhalda-kaupa og þökkum við kærlega fyrir stuðninginn.

Á árinu var farið í endurskipulagningu á innra starfi félagsins. Ráðist var í að stafræna starfið ef svo mætti að orði komast. Lénid fima.is var keypt og netföngum @fima.is úthlutað til stjórnar, framkvæmdastjóra og yfirþjálfara. Með þessu er persónulegum netföngum haldið aðskildum og auðveldara er að nálgast póst-samskipti við komu nýrra stjórnarmanna sem dæmi. Ásamt þessu er haldið utan um öll skjöl og myndir sem tengjast félaginu á einum miðlægum stað. Það er áframhaldandi vinna í gangi að gera upplýsingar og skjöl aðgengileg er snúa að upplýsingagjöf til iðkenda og aðstandenda þeirra.

Einnig hafa orðið breytingar á þjálfarteymi félagsins. Ákveðið var að nýta uppsagnarákvæði í samningi við Zoltán Demény og lét hann af störfum síðasta sumar. Við þökkum honum kærlega fyrir frábært starf við uppbyggingu fimleika á Akranesi.

Í kjölfarið var brunað norður á Akureyri og samið við Þórdísi Þöll til tveggja ára síðla sumars í starf yfirþjálfara. Hún gegnir því starfi að myndugleik ásamt því að þjálfa fjölmarga flokkar. Þetta var sannkallað 2-1 tilboð því að í sömu ferð var Stefán Þór Friðriksson einnig ráðinn til tveggja ára. Koma þeirra er góð viðbót við frábæran hóp þjálfara, en þessi hópur hefur unnið sannkallað þrekvirki við oft óviðunandi aðstæðum sökum aðstöðuleysis.

Fjöldi iðkenda árið 2016 voru 438 í fjölmörgum flokkum. Allt frá þeim allra yngstu í íþróttaskólanum til aldursforsetanna í meistaraflokki, sem gerir okkur að öðru stærsta félagi innan íþróttabandalags Akraness. Vöxtur félagsins á síðustu árum hefur verið ævintýrlegur og erum við nú í fyrsta sinn að sjá sterka eldri flokka verða að veruleika.

Í ár er sérstaklega gleðilegt að sjá fjölgun drengja í fimleikum en það er einkum tilkomið vegna aukinnar ásóknar í Parkour. Gaman væri að geta teflt fram drengja-liði á hóp fimleikamótum í náninni framtíð.

Fima átti marga keppnishópa á árinu 2016 sem tóku þátt í fjölmörgum mótum. Má þar helst nefna Bikarmót í stökkfimi, Íslandsmót unglinga, Vormót í Hópfimleikum, Haustmót í hópfimleikum og Íslandsmót í stökkfimi. Á árinu eignuðumst við fjölmarga bikarmeistara í stökkfimi og hópfimleikum og erum við virkilega stolt af árangrinum. Hvarvetna er hegðun og ásýnd keppenda og fylgjenda þeirra til fyrirmyndar og svoleiðis viljum við að sjálfsögðu hafa það.

Undanfarin ár hefur félagið svo staðið fyrir glæsilegri vorsýningu þar sem allir iðkendur taka þátt og er ásóknin það mikil að tvær sýningar eru í stað einnar áður.

Á árinu var nýtt leyfiskerfi Fimleikasambands Íslands tekið í notkun. Kerfið er af erlendri fyrirmynd og er ætlað meðal annars að bæta gæði íþróttarinnar. Auknar kröfur eru gerðar til þjálfara og frá og með haustmánuðum þessa árs má enginn þjálfari nema að vera búinn að ljúka tilteknum námskeiðum, mismunandi eftir aldursflokki þó. Einnig er í bígerð að innifalið í leyfisgjaldi er slysa-tryggingar allra iðkenda sem og þjálfara.



Iðkandi má aðeins keppa á mótum FSÍ sé hann skráður í kerfið.

Fima tilnefndi Hörpu Rós fimleikamann ársins 2016. Hún æfir með meistaraflokki og hefur lagt stund á íþróttina síðan hún var barn ásamt því að þjálfa yngri iðkendur. Hún er því elsti iðkandi félagsins og sýnir jafnframt að FIMA er komið á fullorðinsaldurinn. Í ár fögnum við nefnilega 25 ára afmæli en félagið var stofnað árið 1992. Í fyrstu fundarbókun félagsins segir:

„Stofnfundur Fimleikafélags Akraness F.I.M.A 10. september '92

Erna Sigurðardóttir bauð fundarmenn velkomna og greindi frá aðdraganda og undirbúningi að stofnun félagsins. Haldinn var fundur í sumar þar sem kosin var bráðabirgðastjórn sem m.a. stóð fyrir glæsilegri sýningu sem fjöldi manns sótti. U.þ.b 70 börn fengu að reyna sig í fimleikum að lokinni sýningu.

Fundarstjóri var kosinn Elís Þór Sig., hann kynnti lög félagsins og þau voru samþykkt

Kosning stjórnar:

Formaður: Erna Sigurðardóttir

Varaformaður: Valdimar Ólafsson

Ritari: Steinun Guðmundsdóttir

Gjaldkeri: Sigríður Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Sigurveig Stefánsdóttir

*Varastjórn: Ragnheiður Helgadóttir
Sigríður Sigurðardóttir*

*Endurskoðendur: Þorbjörg Kristinsdóttir
Helgi Daníelsson*

Árgjald ákveðið 100 kr.“

Afmælinu verður svo fagnað með viðeigandi hætti þegar þar að kemur.

Golfklúbburinn Leynir

Golfárið 2016 var 51. starfsár Golfklúbbsins Leynis.

Golfsumarið 2016 var með hefðbundnu sniði, í kjölfarið á stóru ári í starfi klúbbsins árið 2015. Einmuna veðurbliða einkenndi sumarið og nutu kylfingar þess með miklu spili á Garðavelli. Þessi veðurbliða hafði þau áhrif að vallarstarfsmenn þurftu að leggja hart að sér við að halda grasinu í skefjum.

Skráning á spiluðum hringjum á Garðavelli stóð í stað milli ára. Þegar rýnt er í tölurnar kemur í ljós að aukning er spiluðum hringjum félagsmanna og aukinn þátttaka var í móthaldi á vegum GL.

Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu þriðja ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með prýði og byggir upp reynslu á stóra sviði atvinnumennskunnar. Hún hafnaði í öðru sæti á Íslandsmótinu í högggleik þar sem hún lék stórgott golf og skilaði hún og keppinautur hennar skori sem ekki hefur sést áður í íslensku kvennagolfi á 72 holu móti. Sveitir GL tóku að vanda þátt í Íslandsmóti golfklúbba en karlasveitin spilaði í 2. deild sem haldið var á Garðavelli Akranesi og hafði sigur, spila í 1. deild 2017. Kvennasveitin spilaði í 2. deild á Svarfhólsvelli Selfossi og hafði sigur, spila í 1. deild 2017. Öldungasveit karla spilaði í 1. deild á Húsatóftarvelli Grindavík og fellu niður um deild, spila í 2. deild 2017. Öldungasveit kvenna spilaði í 1. deild í Öndverðarnesi og fellu niður um deild, spila í 2. deild 2017. Sveit 18 ára og yngri spilaði Strandarvelli Hellu og endaði í 9. sæti af 11 sveitum. Sveit 15 ára og yngri spila á Selsvelli Flúðum og endaði í 9. sæti af 20 sveitum. Rekstur klúbbsins gekk að óskum og voru rekstrartekjur um 5% hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða klúbbsins er í takt við væntingar og stóðst rekstraráætlun í meginráttum. Fjárhagsstaða klúbbsins er í góðu horfi og liggur nú fyrir að klúbburinn verði skuldlaus um mitt næsta ár. Handbært fé klúbbsins eru rúmar 5 milljónir.

Árið 2016 var fjórða ár Guðmundar Sigvaldasonar í stöðu framkvæmdastjóra Leynis og ber að þakka honum fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins.

Á árinu voru hafnar viðræður við bæjaryfirvöld um mögulega aðkomu bæjarins að bættri félagsaðstöðu hjá Leyni og eru þær viðræður í góðum farvegi.

Aðalfundur 1. desember 2015

Á aðalfundi GL þann 1. desember 2015 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2016. Úr stjórn gengu : - Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson - Stjórnarmenn til tveggja ára: Hannes Marinó Ellertsson og Eiríkur Jónsson - Varamaður til eins árs: Ingibjörg Stefánsdóttir Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2016 voru: - Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson - Stjórnarmenn til tveggja ára: Hannes Marinó Ellertsson og Eiríkur Jónsson - Varamaður í stjórn til eins árs: Ingibjörg Stefánsdóttir

Áfram sátu Berglind Helgadóttir og Hörður Kári Jóhannesson, kosin til 2 ára. Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 15 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða.

Áframhald var á samstarfi við Einar Lyng golfkennara í golfþjálfun okkar kylfinga með áherslu á afreks, barna og unglingastarf. Aukning var á þátttöku barna og ánægjulegt að sjá aukið líf færast í hóp yngri kylfinga. Ánægja hefur verið með störf Einars á árinu og vonast stjórn eftir að áfram verði byggt ofan á það ágæta starf sem fram fer.

Samtarf við Grastec ehf. og Brynjar Sæmundsson var einnig framhaldið og er mikil ánægja innan stjórnar með það samstarf og vonast stjórn til þess að áframhald verði á þeirri samvinnu sem verið hefur.

Haldið var áfram að framfylgja áætlun um endurnýjun vélaflota golfklúbbsins og var ný flatarsláttuvél, sandraka og vinnubíll keypt á árinu.

Í kjölfar síðasta aðalfundar þar sem umræður voru um möguleika klúbbsins varðandi bættu félagsaðstöðu voru hafnar viðræður við bæjaryfirvöld um mögulega aðkomu bæjarins að slíkri fjárfestingu. Viðræðurnar hafa gengið vel og ríkir mikill skilningur hjá bæjaryfirvöldum á þörfinni um bættu aðstöðu. Málin standa þannig nú að umræðan um þetta fer fram innan bæjarins samhliða fjárhagsáætlunargerð fyrir 2017.

Áframhaldandi viðræður voru við Tom Mackenzie, skoskan golfvallarhönnuð, sem gerði skýrslu með hugmyndum um mögulegar breytingar á Garðavelli. Viðræðurnar voru að mestu leiti um nánari útfærslur á hugmyndunum og möguleikum um breytingar á þeim.

Nú er lokið þessu rekstrarári Leynis og er stjórn GL mjög ánægð með að rekstraráætlun sem lagt var upp með á aðalfundi 2015 hafi staðist og gott betur en það og ber að þakka Guðmundi Sigvaldasyni framkvæmdastjóra fyrir árangurinn og góð störf á árinu. Ennfremur ber að þakka félagsmönnum sem tóku við rann þátt í starfsemi klúbbsins með mjög svo óeigingjörnu sjálfbærðastarfi. Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2016. Starfandi nefndir voru barna- og unglinganefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, öldunganefnd karla, og mótanefnd.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu þriðja ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með þryði og byggir upp reynslu á stóra sviði atvinnumennskunnar. Hún hafnaði í öðru sæti á Íslandsmótinu í högggleik þar sem hún lék stórgott golf og skilaði hún og keppinautur hennar skori sem ekki hefur sést áður í íslensku kvennagolfi á 72 holu móti.

Valdís Þóra spilaði í 13 mótum erlendis og var árangurinn ágætur og stefnir hún ótrauð áfram og er hún staðráðin í því að hasla sér enn frekari völl í heimi atvinnumennskunnar.

Barna- og unglingastarf GL var með um 15 virka iðkendur í afreksefnastarfinu. Tóku iðkendur GL þátt í hinum ýmsu mótum á vegum GSÍ s.s. Eimskipsmótaröðinni, Íslandsbankamótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga. Var árangur með ágætum þegar á heildina er litið. Sérstaklega er ánægjulegur árangur margra ungra kylfinga og unglinga úr röðum GL sem lækkuðu forgjöf sína mikið á

árinu. 15 unglingar fóru á vegum GL í æfingarferð í vor til Spánar, gekk ferðin vel og stefnan er sett á að fara annað hvert ár í æfingarferðir með afreksefnin.

GL sendi að vanda hinar ýmsu sveitir til keppni á vegum GSÍ í Íslandsmót golfklúbba sem áður hét sveitakeppni GSÍ. Karlasveit spilaði í 2. deild á Garðavelli Akranesi og hafði sigur, spila í 1. deild 2017. Kvennasveit spilaði í 2. deild á Svarfhólsvelli Selfossi og hafði sigur, spila í 1. deild 2017. Öldungasveit karla spilaði í 1. deild á Húsatóftarvelli Grindavík og fellu niður um deild, spila í 2. deild 2017. Öldungasveit kvenna spilaði í 1. deild í Öndverðarnesi og fellu niður um deild, spila í 2. deild 2017. Sveit 18 ára og yngri spilaði Strandarvelli Hellu og endaði í 9. sæti af 11 sveitum. Sveit 15 ára og yngri spila á Selsvelli Flúðum og endaði í 9. sæti af 20 sveitum.



Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fjölgaði á árinu 2016 úr 410 í um 435 og er Golfklúbburinn Leynir 11. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ.

Á Vesturlandi eru 9 klúbbar og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 65 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSÍ eru tæplega 17.000. Fjórir stærstu klúbbar landsins hafa frá rúmum 1.100 félagsmönnum og upp í um það bil 3.000, þar sem GR er stærsti klúbbur landsins. Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kylfinga á landsvísu, þó eru heldur færri kylfingar 51 árs og eldri inna raða GL heldur en á landsvísu. Almenn fjölgun var í aldurshópnum frá 30 upp í 70 ára og einna mest í aldurshópnum 61 til 70 ára og er þróun næstu ára sú að sá aldurshópur mun fara stækkandi innan ráða GL.

Mótahald

Mótahald gekk ágætlega sumarið 2016 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til, til mikilla fyrirmyndar. Fjöldi móta í sumar voru 50 sem um 2500 manns sóttu og er það aukning milli ára sem nemur 27%. Gott veður og frábær völlur í góðu standi hefur klárlega haft sitt að segja því þessi aukning milli ára var mjög jákvæð fyrir rekstur GL.

Mótahaldið var að venju fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum ásamt mótahaldi í tengslum við mótaraðir GSÍ og LEK. Hæst stendur þó Íslandsmót golfklúbba í 2. deild karla sem haldið var í júní á Garðavelli og gekk það framar vonum og unnu Leynismenn eftirminnilega það mót.



Meistaramót Leynis var haldið dagana 4. – 9. júlí. Þátttakan var góð og tóku um 130 félagsmenn þátt ásamt fjölda barna og unglinga í meistaramóti yngri kylfinga. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal ÍA við Jaðarsbakka og bornar voru fram veitingar frá Galito.

Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla 1. Stefán Orri Ólafsson, 305 högg 2. Hróðmar Halldórsson, 314 högg 3. Jón Örn Ómarsson, 316 högg

1.flokkur karla 1. Einar Lyng Hjaltason, 317 högg 2. Búi Örlygsson, 326 högg 3. Guðmundur Hreiðarsson, 331 högg

2.flokkur karla 1. Hallgrímur Gíslason Kvaran, 344 högg 2. Guðjón Theodórsson, 345 högg 3. Vilhjálmur E. Birgisson, 346 högg

3.flokkur karla 1. Guðjón Viðar Guðjónsson, 374 högg 2. Emil Kristmann Sævarsson, 382 högg 3. Gunnar Davíð Einarsson, 383 högg

4.flokkur karla 1. Bjarki Jens Gunnarsson Scott, 402 högg 2. Sigurður Sigurjónsson, 409 högg 3. Oddur Pétur Ottesen, 415 högg

Karlar 50+ 1. Hlynur Sigurdórsson, 243 högg 2. Birgir Arnar Birgisson, 247 högg 3. Jón Alfreðsson, 248 högg

Karlar 65+ 1. Reynir Þorsteinsson, 251 högg 2. Jón Ármann Einarsson, 259 högg 3. Jón Smári Svavarsson, 276 högg

16 - 18 ára 1. Jón Karl Kristján Traustason, 416 högg 2. Aron Bjarki Kristjánsson, 444 högg

15 ára og yngri 1. Valdimar Ólafsson, 266 högg 2. Gabriel Þór Þórðarson, 279 högg 3. Ingimar Elfar Ágústsson, 306 högg

Drengir (rauðir teigar Garðav.) 1. Kári Kristvinsson 2. Bjarki Brynjarsson 3. Daði Már Alfreðsson

1.flokkur kvenna 1. María Björg Sveinsdóttir, 352 högg 2. Elín Dröfn Valsdóttir, 368 högg

2.flokkur kvenna 1. Sigríður E. Blumentstein, 387 högg 2. Elín Rós Sveinsdóttir, 390 högg 3. Elísabet Valdimarsdóttir, 398 högg

3.flokkur kvenna 1. Bára Valdís Ármannsdóttir, 309 högg 2. Kristjana Jónsdóttir, 312 högg 3. Ingibjörg Stefánsdóttir, 324 högg

Konur 50+ 1. Hrafnhildur Sigurðardóttir, 273 högg 2. Ellen Ólafsdóttir, 290 högg 3. Ásdís Kristjánsdóttir, 311 högg

Stúlkur (rauðir teigar Garðav.) 1. Kristín Vala Jónsdóttir 2. Hekla María Arnardóttir 3. Elísabet Eir Magnúsdóttir

Stúlkur litli Garðavöllur 1. Salka Hrafns Elvarsdóttir 2. Vala María Sturludóttir 3. Elín Anna Viktorsdóttir

Drengir (grænir teigar Garðav.) 1. Bragi Friðrik Bjarnason 2. Hilmar Veigar Ágústsson 3. Máni Berg Ellertsson

Drengir litli Garðavöllur 1. Arnar Gunnarsson 2. Sigurður Brynjarsson

Opinn flokkur 2004+ litli Garðavöllur Stúlkur Krístrún Bára Guðjónsdóttir María Rún Ellertsdóttir Strákar Guðmundur Sveinn Gunnarsson

Mótahaldið í sumar tókst að vanda vel og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir óeigingjart og vel unnin störf í sumar.

Framkvæmdir á árinu 2016

Í eftirfarandi samantekt er stutt samantekt á verkefnum ársins, ítarlegri samantekt má finna í skýrslu vallarnefndar þar sem verkefnum er gerð góð skil.

Vinnudagar í apríl tókust vel og var unnið við almenna tiltekt, lagfæringar ýmiskonar, uppsetningu bekkja, brautarskilta og annað nauðsynlegt til að undirbúna völinn fyrir opnun.

Umhirða vallarins tók mikinn tíma þetta sumarið en veðurfar var með eindæmum gott, mikill grasvöxtur og oft á tíðum langir dagar hjá vallarstarfsmönnum til að viðhalda vellinum.

Ekki var mikið um framkvæmdir á Garðavelli á árinu en stærsta einstaka framkvæmdin var lokun skurðar á milli 15. og 16. brauta. Töluverð vinna var í kringum þá framkvæmd. Almenn ánægja hefur verið með framkvæmdina og er ásynd svæðisins mun betri eftirá.

Sérstaklega skal þakka öllum þeim félagsmönnum Leynis sem fúsir hafa lagt hönd á plóg með sjálfböðavinnu sinni í þeim ýmsu verkefnum sem við höfum unnið að þetta árið.

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Leynis er sterk og er umfang rekstrarins orðið töluvert mikið. Rekstrartekjur lækkuðu um 11% milli ára og skýrist það af Íslandsmótinu 2015 og afmælisárinu. Tekjur voru þó 5% umfram það sem rekstraráætlun hljóðaði uppá. Rekstrargjöld lækkuðu að sama skapi milli ára en voru 4% hærri en það sem rekstraráætlun sagði til um. Rekstrarafkoma klúbbsins var með ágætum eftir rekstrarárið og nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 5 milljónum króna. Rekstrartekjur voru 79,8 milljónir króna eða 5% umfram áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar 74,6 milljónir króna eða 4% umfram áætlun.

Þegar heildar niðurstaða ársins 2016 er skoðuð þá er hagnaður ársins rúmar 1,2 milljónir króna. Efnahagur klúbbsins er í mjög góðu horfi við lok þessa rekstrarárs og stendur langtímalán klúbbsins nú í um 1,8 milljónum króna og mun það lán verða greitt upp á komandi ári. Á móti stendur að handbært fé klúbbsins stendur í rúmum 5 milljón krónum við lok rekstrarársins.

Staða klúbbsins eftir rekstrarárið 2016 er sterk, bæði hvað varðar rekstrarforsendur sem og efnahag. Áfram sem hingað til er það stefna stjórnar að klúbburinn sé rekinn af varfærni. Framundan er vinna við að endurnýja áætlanir varðandi framkvæmdir og endurnýjun tækjakosts og mun það hjálpa til við að fanga það viðsfangsefni sem rekstur klúbbsins er.

Takist að ná samningum við yfirvöld bæjarins um aðkomu að nýrri og bættri félagsaðstöðu mun rekstrarumhverfi klúbbsins breytast mikið. Hvernig sem þau mál þróast mun stjórn miðla þeim upplýsingum til félagsmanna á félagsfundi.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2015 voru um 20 þegar mest lét frá vori til hausts með mismikið vinnuhlutfall. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdarstjóri er eini launþegi á heils árs grundvelli. Einar Lyng íþróttastjóri og golfkennari er í hlutastarfi og launþegi klúbbsins. Einar Lyng hefur umsjón með afreks og barna- og unglingastarfinu innan klúbbsins. Einnig störfuðu við völinn hópur unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. GrasTec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, sá um faglega umsjón og ráðgjöf á umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann eins og undanfarin ár en samstarfið hefur reynst klúbbnum afar farsælt frá árinu 2013.



Veitingasala

GL rak veitingasöluna eins og fyrri ár en allt frá árinu 2013 hefur veitingasalan verið í höndum GL. Góð reynsla hefur byggst upp meðal starfsmanna GL og markmiðið að bjóða góða þjónustu áfram og gott vöruframboð sem kylfingum líkar þegar þeir heimsækja Garðavöll.

Samningar við aðra golfklúbba

GL gerði í sumar vinavallasamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið. Vinavallarsamningar eru hugsaðir sem góð viðbót og ábati við það árgjald sem félagar greiða og innhéldu samningarnir afslætti af vallargjöldum. Samstarf var við eftirtalda klúbba:

Vesturland Golfklúbbur Borgarnes (GB) Golfklúbburinn Glanni (GGB) Golfklúbbur Jökull (GJÓ) Golfklúbburinn Vestarr (GVG) Golfklúbburinn Mostri (GMS)

Suðurland Golfklúbburinn Hellu (GHR) Golfklúbbur Hveragerðis (GHG) Golfklúbbur Selfoss (GOS) Golfklúbbur Vestmannaeyja (GV)

Norðurland Golfklúbbur Akureyrar (GA) Golfklúbburinn Hamar (GHD)

Reykjanes Golfklúbbur Grindavíkur (GG) Golfklúbbur Suðurnesja (GS) Golfklúbbur Sandgerðis (GSG)

Höfuðborgarsvæðið Golfklúbbur Mosfellsbæjar (GM)

Umferð um Garðavöll

Umferð um Garðavöll minnkaði lítillega milli ára og í sumar léku um 18.400 kylfingar Garðavöll. Skráning miðast við maí til loka september. Leiknir voru 15.900 hringir skv. skráðum rástímum og 2500 mótshringir. Samtals gerir þetta um 18.400 hringi.

Rekja má ástæðu þessarar góðu umferðar um Garðavöll m.a. til ánægju kylfinga almennt með völlinn sem og að veðurfar var með eindæmum gott í sumar.

Samskipti við Akraneskaupstað

GL átti gott samstarf við Akraneskaupstað á árinu eins og undanfarin ár. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbsinum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar. Góðar viðræður hafa farið fram varðandi mögulega aðkomu bæjarins að bættri félagsaðstöðu og mun það skýrast á næstu vikum hvernig framhald á því verður.

Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaaðila væri reksturinn erfiður í alla staði.

Aðal styrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og Garðavallar sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum. Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af mörgum góðum styrktaraðilum og ber þar fyrst að nefna Norðurál sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort, teigmerki, fánar á flötum og brautarskilti er merkt fyrirtækinu.

Landsbankinn er líkt og undanfarinn ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna og unglingastarfið.

Aðrir megin styrktaraðilar sem að starfinu komu voru fjölmargir samanber eftirfarandi upptalningu:

Bernhard - Sjóvá - Húsasmiðjan - Byko - N1 - Síminn - Terma ehf - Kjaran - Ölgerðin - HB Grandi - Samhentir/Vörumerking - TM (Tryggingamiðstöðin) - Icelandair Hotels - Jötunn / Vinnuvélar / Toro - Öryggismiðstöðin - SkjárEinn - Golfbúðin - Golfskálinn - ÍSAM - Bílver - GrasTec - Verkalýðsfélag Akranes - Verslunin Bjarg - Terma - Úra- og skartgripaverslun Guðmundar B.Hannah - Omnis - Topp Útlit - Prentmet - Mannvit - BM Vallá - Rafþjónusta Sigurdórs - Markstofa - @home - Bíóhöllin Akranesi - Vinir Hallarinnar - Verslun Einars Ólafssonar - Skóflan - BÓB vinnuvélar - Galito - Blikkverk - Blikksmiðja Guðmundar - Apótek Vesturlands - Straumnes - Telnet - Trésmiðjan Akur - Ver - PPP - Gámaþjónusta Vesturlands - Club 71 - Arja - Klafi - Sjammi - Skaginn - Spektra - Gámaþjónusta Vesturlands - Orkusalan - Matfugl - 365 / Golfstöðin

Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar og velunnarar Golfklúbbsins Leynis sem styðja við starfið á einn eða annan máta. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkir við þann stuðning sem þessir aðilar sem og fjölmargir hafa veitt klúbbum á árinu og undanfarin ár.

Lokaorð

51. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Starfið var með hefðbundnu sniði þetta árið eftir viðburðaríkt ár 2015. Klúbburinn hélt nokkur stór mót á árinu og ber þar helst að nefna Íslandsmót golfklúbba í 2. deild karla og mót nr.2 á Eimskipsmótaröðinni tímabilið 2016 - 2017. Óhætt að segja að árið hafi verið gott hjá Golfklúbbum Leyni í marga staði, rekstrarniðurstaða góð, efnahagur klúbbsins í góðu jafnvægi og félagsstarfið í miklum blóma. Fyrir ekki mörgum árum var fjárhagsstaða klúbbsins ekki álitleg en nú standa mál þannig að klúbburinn verður orðinn skuldlaus á árinu 2017.

Eins og um hefur verið getið hafa verið viðræður við bæjaryfirvöld um mögulega aðkomu þeirra að bættri félagsaðstöðu klúbbsins. Við í stjórn lítum bjartsýnum augum á framhald þeirra viðræðna. Bætt félagsaðstaða myndi gjörbreyta rekstrarumhverfi klúbbsins og auka möguleikana á bættu félagsstarfi innan hans. Ennfremur aukast tekjumöguleikarnir mikið þegar hægt verður að taka á móti stærri viðburðum tengdum golfinu og mögulega aukinni nýtingu allt árið um kring.

Öflugt félagsstarf hefur einkennt klúbbinn og hefur það félagsstarf helst kristallast í öflugum sjálboðaliðastarfi. Ágætis árangur hefur náðst í að efla það góða starf sem hefur verið í kringum kvennastarf klúbbsins og hefur orðið merkjanleg aukning á þátttöku þeirra. Áfram verður lögð áhersla á að efla og bæta starfið hjá þátttakendum af yngstu kynslóðinni, sem jú er framtíðarauður GL. En gott má alltaf bæta og er það hugur stjórnar að finna leiðir til að efla félagsstarfið „utan vallar“ með einhverjum viðburðum og samkomum. Staða GL er sterk bæði félagslega sem og efnahagslega, GL hefur á að skipa öflugum liði félagsmanna sem boðnir eru og búnir til þess að leggja hönd á plóg. Mikið aðhald í rekstri og skipulagsbreytingar hefur haft þau áhrif að klúbburinn verður skuldlaus á komandi ári, sjóðsstaða er sterk og er það gott veganesti til þess að takast á við verkefni komandi ára.

Almennt hefur hægst á fjölgun kyflinga eftir mikla sprengju á fyrsta áratug þessarar aldar. Áhyggjuefni er fækkun kyflinga af yngstu kynslóðinni á landsvísu. Þróunin hjá GL hefur verið jákvæð hvað þessa þætti varðar, fjölgun hefur verið í fjölda félagsmanna ólíkt því sem margir aðrir klúbbar eru að sjá og frekar hefur verið aukning hjá yngri kyflingum.



Áætlun um endurnýjun tækjakosts klúbbsins hefur verið fram haldið, keypt var flatarslátturvél, sandraka og vinnubíll á þessu ári. Fyrir liggur að endurskoða þarf fjárfestingaráætlun sem sett var fram 2013 ásamt því að endurskoða framkvæmdaáætlun fyrir Garðavöll. Byggt á þessum áætlunum mun stjórn vinna áfram ásamt því að halda áfram að stuðla að sterkum félagsanda í klúbbum. Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbi eins og GL. Garðavöllur var í góðu standi í sumar, en þrátt fyrir það er ekki ástæða til þess að slaka á kröfunum um góðan golfvöll og mun stjórn kappkosta að halda áfram að bæta gæði vallarins og viðhalda honum þannig að hann verði áfram í fremstu röð golfvalla á Íslandi. Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2016.

Hestamannafélagið Dreyri

Aðalfundur 30. nóvember 2016 í félagsheimilinu Odda, Æðarodda.

Í stjórn Dreyra voru kosin á aðalfundi 10. febrúar 2016: Ása Hólmarsdóttir formaður, Hrafn Einarsson varaformaður, Sigríður Þorsteinsdóttir gjaldkeri, Sigurður Ólafsson ritari og Guðmundur G. Sigurðsson meðstjórnandi. Varamenn; voru Benedikt Kristjánsson og Fjóla Lind Guðnadóttir. Stjórn hittist alls 8 sinnum á fundum og einnig voru fjölmörg mál rædd og afgreidd í síma eða rafrænt. Félagar í ársbyrjun voru 246.

Nefndir Dreyra árið 2016

Beitarnefnd : Gísli Runólfsson – formaður, Sigríður Þorsteinsdóttir gjaldkeri, Brynjar Atli Kristinsson, Bjarki Sigurðsson og Hjálmar Ingibergsson. (tók til starfa eftir framhaldsaðalfund í apríl)

Endurskoðendur: Sif Ólafsdóttir og Sigurður Arnar Sigurðsson

Ferðanefnd: Hrafn Einarsson, Ágúst Harðarson og Benedikt Kristjánsson

Fræðslu- og skemmtinefnd : Hrafn Einarsson, Benedikt Kristjánsson og Ágúst Harðarson.

Hússtjórn: Þorbjörg Gunnlaugsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir

Kynbótanefnd: Sigurður Arnar Sigurðsson og Arnar Ingi Lúðvíksson.

Mótanefnd: Belinda Ottósdóttir formaður, Guðmundur Sigurðsson, Einar Gunnarsson og Ólafur Guðmundsson.

Reiðveganefnd: Stefán Jónsson – formaður, Anton Ottesen, Ágúst Sigurjón Harðarson, Óttar Már Ellingsen og Þorstein Hörður Benónýsson.

Uppstillingarnefnd: Ólafur Guðmundsson

Æskulýðsnefnd: Sigríður Þorsteinsdóttir, Fjóla Lind Guðnadóttir, Svanhildur Ríkharðsdóttir og Stine Laatch

Reiðskemmunefnd: (samþykkt á framhaldsaðalfundi í apríl): Sigurður Arnar Sigurðsson, Þorsteinn Hörður Benónýsson, Hjörleifur Jónsson og Hrafn Einarsson.

Fulltrúar úr stjórn funduðu með bæjaryfirvöldum (bæjarráð, umhverfisfulltrúa, skipulagsfulltrúi og byggingafulltrúi) á Akranesi alls 5 sinnum. Á fundunum voru rædd ýmis málefni félagsins sem tengjast sveitarfélaginu s.s umgengismál, umhverfismál, skipulag, kynningarmál vegna reiðskemmu, reiðvegi og fleira.

Fundir voru einnig haldnir með sveitarstjórn, oddavita Hvalfjarðarsveitar um svipuð málefni. Tveir fundir vorum haldnir með formönnum aðildarfélaga ÍA og framkvæmdastjórn ÍA. Einnig fundir með nefndum Dreyra, heimasíðugerðarmanni, starfsmanni ÍSÍ vegna Felix-félagagrunni, og fleira og fleira.

Samstarfsfundir formanna hestamannafélaganna á Vesturlandi voru þrír og haldnir í Borgarnesi í mars, Búðardal í maí og Stykkishólmi í október.

Á framhaldsaðalfundi 14.apríl s.l, sem haldinn var vegna samþykktar og endurskoðunar á ársreikningum fyrir árið 2015, var samþykkt að gera breytingu á lögum félagsins og halda aðalfund í nóvember ár hvert.

Viðburðir í starfsemi félagsins voru með svipuðu sniði og fyrri ár. Þann 12. mars var haldin okkar árlega Góugleði og við það tækifæri voru Ingibergi Jónssyni og Ragnheiði Þorgrímsdóttur veitt viðurkenning fyrir vel unnin störf fyrir Dreyra á liðnum árum og áratugum. Þá fengu einnig hrossaræktendur á Einhamri, Sif Ólafsdóttir og Hjörleifur Jónsson viðurkenningu fyrir besta hrossaræktarþú Dreyra fyrir árið 2015.

Firmakeppni félagsins var haldin að venju þann 1. maí í rólegheita og fallegu vorveðri og tókst með miklum ágætum og styrkjasöfnun tókst vel. Stjórn Dreyra þakkar öllum fyrirtækjum og einstaklingum sem studdu félagið. Þátttaka í keppninni var góð og sömuleiðis voru margir gestir sem komu í stórfenglegt kaffihlaðborð í félagsheimilinu að keppni lokinni. Þulur mótsins var Marteinn Gjallarhorn Njálsson. Dómarar voru Björgvin Helgason og Daníel Ottesen frá sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, og Ólafur Adolfsson og Ingibjörg Valdimarsdóttir frá bæjarstjórn Akranes. Á Firmakeppninni voru einnig veitt í fyrsta sinn Umhverfisverðlaun Dreyra og var það hesthúsið á Æðarodda 33 í eigu Ólafs Fr. Sigurðssonar sem hlaut verðlaunin. En það voru umhverfisfulltrúi og byggingarfulltrúi Akraneskaupsstaðar sem voru í valnefndinni.

Úrslit Firmakeppninnar:

Pollaflokkur:

Allir stóðu sig frábærlega og fengu verðlaun.

Tinna Björg Brynjarsdóttir og Skíma f. Akranesi- Model
Natalía Björg á Ljúf f. Neðra Skarði, – Landsbankinn
Ingibergur Hjálmarsson Góður f. Akranesi, – Norðurál
Bjarndís G Guðbjartsdóttir á Töru f. Skipanesi – Steinsh. hestar
Matthildur Svana á Fjöður f. Skipanesi- Guðmundur Hannah.
Silja Rós Sigurðardóttir á Fjöður f. Neðra Skarði – Skagaverk
Símon Bjarki Sigurðsson á Happadís. – Morgungjafir Rögggu Helga



Barnaflokkur:

1. Ester Þóra Viðarsdóttir á Fleyg f. Akranesi. – Málning hf.
2. Rakel Ásta Daðadóttir á Von frá Neðra-Skarði. – Eiðisvatn hrossarækt
3. Sara Mjöll á Húmor. – Runólfur Hallfreðsson ehf

Unglingaflokkur:

1. Unndís Ída Ingvarsdóttir á Sperru f. Akranesi.- Límtré Vírnet
2. Elfa Dís Daðadóttir á Sesar .. – Beitistaðabúið
3. Anna Sigurborg á Bjarti, – Húsasmiðjan

Karlar:

1. Hjörleifur Jónsson á Eldi f. Einhamri- Gamla Kaupfélagið
2. Ingibergur Jónsson á Örvvari f. Efri- Hrepp. – Æðaroddi 1
3. Benedikt Kristjánsson á Rán f. Ytra- Hólmi – Verslunin Nína

Konur:

1. Sif Ólafsdóttir á Ezra frá Einhamri- Norðurál
2. María Hlín Eggertsdóttir á Arnari f. Barkarstöðum- Próttur ehf
3. Ulrika Ramund á Sóley f. Akurprýði – Bifreiðastöð PPP.

Gæðingakeppni Dreyra var haldin þann 5. júní á Æðarodda. Knapi mótsins var Hanne Smidesang og glæsilegasti hestur mótsins Eldur frá Einhamri 2. Hæst dæmda hryssa mótsins var Lausn f. Skipaskaga

Úrslit úr gæðingakeppni Dreyra 2016

Barnaflokkur.

- 1.Unndís Ida Ingvarsdóttir og Dama f. Stakkhamri 2 8.09
- 2.Ester Þóra Viðarsdóttir og Funi f. Litlu- sandvík 8.03
- 3.Rakel Ásta Daðadóttir og Von f. Neðra-Skarði 7.71

B-flokkur.

- 1.Lausn f.Skipaskaga og Leifur Gunnarsson 8.75
- 2.Roði f. Syðri-Hofdölum og Hanne Smidesang 8.67
- 3.Eldur f. Einhamri 2 og Sigurður Sigurðarson 8.65
- 4.Darri f. Einhamri 2 og Ann-Kathrin Berner 8.37
- 5.Stæll f. Hofsósi og Ólafur Guðmundsson 8.21

A-flokkur.

- 1.Steinarr f. Skipaskaga og Leifur Gunnarsson 8.62
- 2.Ezra f. Einhamri 2 og Sigurður Sigurðarson 8.57
- 3.Niður f. Miðsitju og Ólafur Guðmundsson 8.37
- 4.Prins f. Skipanesi og Svandis Lilja Stefánsdóttir 8.01

Sameiginleg úrtaka hestamannafélaganna á Vesturlandi fyrir Landsmót var haldið í Borgarnesi 11. -12. júní s.l. Starfsmenn frá Dreyra voru Sigríður Þorsteinsdóttir, Ólafur Guðmundsson, Ása Hólmarsdóttir og Fjóla Lind Guðmundsdóttir.

Landsmót Landsambands Hestamannafélaga var haldið á Hólum í Hjaltdal 27. júní til 3. júlí. Á vegum félagsins voru 2 starfsmenn við vinnu á landsmótinu, Stefán Ármannsson og Ása Hólmarsdóttir. Einnig var Valdimar Ólafsson einn af dómurum mótsins.

Í barnaflokki kepptu Unndís Ída á Dömu frá Stakkhamri og náðu einkunni 7.98 og Ester Þóra Viðarsdóttir á Ými frá Garðabæ með einkunnina 8.27 og voru aðeins 0.08 frá því að komast í milliriðil. Ekki hægt annað en að segja að þetta sé afar góður árangur hjá stelpunum á þeirra fyrsta stórmóti.

Í ungmennaflokki keppti Viktoría Gunnarsdóttir á Kopari frá Akranesi með einkunnina 8.20 en því miður gekk sýning Svandísar Lilju Stefánsdóttur á Abel frá Eskiholti ekki upp. Í B-flokki gæðinga fengu Lausn frá Skipaskaga og Leifur Gunnarsson 8.46 og Hanne Smidesang og Roði frá Syðri-Hofdölum 8.42 en komust ekki áfram í 30 hesta- milliriðil en til þess þurfti einkunnina 8.58 sem sýnir hversu ótrúlega hörð keppnin var.

Í hóprið mótsins, á hátíðlegri setningarathöfn, tóku þátt fyrir hönd Dreyra þær Viktoría, Unndís og Ester Þóra sem var fánaberinn og gerðu það með glæsibrag.



Ester Þóra, Unndís og Viktoría á Landsmóti á Hólum



Sigur í B-flokki. Jakob og Nökkvi.

Dreyrafélaginn Jakob Svavar Sigurðsson var stórtækur á þessu móti og átti stóran kafla á eftirminnilegu landsmóti á Hólum. Hann sigraði B-flokk gæðinga á Nökkva- frá Syðra Skörðugili með einkunnina 9.21 og hann varð 2. í töltinu á Glóriu frá Skúfslæk með 8.89. En þess ber að geta að Jakob átti tvö hross (líka Júlíu frá Hamarsey) sem unnu sér rétt til úrslita í töltinu en þurfti að velja á milli þeirra í 6 -hestaúrslitum. Jakob varð svo 3. í A-flokki gæðinga á Skýr frá Skálakoti með 8.92. Jakob sýndi einnig mörg kynbótahross á mótinu með úrvalsárangri. Landsmótið toppaði hann síðan með að fá verðlaun Félags Tamningamanna fyrir íþróttamannslega framkomu, þróðmennsku og fagaða reiðmennsku bæði í keppni og í sýningum á kynbótahrossum.

Jakob Svavar Sigurðsson var síðan valinn gæðingaknapi ársins 2016 á uppskeruhátíð Landssambands Hestamannafélaga 5. nóvember s.l. Jakob var tilnefndur í þremur flokkum af fjórum, þ.e sem gæðingaknapi, kynbótaknapi og íþróttaknapi ársins. Einnig kom hann til greina sem Knapi ársins. Glæsilegur árangur hjá Jakobi sem átti glæsilegt keppnisár. Í umsögn valnefndar segir: “ **Gæðingaknapi ársins er Jakob Svavar Sigurðsson:** “Jakob er þaulvanur keppnismaður í hestaíþróttum og lætur til sín taka í öllum greinum. Hann kom fjórum hestum inn á Landsmót í gæðingakeppninni og öll fóru þau í úrslit. Hæst þeirra fór hinn einstaki gæðingur Nökkvi frá Syðra-Skörðugili en þeir félagar stóðu uppi sem Landsmótssigurvegarar í B-flokki gæðinga. Sýningar Jakobs á Nökkva einkenndust af öryggi og fumlausu sambandi þeirra á milli sem undirstrikaði hæfileika hestsins. “

Stjórn Dreyra hefur valið Jakob Svavar sem hestaíþróttamann félagsins fyrir árið 2016.



LH- þingið var haldið í Stykkishólmi 13. -14.október. Fulltrúar félagsins voru Fjóla Lind Guðnadóttir, Stefán Ármannsson og Ása Hólmarsdóttir. Dreyri hafði heimild til að senda 4 fulltrúa en Hrafn Einarsson komst ekki á þingið.

Af öðru starfi félagsins má nefna reiðnámskeið á vegum Æskulýðsnefndar fyrir börn sem haldið var í apríl og maí, þar sem farið var í bóklegt nám í félagsheimilinu, verklegt í stóra gerðinu og svo reiðtygjagerð í einu hesthúsinu. Þátttaka á námskeiðinu var góð en 12 börn voru skráð á námskeiðið. Kennari var Sigríður Þorsteinsdóttir. Á föstudaginn Langa var „Fjör á vellinum“ á vegum Æskulýðsnefndar að venju. Fjöldi barna, á aldrinum 3-14 ára, mætti í búningum og tóku þátt í skemmtilegri þrautabraut. Sérlega skemmtilegur dagur og velheppnaður. Mótanefndin var með 3 vetrarleika.

Langasandsreiðin var farin á Sumardaginn fyrsta þann 21. apríl og riðið að Dvalarheimilinu Höfða og heimilisfólki gefin sumarblóm. Þessi árlegi sameiginlegi sumar/vorreiðtúr Dreyramanna hitti vel á góða fjöru að þessu sinni og gæðingarnir voru svo sannarlega teknir til kostanna á sandinum.

Járninganámskeið var haldið í 7.-8. maí þar sem Gunnar Guðmundsson járningameistari var kennari og sóttu 7 Dreyrafélagar námskeiðið (2 piltar- 5 stúlkur). Fannahlíðarreiðtúr var haldinn 14. maí og var góð þátttaka.

Undirbúningur yngri flokka fyrir landsmót var haldið á Æðarodda og komu Haukur og Randi á Skáney og leiðbeindu 6 áhugasömum í barnaflokki og ungmennaflokki.

Norðurálmótið var haldið 19. -21. ágúst og tókst afar vel á nýuppgerðum vellinum. Mótahaldið var í höndum mótanefndar Dreyra. Keppnisvöllurinn var loksins fullgerður í ágúst s.l eftir viðgerðarferli sem nær um 3 ár aftur í tímann. Það var ljóst á síðasta ári að völlurinn var því miður ekki nógu góður eftir breytingar og viðgerðir þannig að stjórn ákvað að klára verkið fyrir Norðurálmótið. Það voru Hrafn Einarsson og Guðmundur Sigurðsson sem unnu stórvirki við lokafrágang á vellinum. Félagið þakkar þeim kærlega fyrir óeigingjarnt starf. Félagsheimilið var málað í janúar af sjálfboðaliðum. Stjórn þakkar þeim sem komu að málum og málun fyrir ómetanlegt starf.

Á samstarfsvettvangi á Vesturlandi má nefna, Bikarmót Vesturlands og Æskulýðsdagur Vesturlands 21. maí í Borgarnesi. Árshátíð hestamannafélaganna á Vesturlandi átti að vera þann 19. nóvember á Hótel Glym og var undirbúin af stjórn Dreyra. Því miður var þátttaka það dræm að árshátíðinni var aflýst. Sömu sögu er að segja af árlegri Vesturlandssýningu sem vera átti í vor. Ekkert varð af henni.

Ekki má gleyma að nefna í þessari ársskýrslu vinnu húsnefndar, Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, Ragnheiði Stefánsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir, en þær stöllur hafa gefið alla sína vinnu við þrif á félagsheimilinu eftir útleigu þess. Leigutekjur hafa því gengið allar til félagsins og þar sem hagur hefur vænkast var keypt ný eldavél í félagsheimilið en gamla Teha-vélin hefur verið kvödd og þökkuð sín rólegheita störf.

Stjórn tók upp á þeirri nýbreytni í starfi félagsins að hafa svokallað nefndateiti fyrir nefndarmenn og maka þeirra og var þeim boðið í mat og drukk í félagsheimilinu þann 22. október s.l. Þessi nýbreytni tókst vel og vill stjórn með þessu móti þakka vinnandi nefndarfólki fyrir störf sín.

Fjórir sérstakir vinnudagar hafa verið á vegum félagsins á árinu þar sem farið hefur verið í hreinsun á umhverfi á Æðarodda, tiltekt og fegrun hesthúsahverfis fyrir Norðurálmót, tiltekt í



geymslum félagsheimilis og utanhúss þar sem m.a. var ráðist á ofvaxin tré sunnan við húsið. Það verk er ekki að fullu unnið og ráðgert að klára það á næsta ári. Einnig er enn eftir þegar þetta er ritað að gera rekstrarhring frá Æðarodda og út á Barðanes en búið er að fjárfesta í staurum vegna þessa.

70 ára afmælishátíð ÍA var haldin þann 26. nóvember s.l. í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Öll 19 aðildarfélög ÍA tóku þátt í uppsetningu á hátíðinni og mætti fjöldi gesta á Vesturgötuna. Dreyri var með sýningarbás með ýmsum fylgihlutum hestamennskunnar, ásamt félagsbúningum, myndum, áhöldum og lifandi myndefni. Formaður félagsins, Inga Ósk Jónsdóttir og Fjóla Lind Guðnadóttir stóðu vaktina fyrir hönd félagsins.

Stjórn Dreyra vill þakka öllum þeim sem hafa unnið fyrir félagið á liðnu ári. Það er ómetanlegt að geta leitað til góðra félaga í sjálfböðavinnu. Hvert handtak er dýramætt – við þurfum bara að vera fleiri í vinnuliðinu.

Hnefaleikafélag Akraness

Árið 2016 var níunda starfsár HAK síðan það var formlega stofnað 28. febrúar 2008.

Árið fór vel af stað með mörgum diploma mótum og svo Íslandsmeistaramóti. Diploma krakkanir sem spannaði stóran hluta af keppendum í félaginu í upphafi árs 2016 stóðu sig mjög vel og uxu og döfnuðu með vorinu. Mikael Sævarsson, Tinna Von Gísladóttir Waage og Bjarni Þór Benediktsson unnu öll til verðlauna í diploma í byrjun árs og svo bættist Nökkvi Máni Guðmundsson í hóp verðlaunahafa þegar hann landaði diplomu um haustið.

Bæði Bjarni og Tinna kepptu sýningabardaga á Íslandsmeistaramótinu og sýndu fallega tækni og yfirvegun í leik.

Í lok vorannar kepptu þau Bjarni, Tinna og Stefán Atli Ólason á byrjendamótum.

Bjarni hafði betur á öðru mótinu en þurfti að lúta lægra haldi gegn sterkum andstæðing frá HFK í því seinna.

Tinna og Stefán kepptu bara á fyrra mótinu og töpuðu bæði naumlega.

Sumarið var fremur rólegt þrátt fyrir 3 æfingar í viku sem voru mis vel sóttar. En stór hluti sumarsins var notað í framkvæmdir sem gjörbreyttu fremsta rýminu í salnum. Það má helst nefna að smíðað var afgangið/skrifborð, veggir klæddir og málaðir og ýsmar græjur teknar í notkun.

Þegar tók að hausta fór starfið hraustlega af stað. Það komu fullt af nýjum iðkendum í hópana og æfingum keppnishóps var fjölgað úr 3 á viku í 5 þar sem morgunæfingar bættust við. Þann 8. október hélt HAK mót í nýsmíðuðum hring á Vesturgötunni. Þar kepptu fyrir hönd HAK þau Bjarni Þór, Tinna Von, Katrín Jóna, Tim Quasdorf, Ísak Jökulsson og Hróbjartur Trausti.

Skemmst er frá því að segja að allir stóðu sig með þrýði, flestar viðureignir dæmdar sem „split decision“ sem þýðir að mjótt var á munum. En einungis einn frá HAK fékk sigur og það var Bjarni Þór. Hann var einnig valinn maður mótsins.

Diploma þjálfaranámskeið var haldið í aðstöðu HFH um haustið og sóttu þau Bjarni Þór, Mikael, Katrín Jóna og Örnólfur það námskeið sem jók þekkingu á diploma kerfinu hjá þjálfurunum og varð til þess að fleiri þjálfarar máttu nú starfa sem diploma þjálfarar á mótum.

Einungis Bjarni Þór tók þátt í fleiri mótum það sem ef var ári en þau voru tvö talsins. Hann tapaði fyrir andstæðingi sínum í fyrra skiptið en sigraði svo sama andstæðing, Sólon frá HFÆ á seinna mótinu. Eftir þessi tvö mót varð Bjarni gjaldgengur á næsta Íslandsmeistaramót. Bjarni lokaði svo árinu með því að hreppa titilinn hnefaleikamaður Akraness.

Iðkendafjöldinn á árinu 2016 var í kringum 50 manns, þeim var skipt niður í fjóra hópa:

Krakkabox, þjálfarar: Bjarni Þór Benediktsson og Mikael Sævarsson.

Fitnessbox, þjálfarar: Alexander Maron Þorleifsson og Katrín Jóna Ólafsdóttir.

Keppnishópur, þjálfari: Örnólfur Stefán Þorleifsson.

Jálkar, þjálfari: Örnólfur Stefán Þorleifsson.



Stjórn HAK árið 2016

Formaður : Örnólfur Stefán Þorleifsson

Varaformaður : Jónas Heiðar Birgisson

Gjaldkeri : J.Rakel Gísladóttir/Þorbjörg Gunnlaugsdóttir

Ritari : Stella Bára Eggertsdóttir

Meðstjórnandi : Tim Quasdorf

Stjórn – Breytingar 2016.

J.Rakel Gísladóttir sagði af sér í lok vorannar 2016 og við tók sem gjaldkeri Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, áður meðstjórnandi.

Tim Quasdorf kom inn í stöðu meðstjórnanda.

Aðrar stöður héldust óbreyttar.

Stjórn – Breytingar 2017.

Tim Quasdorf hættir sem meðstjórnandi og Birna Árnadóttir tekur við þeirri stöðu.

Aðrar stöður haldast óbreyttar.

Karatefélag Akraness

Stjórn KAK

Aðalfundur KAK var haldinn 8. apríl 2016 í íþróttahúsinu Jaðarsbökkum.

Á fundinum var starfandi stjórn endurkjörin. Stjórn KAK árið 2016 skipuðu:

Formaður: Eydís Líndal Finnbogadóttir

Gjaldkeri: Berglind Erna Þórðardóttir

Meðstjórnendur: Valgerður Oddsdóttir, Sólrún Eiríksdóttir og Arma Björk Árnadóttir

Um starfið

Starfssemi Karatefélags Akraness var með nokkuð líku formi og undanfarin ár. Félagið er um 40 iðkendur og virðist sem það sé að eflast eftir nokkra lögð. Hjá öllum flokkum hefur verið reynt að blanda saman félagsstarfi og leik í samblandi við karatekennsluna með ýmsum hætti eins og komið verður nánar að í kafla um starfssemi KAK.

Æfingar eru að jafnaði 3. sinnum í viku fyrir framhaldshópa en tvisvar í viku fyrir karateskólann. Æfingar fara fram í speglasalnum í íþróttahúsinu Vesturgötu, Akranesi. Boðið var upp á byrjendanámskeið fyrir börn og unglinga á vor og haustönn. Á árinu var lögð áhersla á grunnkarate en æft er samkvæmt JKA Shotokan karatestílnum. Hjá félaginu er að jafnaði lögð áhersla á allar grunngreinar karate þ.e. grunnþjálfun, Kata og Kumite en á árinu 2016 var einnig lagður grun-nur að frekari Kumite þjálfun.

Á árinu 2016 var félagið áfram með Vilhjálmi Þór Þórson sem aðalþjálfara en hann hefur lengi starfað sem þjálfari hjá Breiðablik og starfar nú hjá báðum félögum.

Það sem stendur uppúr frá árinu 2016 voru skemmtilegar æfingar, æfingabúðirnar Ærslagangur á Skaga sem voru haldnar á haustmánuðum og gott gengi keppnisfólks KAK

Gráðanir

Gráðanir eru einskonar stöðupróf sem iðkendur í karate taka einu sinni til tvisvar á ári. Hjá KAK hafa verið veittar viðurkenningar fyrir þátttöku í Karateskólanum og einnig viðurkenningar fyrir gráðun. Hjá KAK voru tvær gráðanir á árinu 2016, 18. maí var vorgráðun og 14. desember var vetrargráðun.

Þjálfarar

Aðalþjálfari KAK á árinu 2016 var Vilhjálmur Þór Þórson. Hann hefur verið kennari barna og unglinga um langt skeið hjá Karatedeild Breiðabliks og tók við kennslu hjá KAK í ársbyrjun 2016. Auk Villa starfaði Sólrún Eiríksdóttir sem þjálfarar barna og Elsa María Guðlaugsdóttir við afleysingar á vormánuðum.

Á haustmánuðum voru starfandi nokkrir þjálfarar hjá félaginu Villa. Eydís Líndal Finnbogadóttir kom að þjálfun elsta hópsins en einnig sú þau Amalía Sif Jesen og Eiður Andri Guðlaugsson um þjálfun barna. Þá voru þær Elsa og Sóla áfram afleysingaþjálfarar hjá félaginu ásamt því að Geir Guðjónsson aðstoðaði við þjálfunina.

Það hefur reynst félaginu erfitt að fá þjálfara í fullt starf en félagið á hinsvegar mikið af góðum og reynslumiklum þjálfurum sem hafa verið viljugir að leysa af við þjálfunina. Það er von okkar hjá KAK að elstu iðkenndur KAK sækji þjálfaranámskeið á næstunni og geti aðstoðað við þjálfun.

Æfingar hófust að nýju eftir jólafrí þann 8. janúar 2016.



Að venju var haldin **furðufataæfing** í kringum öskudaginn og er það ávallt mikið fjör og orðinn fastur liður hjá KAK. Það er alltaf gaman að brjóta upp hefðbundina kennslu.

Í byrjun mars fengum við góðann gest á Akranes en hún Edda Blöndal sá um föstudagskennsluna. Edda sem kemur úr karatefélaginu Þórshamri er ein þekktasta keppniskona okkar Íslendinga í karate og var gaman að fá hana á æfingu.

Síðasta æfing fyrir páska var **páskaeggjaleit** í formi ratleiks þar sem hver þátttakandi endaði með lítið páskaegg til að hafa með sér í fríið. Í ratleiknum var tekist á við ýmisskonar verkefni s.s. að hanga eins og api.

Vorönnin endaði með skemmtilegum **leikjadegi í Skógræktinni þann 3. júní** þar sem grillaðar voru pylsur áður en haldið var inn í sumarið.

Á haustönninn sem hófst 26. ágúst var félagið með stóran og kátan byrjendahóp. Verðurbliða í upphafi annar skapaði tækifæri til að hafa Karate æfingu utandyra og var **farið niður á Langasand að æfa**.

Æfingabúðir

Við þátttöku á mótum á vegum karatesambands Íslands (KAI) er öllum félögum sem senda keppendur á mótin gert að senda dómara. Staða KAK hefur aðeins einn virkann dómara til að senda á mót sem er of lítið fyrir félagið. Vinna þarf að því að fá eldri iðkendur til að taka dómararéttindi en KAI heldur reglulega námskeið fyrir dómara

Dómaramál og KAI

Æfingabúðir haustsins hófust á æfingabúðunum **Ærslagangi á Skaga** þann 10. September sem nánar verður fjallað um hér síðar. Á árinu 2016 voru haldnar æfingabúðir á vegum KAI auk þess sem eitt Bushido mót var haldið í Vestmannaeyjum.

Með þátttöku á **mótinu í Eyjum** sem fram fór 2. október gafst keppendum KAK tækifæri á að fara í ferðalag saman. Ferðin var m.a. nýtt til að skoða Vestmannaeyjar og auðvitað til að spranga svolítið. Fararstjóri með krökkunum var Sólrún Eiríksdóttir sem jafnframt var liðsstjóri. Ferðin heppnaðir mjög vel og var góður andi meðal krakkanna.



Iðkendur frá KAK tóku þátt í æfingabúðum þegar Scott Langley heimsótti Ísland heim dagana 7—9 október. Æfingabúðirnar voru haldnar í húsakynnum Breiðabliks í Smáranum og var farið með um 10 krakka úr yngri framhaldshópnum. Var tekið þátt í æfingum ásamt því að farið var á Sprengisand að borða. Flottir krakkar sem voru til fyrirmyndar í alla staði. Fararstjóri í þessari ferð var Eydís Líndal.

Reykjavík International game RIG

Þann 30. janúar var keppt í karate á Reykjavík International Games í Laugardalshöllinni. KAK átti þar tvo keppendur, þær Krístrúnu og Guðbjörgu sem kepptu í kata í sitt hvorum flokknum. Báðar stóðu þær sig ótrúlega vel og náði Krístrún Bára í silfurverðlaun í sínum flokki!

Meistaramót barna og unglunga

Karatefélag Akraness tók þátt í meistaramóti barna í KATA sem haldið var 20. febrúar 2016. Átti KAK 5 keppendur á barnamótinu sem allir stóðu sig vel.

Á unglungamótinu sem haldið var saman dag átti KAK 6 keppendur og fékk KAK tvenn brosverðlaun í hópkata, annarsvegar hópkata 12—13 ára þau Ólafur Ían, Krístrún Bára og Krístin og hinsvegar hópkata 16—17 ára þau Amalía, Guðbjörg og Eiður. Þá varð Krístrún Bára Íslandsmeistari í KATA 13 ára stúlkna

Íslandsmeistaramót í Kata.

Árið 2016 var enginn keppandi frá KAK á Íslandsmeistaramótinu í KATA. Þetta er í fyrsta sinnum langt skeið þar sem enginn keppandi er frá KAK á fullorðinsmótinu.

Bushido mótaröðin

Nokkrir keppendur frá KAK tóku þátt í KATA hluta Bushido mótaröðarinnar. Á fyrsta móti keppnisraðarinnar 2016 sem haldið var í Vestmannaeyjum vann Krístrún Bára sinn aldursflokk en Amalía lenti í þriðja sæti í sínum flokkum. Stefnt verður að því að senda keppendur öll mót mótaröðarinnar.

Þátttaka og árangur á mótum 2016

Í útnefningu til Íþróttamanns Akraness tilnefndi Karatefélag Akraness Amalíu Sif jessen, (2.KYU) sem Karatekonu ársins 2016. Amalía Sif hefur æft Karate í 4 ár og hefur m.a. verið þjálfari barna hjá KAK. Amalía hefur verið mikilvægur keppandi Karatefélags Akraness á árinu 2016. Tilnefningin er valin af yfirþjálfara félagsins í samvinnu við formann. Amalía er flott fyrirmynd fyrir unga iðkendur.

Karatekona KAK árið 2016

Æfingabúðirnar Ærslagangur á Skaga voru haldnar helgina 10—11. september 2016 en þessar æfingabúðir voru nú haldnar í þriðja sinn undir þessu nafni. Saga Karate æfingabúða á Akranesi er þó mun eldri. Á æfingabúðirnar mættu iðkendur frá 4 félögum af höfuðborgarsvæðinu og voru tvær æfingar að Jaðarsbökkum. Auk hefðbundinna æfinga var farið í ýmsa leiki auk þess sem æsisþennandi Limbó

Karatesýning vegna 70 ára afmæli ÍA

Þann 26. nóvember tók KAK þátt í opnu húsi í tilefni 70 ára afmælis ÍA. Á afmælisdeginum voru félög undir hatti ÍA með kynningar á Starfsemi sinni og var KAK með tvær sýningar á starfi sínu í stóra salnum. Haldin var opin Karateæfing í speglasalnum þar sem félagið æfir og útbúið var dreifirit til kynningar á starfsseminni. Dagurinn heppnaðist vel og var gerður góður rómur að sýningunni frá KAK.

Keilufélag Akraness

Janúar var frekar rólegur hjá félaginu fyrir utan venjulega deildarkeppni. 4.umferð í Meistarakeppni Ungmenna átti sér stað um miðjan mánuðinn og átti ÍA fulltrúa í flestum flokkum nema 1., 3. og 5. flokki stúlkna svo augljóst er að eitthvað þarf að gera til að lokka fleiri stúlkur að keiluþróttinni.

Á Íslandsmóti einstaklinga átti ÍA 2 fulltrúa í karlaflokki, þá Skúla Frey Sigurðsson og Aron Fannar Benteinsson og í kvennaflokki keppti Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir en ekkert þeirra náði þó inn í úrslit að þessu sinni.

Strax þar á eftir, um miðjan febrúar, var íslenskum ungmennum boðin þátttaka á keilumóti í Qatar þar sem að Jóhanna og Aron voru fulltrúar ÍA. Önnur ungmenni voru frá ÍR og KFR og fóru Guðmundur Sigurðsson ÍA og Theódóra Ólafsdóttir KFR með sem þjálfarar og fararstjórar. Öðrum þjóðum sem boðið var á þessa leika voru Columbía Finnland, Noregur, Svíþjóð, Sádi Arabía og Mexíkó.

Í lok febrúar var Íslandsmót einstaklinga með forgjöf og átti ÍA nokkra fulltrúa þar að vanda. Sigursælastur okkar fulltrúa í flokki karla var Gunnar Guðjónsson í 4.sæti og í flokki kvenna voru Vilborg Lúvíksdóttir í 5.sæti og Margrét Björg Jónsdóttir í 6.sæti. Alls tóku 36 karlar og 26 konur frá hinum ýmsu félögum þátt í mótinu.

5.og 6.mars fór fram Íslandsmót Ungmenna. Þar náðu nokkrir fulltrúar ÍA íslandsmeistaratitli.

1. flokkur pílta varð Gunnar Ingi Guðjónsson ÍA í fyrsta sæti, Þorsteinn Hanning Kristinsson ÍR í 2.sæti og Benedikt Svavar Björnsson ÍR í 3.sæti.

1. flokkur stúlkna Jóhanna Guðjónsdóttir ÍA var ein stúlkna mætt til keppni þar og var 1.sætið sjálfgefið en Jóhanna náði sigri í Opnum flokki stúlkna eftir keppni við Helgu Ósk FreysdótturKFR og Elvu Rós Hannesdóttur ÍR.

Í 2. flokki pílta urðu úrslit þessi: Ágúst Ingi Stefánsson ÍR í 1.sæti, Jökull Byron Magnússon KFR í 2.sæti og Jóhann Ársæll Atlason ÍA í 3.sæti. Jóhann náði einnig 3.sæti í opnum flokki pílta.

4. flokkur pílta: Hinrik Óli Gunnarsson ÍR náði 1.sæti, í 2.sæti var Guðbjörn Joshua Guðjónsson KFR og í 3.sæti var Hlynur Atlason ÍA.

4. flokkur stúlkna: var Sara Bryndís Sverrisdóttir ÍR í 1.sæti, Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir ÍR í 2.sæti og Harpa Ósk Svansdóttir ÍA í 3.sæti.

5. flokkur pílta: Róbert Leó Gíslason ÍA var þar efstur að stigum, Tristan Máni Nínuson ÍR kom þar á eftir og Ísak Freyr Konráðsson ÍA var þriðji. í 5.flokki fá allir medalíu fyrir þátttöku.

EYC2016 á Íslandi

Um páskana fór fram í Keiluhöllinni Egilshöll Evrópumót ungmenna EYC2016. Er þetta í fyrsta sinn sem mótið er haldið hér á landi og kemur það til vegna þess hversu vel gekk að halda hér Evrópumót einstaklinga um haustið 2014. Alls voru um 140 þátttakendur á EYC frá 26 Evrópuþjóðum og vel á annað hundrað þjálfarar og aðstoðarmenn þeim til halds og trausts.

Fyrir hönd Íslands kepptu 4 piltar og 4 stúlkur en það voru þau: Ágúst Ingi Stefánsson ÍR, Jóhann Ársæll Atlason ÍA, Jökull Byron Magnússon KFR og Þorsteinn Hanning Kristinsson ÍR,

Elva Rós Hannesdóttir ÍR, Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir Þór, Helga Ósk Freysdóttir KFR og Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir ÍA.

Guðmundur Sigurðsson ÍA var unglingalandsliðsþjálfari og Jónína Björg Magnúsdóttir ÍA honum til aðstoðar. Gistu allir í íbúð í Mosfellsbæ og nutu diggrar aðstoðar foreldra og aðstandenda og hin ýmsu fyrirtæki styrktu ungmennin og sáu þeim fyrir morgunmat og kvöldmat og var aðbúnaður til fyrirmyndar.

Í tvímenningi pilta lentu Jóhann Ársæll Atlason ÍA og Ágúst Ingi Stefánsson ÍR í 28.sæti og Jökull Byron Magnússon KFR og Þorsteinn Hanning Kristinsson ÍR í 40.sæti af 41.

Í tvímenningi stúlkna lentu Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir ÍA og Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir Þór í 22.sæti og Helga Ósk Freysdóttir KFR og Elva Rós Hannesdóttir ÍR í 24.sæti af 24.

Í liðakeppninni lentu okkar drengir í 17.sæti af 18 og í liðakeppni hjá stúlkunum lentu okkar dómur í 9.sæti af 9.liðum.

Á einstaklingsvísu þá endaði Jökull Byron Magnússon KFR í 55.sæti, Jóhann Ársæll Atlason ÍA í 66.sæti, Ágúst Ingi Stefánsson ÍR í 77.sæti og Þorsteinn Hanning Kristinsson ÍR í 79. sæti af 84.

Á einstaklingsvísu þá endaði Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir ÞÓR í 43.sæti, Jóhanna Óska Guðjónsdóttir ÍA í 48 sæti, Helga Ósk Freysdóttir KFR í 50.sæti og Elva Rós Hannesdóttir í 51.sæti af 53.

Í samanlögðu skori keppenda var Jóhann Ársæll Atlason ÍA efstur íslensku piltanna og endaði í 55.sæti af 84 og Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir ÍA efst íslensku stúlkanna í 44.sæti af 52.

Í framhaldi af EM unglinga hélt Marios Nicolaides tæknimaður ETBF námskeiðið ETBF Lane Inspection. Þáttakendur þeir Stanko Djorovic starfsmaður Keiluhallarinnar og Guðmundur Sigurðsson frá Keilufélagi Akraness sem sóttu það. Þess má geta að þeir eru númer 21 og 22 í Evrópu sem hafa lokið þessu námskeiði hjá ETBF.

Sunnudaginn 17.apríl fóru fram úrslit í Íslandsmóti unglingaliða. Árinu á undan tókst ÍA1 að landa titlinum en að þessu sinni urðum við að lúta í lægra haldi fyrir KFR eftir harða baráttu og fór viðureignin í 3 leiki. Til úrslita þetta árið kepptu því ÍR1 og KFR 1 og vann ÍR1 eftir ævispennandi leik þar sem farið var í roll off þar sem liðsmenn beggja liða fá eitt skot og geta því hæst fengið 30 fellda pinna.



Meistarakeppni Ungmenna er keppni þar sem að keppendur þurfa að spila 5 umferðir yfir veturinn. Hjá ÍA hefur þátttakan alltaf verið góð. Hvetjum við ungmennin til að keppa en enginn er neyddur og hver og einn er á sínum forsendum. Eftir að 5. og síðustu umferð vetrarins í Meistarakeppni Ungmenna lauk, var staða ÍA eftirfarandi:

Í 1.flokki pilta var Aron Fannar Benteinsson ÍA í 3.sæti og Gylfi Snær Sigurðsson í 7.sæti.



Í 2.flokki pílta var Gunnar Ingi Guðjónsson í 2.sæti og Ásgeir Darri Gunnarsson í 5.sæti.

Í 2.flokki stúlkna var Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir í 1.sæti.

Í 3.flokki pílta var ÍA með 5 keppendur af 13. Þar var Jóhann Ársæll Atlason í 1.sæti, í 4.sæti var Ólafur Sveinn Ólafsson, í 7. sæti var Sæþór Kristinn Guðmundsson, í 8.sæti var Arnar Daði Sigurðsson og í 9.sæti var Daníel Trausti Haraldsson.

Í 4.flokki pílta varð Hlynur Helgi Atlason í 2.sæti, Róbert Leó í 4.sæti og Ólafur Hjalti Haraldsson í 6.sæti.

Í 4.flokki stúlkna lenti Harpa Ósk Svansdóttir í 2.sæti og Bergrún Birta Liljudóttir í 6.sæti.

Í 5.flokki pílta varð Ísak Freyr Konráðsson í 2.sæti.

Í deildarkeppni kvenna var ÍA í 2.sæti í 2.deild og lenti í umspili um að komast upp í 1.deild. Þær urðu þó á endanum að lúta í lægra haldi fyrir ÍR-BK.

ÍA-B enduðu í 3.sæti í 3.deild karla. ÍA var með 2 lið í 1.deild karla og eftir veturinn endaði ÍA í næstneðsta sæti og féllu því miður niður í 2.deild en ÍA-W enduðu í 3.sæti.

ÍA átti 3 einstaklinga í afrekshópi karla á árinu, þá Magnús Sigurjón Guðmundsson, Einar Sigurðsson og Skúla Frey Sigurðsson.

Í júní lok skellti formaður Keilufélagsins sér á Evrópumót 50+ í Kaupmannahöfn og var fyrsti íslendingurinn til að taka þátt í 25 ára sögu keppinnar. Það þarf vart að taka það fram að hann fékk mikla athygli og ekki skemmdi þar fyrir velgengni Íslands á EM í fótbolta. Næsta Evrópumót verður haldið í Dublin á Írlandi og eru komnir nokkrir íslendingar sem að hafa bókað sig á það mót. Það eru að meðaltali 900 keppendur og sirka 300 áhangendur svo augljóst er að Ísland getur illa sótt um að halda þetta mót þar sem að ansi marga keilusali þarf til að þetta gangi.

Þegar komið var fram á haustið þá lágu fyrir breytingar hjá félaginu vegna liðaskipta. Skúli Freyr Sigurðsson gekk til liðs við KFR. Kvennalið ÍA náði ekki að manna lið fyrir veturinn svo að Margrét Björg Jónsdóttir og Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir gengu til liðs við ÍR. Þökkum við Skúla, Jóhönnu og Margréti öllum sitt framlag til keilunnar á Akranesi.

Karlaliðin gengu glaðbeitt til leiks í deildunum og er ÍA-W í 1.deild, ÍA í 2.deild og ÍA-V og ÍA-B í 3.deild.

Unglingastarfsemin á haustdögum með sama sniði og áður og mætti segja metfjöldi á æfingum hjá þeim yngstu og oft þröngt á þingi en mikil gleði. Stelpurnar eru 3 sem að æfa og alltaf er markmiðið að ná í fleiri.

FEBAN hefur haldið sínu striki þetta árið og þeir æfa alltaf 2svar í viku. Í september breyttist æfingatími þeirra og er á mánudögum og fimmtudögum frá kl.12-13 í stað 13-14 sem hefur verið þeirra tími frá upphafi. Fjöldi þeirra sem mæta að staðaldri er frá 6-9 manns.

Um miðjan nóvember réði KLÍ þjálfara fyrir afrekshópa karla, kvenna og unglinga og enn og aftur fékk Guðmundur Sigurðsson ÍA það hlutverk að sjá um afrekshóp unglinga ásamt Stefáni Claessen ÍR. en þeir munu fara til Finnlands páskana 2017 með unglingalandsliðið.

Íslandsmet sem keppendur Keilufélags Akraness settu á árinu 2016

Matthías Leó Sigurðsson setti met þann 6.maí 2016 í flokki 10 ára og yngri og spilaði 718 í 6 leikjum sem gerir 119.6 pinna að meðaltali í leik.

Hæsta leikjaröð 3ja manna unglingaliða setti ÍA1 þann 2.apríl og náðu 1639 pinnum í 3 leikjum sem gerir 182.1 í meðaltal á hvern leikmann í leik.

Við viljum koma á framfæri þökkum til foreldra barna og unglinga í keilunni fyrir að vera dugleg að fylgja sínum börnum eftir og að skutlast snemma á laugardagsmorgnum fram og tilbaka til Reykjavíkur með ungmenntin til keppni.

Klifurfélag Akraness

Árið hefur gengið vel hjá félaginu og það er orðið rótgróið í íþróttalífi Akraness sem endurspeglast í síauknum iðkendafjölda og komast færri að en vilja.

Þann 26.janúar 2017 fékk Klifurfélagið styrk frá Akraneskaupstað úr sjóði menningar – íþróttar – eða atvinnumála að upphæð 150.000kr.

Húsnæðismál hafa oft verið rædd innan stjórnar enda mjög þröngt um núverandi aðstöðu. Nú loks virðist vera að hylla undir lausn á því með byggingu nýs fimleikahúss. Við vonumst til þess að fá aðstöðu í því húsi.

Klifurfélag ÍA fékk samþykki landeigenda til þess að bolta nýjar leiðir í Akrafjalli og hafa þær verið mikið notaðar, enda góð viðbót við klifurleiðir á suðvesturhorni landsins. Boltaðar voru fjórar nýjar leiðir og ein endurbætt. Þjálfari stóð að þessu.

Keyptar voru tvær stórar klifurdýnur sem fengust á afar hagstæðu verði. Einnig voru keypt slatti af klifurgripum frá Bretlandi.

Vegna aukinnar aðsóknar var hópunum skipt upp og fjölgað um einn. Núna eru um 45 að æfa hjá Klifurfélag ÍA. Tveir yngstu hóparnir æfa tvisvar í viku og eldri hóparnir eru þrisvar í viku.

Bolir voru merktir með merkjum félagsins og gerðir límmiðar. Þetta hefur vakið mikla lukku og eftirtekt á klifurmótum, enda ekki algengt að klifurfélögin séu í merktum búningum.

Jólaslútt var haldið í þorpinu 20.desember 2016 þar sem boðið var upp á leik í þeim



tækjum sem eru þar ásamt því að horfa á jólabíómynd. Boðið var upp á kakó, mandarínur, epli og piparkökur.

Klifurfélag ÍA mun taka þátt í samnorraenum klifurbúðum á Hnappavöllum í sumar Nordic Youth Camp NYC. Fulltrúar félagsins hafa fundað ásamt hinum klifurfélögunum að skipulagningu mótsins og mun sú vinna halda áfram á vorönn 2017. Áætlað er að nokkrir iðkendur fari frá Klifurfélag ÍA ásamt þjálfara.

Knattspyrnufélagið Kári

Stjórn Kára 2016

Á aðalfundi félagsins 2016 var stjórn Kára skipuð eftirfarandi: Sveinbjörn Geir Hlöðversson formaður, Ingimar Ólafsson varaformaður, Valdimar Kristmunds Sigurðsson gjaldkeri, Ólafur Sævarsson ritari, Leó Daðason meðstjórnandi, Eypór Ólafur Frímannsson varamaður og Guðmundur Dagur Jóhannsson varamaður. Framundan var krefjandi verkefni sem var annað ár félagsins í 3.deild með öllum þeim ferðalögum sem deildinni fylgir. Ákveðið var að bæta umgjörð félagsins enþá frekar og var ákveðið að auka samstarf Kára og 2.flokks ÍA með mjög afgerandi hætti, en það var gert með því að ráða teymi þjálfara sem myndi stýra bæði Kára og



2.flokk ÍA, en til verksins voru fengnir þeir Sigurður Jónsson sem hóf sitt þriðja ár hjá félaginu, Lúðvík Gunnarsson reynslumikill yngri flokka þjálfari hjá ÍA og Skarphéðinn Magnússon ungur og efnilegur yngri flokka þjálfari hjá ÍA og ljóst að þarna færi faglegur og metnaðarfullur hópur á ferð. Það var einnig ljóst að félagið þyrfti að gefa örlítið í varðandi fjármagn félagsins enda fjölgun í starfslíðinu og mikið af ferðalögum framundan. Samstarf Kára og KFÍA var innsiglað snemma árs enda ljóst að þarna væri frábært verkefni sem hefur vakið athygli víða og fengið mikið hrós frá bæði almenningi og fólki í íþróttahæiminum. Stjórnin hélt áfram viðskiptasambandi sínu við Icepharma sem aðalbirgi Kára varðandi Nike fatnað og íþróttabúnað.

Fjárafliar og fjárhagsleg staða

Það var ljóst í upphafi árs að mikilvægt væri að finna nýja leiðir í fjáröflun félagsins enda markið sett á að gera félagið sterkara og með betri umgjörð en áður hafði þekkst, einnig til að mæta auknum rekstrarkostnaði við stækkun þjálfarateymisins. Stjórn Kára ákvað að halda áfram að bjóða til sölu valfrjálsa aðgangsmiða á heimaleikjum félagsins að upphæð 1.000kr þar sem innifalið yrði kaffi, bakkelsi og happdrætti, en að auki var ákveðið að gefa út ársmiða Kára sem seldir yrðu á 7.000kr og myndi gilda á alla heimaleiki Kára ásamt sömu fríðindum og stöku miðarnir. Káramenn fengu nokkur góð fjáröflunarverkefni frá Íþróttabandalaginu sem kom sér mjög vel fyrir félagið. Stjórn Kára samdi við nokkur frábær fyrirtæki í bænum og ber þar helst að nefna Toppútlit, Jötunstál, Landsbankann, VÍS, Apótek Vesturlands, Vigni G. Jónsson og síðast en ekki síst Skagaverk sem var okkar aðalstyrktaraðili og kom Káramönnum á milli staða í sumar með miklum myndarbrag. Káramenn sáu sjálfir um að styrkja kaup á æfingafatnaði sínum með því að greiða fyrir fatnaðinn á heildsöluverði. Ákveðið var að fresta happdrætti Kára sem fara fram átti í lok árs 2016 til byrjunar árs 2017 en metnaður var settur í að gera vinningaskrá Kára glæsilegri en nokkru fyrri og takmarkið sett á að heildarverðmæti vinninga yrði að minnsta kosti 1.5 millón til að hægt væri að selja miðana á hærra verði en áður og ná inn meiri tekjum. Staða félagsins á árinu í heild var nokkuð góð og var ágætis afgangur í lok árs. Reksturinn var nokkuð þægilegur, en einstaka gjöld drógust þó aðeins, en án vandræða. Framtíðarstaða félagsins samt frábær þar sem happdrætti Kára mun gefa félaginu gríðarlega sterka stöðu í byrjun árs 2017.

Iðkendafjöldi og þjálfaramál

Fjöldi iðkenda á árinu var breytilegur eftir tímabilum, en í upphafi árs voru líklega um 40-50 strákar sem mættu að einhverju leyti á æfingar félagsins, en mismikið. 20 strákar tóku þátt í fótbolti.net mótinu sem hófst í byrjun febrúar og rétt rúmlega 30 strákar tóku þátt í Lengjubikarnum og voru þar meðtaldir nokkrir 2.flokks strákar. Fjöldi iðkenda sem tók þátt í Bikarkeppni KSÍ og Íslandsmótinu 3.deild voru um 40 strákar, bæði Káramenn og 2.flokks strákar. Eins og áður hefur komið fram að þá var ákveðið að búa til þjálfarateymi í kringum Kára og 2.flokk ÍA. Sigurður Jónsson og Lúðvík Gunnarsson voru með yfirumsjón með verkefninu en þeim til aðstoðar í teyminu var Skarphéðinn Magnússon.

Helstu viðburðir

Stærsti viðburðurinn á árinu var klárlega þáttaka félagsins á Íslandsmótinu 3.deild, en þar að auki tók félagið þátt Borgunarbikarnum sem er bikarkeppni KSÍ, Lengjubikarnum b-deild og fótbolti.net mótinu c-deild. Að auki lék félagið nokkra æfingaleiki á árinu. Ýmislegt var gert til að halda uppi góðum félagsanda í félaginu og var til að mynda haldið liðspartý Kára hjá formanni félagsins á vormánuðum sem og önnur partý, liðið nýtti sér líka langar heimferðir í að halda uppi léttari rútustemmningu ásamt góðum snæðingi þegar það hentaði. Að lokum var svo haldið lokahóf félagsins með pompi og prakt en það var haldið á Gamla Kaupfélaginu. Tilkynnt var svo um kosningu leikmanna og þjálfara á besta leikmanni ársins sem og efnilegasta leikmanni ársins, en fyrir valinu að þessu sinni voru þeir Sigurjón Guðmundsson leikmaður

ársins, en þetta var annað árið í röð sem hann hlaut nafnbótina og Bakir Anwar Nassar efnilegasti leikmaður ársins. Að auki fékk Jón Björgvin Kristjánsson verðlaun sem markahæsti leikmaður liðsins á Íslandsmótinu, en hann skoraði 5 mörk í 16 leikjum.

Þátttaka og gengi í mótum

Mikil spennan var fyrir gengi Kára á árinu enda liðið komið með frábært þjálfarateymi sem innihélt einn þekktasta þjálfara landsins. Káramenn byrjuðu undirbúningstímabilið mjög vel og höfðu unnið alla æfingaleiki sem liðið tók þátt í. Fyrsta mót vetrarins var fotbolti.net mótið c-deild, en liðið var í riðli með Vængjum Júpiters, Reyni Sandgerði og Tindastól. Káramenn enduðu riðilinn á toppnum með 2 sigra og 1 jafntefli og liðið komið í úrslitaleik mótsins gegn Þrótti Vogum, sá leikur endaði með mjög naumu tapi Kára og þurfti liðið því að afhenda Þrótti bikarinn, en Káramenn voru ríkjandi meistarar eftir að hafa unnið bikarinn fyrstir allra liða árið á undan.

Næsta mót var svo Lengjubikarinn b-deild, en það mót innihélt töluvert fleiri og erfiðari andstæðinga. Káramenn voru í riðli með ÍH, KV, Víði Garði, Ægi og Vestra. Káramenn enduðu í 4. sæti eftir að hafa verið dæmdir með ólöglega leikmenn í fyrsta sigurleik liðsins sem hefði skilað þeim 2. sæti en liðið endaði með 50% árangur í leikjum sínum með 3 sigra og 3 töp og ljóst að liðið kæmist ekki í úrslitakeppni mótsins.

Næst var komið að bikarkeppni KSÍ eða Borgunarbikarnum. Mótherji Kára í fyrsta leik var 2.deildarlið Njarðvíkur, en spilað var í Akraneshöll. Mikið jafnræði var á liðunum í leiknum þrátt fyrir að lið Njarðvíkur væri í deild fyrir ofan, en ef eitthvað var að þá voru Káramenn aðeins sprækari og hættulegri. Það fór samt svo að reynsla Njarðvíkurliðsins skilaði sér að lokum og liðið tryggði sér sigur á Kára með marki á lokamínútum leiksins og niðurstaðan 1-2 fyrir Njarðvík í hnífjöfnum leik. Mark Kára í leiknum skoraði Tryggi Haraldsson úr víti á 47 mínútu.

Þann 16.mái tók svo alvaran við, Íslandsmótið í 3.deild. Markmið Kára var klárt, en það var að halda sig í toppbaráttu deildarinnar. Liðið stimplaði sig svo sannarlega vel inn í mótið, en liðið burstaði KFS 5-1 í fyrsta leik og Káramenn líklegur kandídat í toppbaráttu deildarinnar, næsti leikur liðsins var gegn Vængjum Júpiters á heimavelli og líklega margir sem bjuggust við þægilegum sigri Kára, en svo fór nú aldeilis ekki, einum færri náðu Vængir Júpiters að snúa við töpuðum leik í stöðunni 1-0 í 1-2 sigur, óvænt úrslit þar á ferðinni. Þriðji leikur Kára var svo gegn Reyni Sandgerði og þar var búist við hörkuslag, en Káramenn byrjuðu þann leik frábærlega og enduðu á góðum og sannfærandi 2-4 sigri þar sem Tryggi Haraldsson skoraði glæsilega þrennu fyrir Káraliðið. Leikur 4 var gegn KFR á útivelli, en sá leikur endaði með mjög tæpum 1-2 sigri Káramanna sem skoruðu sigurmark sitt á lokamínútum leiksins. Káramenn komnir í bullandi toppbaráttu eftir 4 leiki. Næst var komið að því að taka á móti Einherja á heimavelli í Akraneshöllinni, ekki gekk það betur en svo að Káramenn glutruðu frá sér góðri stöðu 2-2 einum fleiri og endaði leikurinn með 3-5 tapi Kára. Káramenn fóru því næst í Vogana og þar sigruðu þeir Þrótt 1-2 með marki alveg í blálokinn. Sjöundi leikur Kára var á heimavelli gegn Dalvík/Reyni, en þeir í bullandi fallbaráttu á meðan Káramenn voru enþá stutt frá toppbaráttunni, en eitthvað virtist heimavöllurinn trufla Káramenn og niðurstaðan 1-1 jafntefli. Þessi skrítna hrina hélt svo áfram út sumarið, liðið að skila frábærum úrslitum á útivelli en tapa mjög óvænt á heimavelli þar sem liðið var talið fyrirfram mjög sterkt.



Undantekning varð þó á þegar liðið tapaði 1-0 gegn toppliði Tindastóls á Sauðárkróki, en þá hafði liðið unnið alla sína leik á útivelli. Næstu leikir á eftir voru töp á heimavelli gegn Víði Garði, Reyni Sandgerði og Þrótti Vogum á meðan liðið sigraði á útivelli KFS, Vængi Júpíters og Einherja. Það var svo ekki fyrr en í byrjun september sem Káramenn náðu loksins í sigur á heimavelli, en það var 2-1 sigur gegn KFR en liðið hafði ekki unnið á heimvelli frá því í fyrsta leik 16.maí. Káramenn enduðu svo tímabilið á 2 naumum tapleikjum 2-1 gegn toppliðum deildarinnar Tindastól og Víði Garði, en bæði lið tryggðu sér sæti í 2.deild að ári á mjög sannfærandi hátt.

Niðurstaðan ótrúlegt tímabil þar sem liðið skilaði frábærum úrslitum og miklum fjölda stiga á útivelli eða 21 stigi af 27 mögulegum, en skelfilegum úrslitum á heimavelli þar sem liðið safnaði aðeins 7 stigum af 27. Þrátt fyrir það voru margir leikir jafnir og skemmtilegir þar sem úrslitin réðust á lokamínútunum, bæði sætt og súrt. Árið 2016 var í heild mjög skemmtilegt og reynsluríkt fyrir mjög ungt lið Kára og úrslit liðsins í 3.deild betri en í fyrra, en liðið náði 4.sæti og safnaði 28 stigum sem er jöfnun á besta árangri Kára frá upphafi og ljóst að tröppugangur liðsins upp á við heldur áfram.

Lokaorð og þakkir

Það er ljóst að endurtekning á bættum árangri liðsins á árinu skilaði sér í frábærri aðsókn á heimaleikjum Kára í mest allt sumar og þótti okkur vænt um það góða umtal sem félagið fékk. Það er von okkar í stjórn Kára að félagið eigi eftir að vaxa og dafna á næstu árum og að bæði rekstur félagsins og leikmannahópur Kára muni styrkjast á næstu árum enda mikill efniviður á leið sinni upp yngri flokka KFÍA og ljóst að margir þeirra munu njóta góðs af veru Kára hér á Akranesi.

Knattspyrnufélagið Kári vill svo enda á því að þakka öllum þeim sem komu að starfsemi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir stuðninginn. Félagið vill senda sérstakar þakkir til helstu styrktaraðila félagsins sem og þeim frábæru fyrirtækjum og einstaklingum sem hjálpuðu okkur við gerð happdrættis Kára 2017, að lokum sendum við frábærar kveðjur til þeirra sem mættu á völinn og studdu Kára á árinu 2016 og vonum við að við munum sjá sem flesta aftur á nýju tímabili.

Knattspyrnufélag ÍA

Almennt

Fótboltaárið 2016 var viðburðaríkt og spennandi fyrir Knattspyrnufélag ÍA, ekki síst vegna þess að félagið átti það sumar lið í efstu deild í meistaraflokki karla og kvenna. Fótboltaárið 2016 var líka spennandi fyrir Ísland í heild vegna Evrópukeppninnar í knattspyrnu karla í Frakklandi og knattspyrna fékk mikla athygli á Íslandi og víða um heim.

Um áramótin 2016-2017 voru iðkendur í Knattspyrnufélagi ÍA um 550 talsins á breiðu aldursbili og er félagið stærst þeirra íþróttafélaga sem eru undir merkjum Íþróttabandalags Akraness. Aðstaða til knattspyrnuíðkunar á Akranesi er góð og er hún öll á svæði félagsins á Jaðarsbökkum þar sem eru opin úti æfingarsvæði, knattspyrnuhöll og aðalleikvangur.

Árið 2016 var viðburðaríkt fyrir Knattspyrnufélag ÍA. Meistaraflokkur karla endaði rétt um miðja efstu deild og spilaði oft á tíðum góða knattspyrnu. Garðar Gunnlaugsson varð markakóngur Íslandsmótsins og var þar með fyrsti leikmaður ÍA sem nær því í 15 ár. Meistaraflokkur kvenna féll úr efstu deild eftir árs veru en sterk liðsheild og samheldni var einkennandi fyrir hópinn sem er reynslunni ríkari. Ágætur árangur náðist hjá yngri flokkum hjá báðum kynjum. Meðal annars náði 4. flokkur kvenna þeim glæsilega árangri að verða Íslandsmeistarar í keppni 7 manna liða og 2. flokkur karla hafnaði í 2. sæti á Íslandsmótinu eftir æsilegan toppslag, en nokkrir aðrir flokkar náðu að komast í úrslitakeppni og voru jafnvel nálægt verðlaunasætum.

Samtals voru leiknir 511 opinberir leikir á árinu 2016 í öllum flokkum félagsins og skiptast þeir þannig að 180 leikir voru skráðir í kvennaflokkum og 331 í karlaflokkum. Knattspyrnufélag ÍA lék alls 148 leiki í Akraneshöllinni og 114 leiki á Norðurálsvellinum. Alls voru leiknir 180 leikir í Akraneshöllinni og 120 leikir á Norðurálsvellinum. Slíkt umfang leikja er ekki mögulegt nema með góðri samvinnu fjölmarga iðkenda, þjálfara, annarra starfsmanna, aðstandenda, dómara og vallarstarfsmanna og ber að þakka öllu þessu góða fólki fyrir frábær störf. Einnig ber að þakka fjölmörgum sjálfboðaliðum og styrktaraðilum félagsins og Akraneskaupstað fyrir beinan og óbeinan stuðning við starfið.

Starfsmannamál

Alls störfuðu á þriðja tug þjálfara hjá félaginu á árinu 2016 og leikmenn meistaraflokka fengu greidd einhver laun. Starfsmenn félagsins í fullu starfi voru átta talsins, þ.e. framkvæmdastjóri, skrifstofumaður, yfirþjálfari, þjálfarar mfl. karla og kvenna og þrír þjálfarar hjá yngri flokkum KFÍA. Þjálfari mfl. karla er Gunnlaugur Jónsson en Helena Ólafsdóttir nýr þjálfari mfl. kvenna var ráðin á haustmánuðum. Helena tók við því starfi af Kristni Guðbrandssyni og Steindóru Steinsdóttur sem þjálfuðu mfl. kvenna síðustu tvo mánuði keppnistímabilsins en Þórður Þórðarson lét af störfum í byrjun ágúst af persónulegum ástæðum. Þórði, Kristni og Steindóru eru þökkuð vel unnin störf fyrir félagið.

Á skrifstofunni starfa Elfa Björk Sigurjónsdóttir, viðskiptafræðingur, Jón Þór Hauksson, sem er yfirþjálfari félagsins, en framkvæmdastjóri er Hulda Birna Baldursdóttir sem tók við starfinu á árinu af Haraldi Ingólfssyni sem fór til annarra starfa eftir um þriggja ára farsælt starf fyrir



félagið. Er Haraldi þakkað kærlega fyrir vel unnin störf sem framkvæmdastjóri Knattspyrnufélags ÍA.

Aðalstjórn og Uppeldissvið

Lítilsháttar endurnýjun varð í stjórnnum félagsins frá síðasta aðalfundi. Magnús Guðmundsson var endurkjörinn formaður Aðalstjórnar og Sævar Freyr Þráinsson var endurkjörinn sem varaformaður. Stjórnir Knattspyrnufélags ÍA eru tvær og eru þær skipaðar 15 fulltrúum. Aðalstjórn hélt 15 bókaða fundi á starfsárinu og Uppeldissvið hélt 20 fundi á árinu.

Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórnir félagsins á starfsárinu 2016:

Aðalstjórn

Magnús Guðmundsson formaður
Sævar Freyr Þráinsson varaformaður
Bjarnheiður Hallsdóttir gjaldkeri
Ólafur Ingi Guðmundsson ritari
Viktor Elvar Viktorsson
Örn Gunnarsson
Varamenn:
Dýrfinna Torfadóttir
Þórir Björgvinsson

Uppeldissvið

Lárus Ársælsson, formaður
Arnbjörg Stefánsdóttir
Gísli Karlsson
Jóhannes Hjálmar Smárasón
Rannveig Guðjónsdóttir
Varamenn:
Guðmundur Páll Jónsson
Krístrún Marteinsdóttir

Kjörnefnd var skipuð þeim Gísla Gíslasyni, Jóhönnu Hallsdóttur og Magnúsi D. Brandssyni.

Fjármál og rekstur

Aukning varð bæði í tekjum og útgjöldum á öllum vígstöðvum, þ.e. hjá meistaraflokki karla og kvenna og hjá yngri flokkunum. Rekstrartekjur voru 188,9 m.kr. Rúmlega þriggja milljóna króna tap var á hefðbundnum rekstri félagsins, en félagið fékk EM framlag frá KSÍ, rúmlega 17 m.kr., sem er tekjufært í einu lagi í rekstrarreikningi og því sýnir rekstrarreikningur 12,2 m.kr. hagnað á árinu. Eigið fé í árslok nam 16,6 m.kr.

Eins og greint var frá á heimasíðu félagsins þegar KSÍ úthlutaði EM framlaginu til félagsins var ákveðið að ráðstafa honum ekki til almenns rekstrar heldur nýta hann til þess að auka afreksstarf. Farið var af stað með þá vinnu haustið 2016 að bæta afreksstarf yngri flokka. Kostnaður ársins 2016 var samtals 1,8 m.kr. en áætlun gerir ráð fyrir að styrkurinn muni greiða fyrir afmarkaða liði afreksstarfsins yfir þriggja ára tímabil. Seldir miðar á leiki sumarsins voru um 2950 stk samanborið við 4500 í fyrra og ársmiðar síðasta árs voru aðeins færri en 2015.

Starf yngri flokkanna

Starf yngri flokkanna gekk vel á árinu 2016 og náðist á mörgum vígstöðvum góður árangur. 2. fl. karla varð í öðru sæti á Íslandsmótinu. 4. fl. karla komst í úrslitakeppni í A, B og C liðum og 4. fl. kvenna varð Íslandsmeistari í keppni 7 manna liða. Öll liðin hjá 5. fl karla komust svo einnig í úrslitakeppni. Að öðru leyti var nóg um að vera hjá iðkendum í félaginu í öllum aldursflokkum.



Samantekt um árangur yngri flokka 2016

2. flokkur kvenna stóð sig ágætlega í sumar. Stelpurnar enduðu í 8. sæti A-riðils og komust í undanúrslit í bikarkeppninni. Þjálfari liðsins var Ágúst Hrannar Valsson, en Þorsteinn Gíslason tók við keflinu þegar hann lét af störfum í byrjun ágúst.

2. flokkur karla stóð sig frábærlega á tímabilinu. Sameiginlegt lið ÍA og Kára endaði í 2. sæti A-riðils og B liðið endaði í 5. sæti í sínum riðli. Strákarnir komust svo í undanúrslit í bikarkeppninni. Þjálfarar liðsins voru Sigurður Jónsson og Lúðvík Gunnarsson.

3. flokkur kvenna stóð sig ágætlega á tímabilinu. Stelpurnar enduðu í 7. sæti A-riðils. Þjálfari liðsins var Ágúst Hrannar Valsson, en Þorsteinn Gíslason tók við keflinu þegar hann lét af störfum í byrjun ágúst.

3. flokkur karla stóð sig vel á árinu. Sameiginlegt lið ÍA og Snæfellsness endaði í 3. sæti B-riðils og B liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins voru Elinbergur Sveinsson og Heimir Eir Lárusson.

4. flokkur kvenna var með glæsilegan árangur á tímabilinu þar sem titill vannst. Þær enduðu í 7. sæti A-riðils. Stelpurnar urðu svo Íslandsmeistarar í keppni 7 manna liða. Þjálfari liðsins var Skarphéðinn Magnússon.

4. flokkur karla var með framúrskarandi árangur í sumar. Strákarnir enduðu í 2. sæti A-riðils. B liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli og C liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli. Öll liðin komust í úrslitakeppni þar sem strákarnir stóðu sig með sóma. Þjálfarar liðsins voru Sigurður Jónsson og Guðjón Heiðar Sveinsson.

5. flokkur kvenna stóð sig vel á árinu. Stelpurnar enduðu í 9. sæti í A-riðli. B liðið endaði í 10. sæti í sínum riðli og C liðið liðið endaði í 8. sæti í sínum riðli. Þjálfari liðsins var Kristín Ósk Halldórsdóttir.

5. flokkur karla var með frábæran árangur vel á tímabilinu. Strákarnir enduðu í 2. sæti í A-riðli, B liðið endaði í 1. sæti í sínum riðli. C liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli. Að lokum endaði D liðið í 1. sæti í sínum riðli. Öll liðin komust í úrslitakeppnina þar sem strákarnir stóðu sig með þrýði. Þjálfarar liðsins voru Hjálmur Dór Hjálmsen og Kristinn Guðbrandsson.

Fyrir utan Íslandsmótið tóku yngri flokkarnir þátt í fjölda annarra minni móta. Árangur þeirra var ávallt með ágætum og krakkarnir lögðu sig fram og gerðu sitt allra besta. Er krökkunum og öllum sem að starfinu koma þakkað fyrir frábært samstarf og góða ástundun.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda iðkenda í yngri flokkum sumarið 2016 hjá Knattspyrnufélagi ÍA:

	KK	KVK
2. flokkur	47	23
3. flokkur	34	17
4. flokkur	51	23
5. flokkur	61	20
6. flokkur	57	16
7. flokkur	51	20
8. flokkur	32	7
Samtals:	333	126

Norðurálsmótið 2016

Norðurálsmótið er knattspyrnumót fyrir stráka í 7. flokki og hefur það verið haldið á Akranesi um langt árabíll. Mótið tókst vel sumarið 2016 og var veðrið gott sem skiptir miklu máli fyrir framkvæmd mótsins. Metþátttaka var í mótinu sumarið 2016 en um 1500 keppendur öttu kappi í knattspyrnu helgina 10. - 12. júní 2016 og er talið að allt að 8000 gestir hafi sótt Akranes heim vegna mótsins. Knattspyrnufélag ÍA reiðir sig á mikinn fjölda sjálfboðaliða og almenna velvild bæjarbúa til að allt gangi upp við framkvæmd Norðurálsmótsins enda er það stærsta fjáröflun félagsins ár hvert. Um 650 manns lögðu fram vinnu við mótið Norðurálsmótið 2016 þar á meðal iðkendur úr elstu flokkunum sem meðal annars sinntu dómgæslu. Einnig léku ýmsir styrktaraðilar Knattspyrnufélags ÍA mikilvæg hlutverk til að framkvæmdin gengi sem best en fyrirtækið Norðurál er aðalstyrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna.

Stínubikarinn og Donnabikarinn

Stínubikarinn var afhentur í fyrsta sinn haustið 2015 á lokahófi yngri flokka og er hann farandbikar fyrir efnilegasta leikmanni yngri flokka kvenna. Stínubikarinn 2016 fékk Fríða Halldórsdóttir en hún er 16 ára miðjumaður sem stóð sig vel með 2. flokki kvenna og átti líka flotta innkomu í leikjum með meistaraflokki kvenna. Hún gerði 3 mörk í 11 leikjum með 2. flokki í sumar og spilaði 5 leiki í Pepsi-deild kvenna.

Stínubikarinn er nefndur í höfuðið á Kristínu Aðalsteinsdóttur, Stínu, sem er fyrsta landsliðskona ÍA. Kristín var burðarás í liði ÍA í kringum 1980 og lék sinn fyrsta landsleik árið 1981 og alls 3 landsleiki á árunum 1981-1982. Stínubikarinn á að vera hvatning til ungra stelpna að stefna hátt og vinna sér sæti í meistaraflokki ÍA og landsliðinu eins og Stína gerði á sínum tíma. Gefandi bikarsins er fyrirtækið Þorgeir og Ellert hf.

Donnabikarinn var einnig afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka karla á lokahófi yngri flokka. Donnabikarinn var fyrst afhentur árið 1983. Donnabikarinn var gefinn af fjölskyldu Donna, sem hét fullu nafni Halldór Sigurbjörnsson, en hann var burðarás í fyrsta Gullaldarliði Skagamanna. Hann lék 110 leiki fyrir Skagamenn og skoraði 40 mörk, en einnig lék hann 8 landsleiki fyrir Íslands hönd. Að þessu sinni hlaut Þór Llorens Þórðarson Donnabikarinn en hann er 16 ára miðjumaður. Hann spilaði að mestu með 3. flokki í sumar og lék þar 10 leiki og gerði 5 mörk. Hann lék einnig 3 leiki með 2. flokki í sumar. Þórir vann sér sæti í U17 landsliðinu á árinu og stóð sig vel í verkefnum landsliðsins en hann lék þrjá landsleiki.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla lék í efstu deild sumarið 2016 og náði þeim ágæta árangri að enda í 8. sæti með 31 stig. Liðið lék heilt yfir ágætlega og sótti í sig veðrið þegar leið á mótið.

Leikmenn og þjálfarar liðsins, þeir Gunnlaugur Jónsson aðalþjálfari og Jón Þór Hauksson aðstoðarþjálfari, eiga hrós skilið fyrir árangurinn sumarið 2016 þar sem byggt var á liðsheild og þar sem ungir leikmenn fengu að þroskast í nýjum verkefnum.

Meistaraflokkur karla lék samtals 33 formlega leiki á árinu, í fótolti.net mótinu, Lengjubikar, Borgunarbikar og Pepsí-deild karla. Að meðaltali komu 820 áhorfendur á heimaleiki meistaraflokks karla og samtals voru áhorfendur á heimaleiki þeirra sumarið 2016 rúmlega 9000 talsins.



Í lok keppninnar í Pepsi-deild karla sumarið 2016 hlaut einn leikmaður ÍA liðsins sérstaka viðurkenningu. Það var Garðar Gunnlaugsson sem hlaut gullskóinn en hann skoraði 14 mörk í 22 leikjum. Hann var fyrsti leikmaður ÍA í 15 ár sem hlotnaðist þessi heiður.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna hjá ÍA komst upp í Pepsi-deild kvenna sumarið 2015 en lenti í neðsta sæti deildarinnar sumarið 2016 og féll eftir árs viðveru. Aðalþjálfari liðsins var Þórður Þórðarson og aðstoðarþjálfari Ágúst Hrannar Valsson en þeir létu af störfum í byrjun ágústmánaðar. Þá tóku við þjálfun liðsins þau Kristinn Guðbrandsson og Steindóra Steinsdóttir.

Liðið spilaði ágætlega á köflum í sumar en það dugði því miður ekki til. Ungir leikmenn fengu þó mikilvæga eldskírn í efstu deild og þessi reynsla á vafalaust eftir að nýttast á komandi árum. Helena Ólafsdóttir þjálfari og Aníta Lía Svansdóttir aðstoðarþjálfari munu svo vinna hörðum höndum að því markmiði að byggja upp kvennaknattspyrnuna og tryggja að liðið komist aftur á meðal þeirra bestu eins fljótt og kostur er á.



Meistaraflokkur kvenna lék samtals 29 leiki á árinu 2016, í Faxaflóamótinu, Lengjubíkar, Borgunarbíkar og Pepsi-deild kvenna. Meðalfjöldi áhorfenda á heimaleiki meistaraflokks kvenna var um 100 manns sumarið 2016 og samtals komu rúmlega 1000 manns á þá leiki.

Á ársþingi KSÍ 2017 fékk meistaraflokkur kvenna Kvinnabíkarinn 2016 en bíkarinn er veittur því liði sem þykir hafa sýnt af sér háttvísi og þrúðmannlegan leik í Pepsi-deild kvenna á síðasta keppnistímabili.

Landsliðsverkefni

Alls tóku 39 leikmenn ÍA þátt í úrtaksæfingum landsliða og sjö leikmenn tóku þátt í landsleikjum á árinu 2016 en þar fjölgaði um 10 leikmenn frá árinu á undan. Alls tóku þessir sjö leikmenn (tvær konur og fimm karlar) þátt í 25 landsleikjum og skoruðu tvö mörk.

Fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA í landsliðsverkefnum 2016

U-16 kvenna: • Karen Þórisdóttir • Eva María Jónsdóttir • Karen Rut Finnbogadóttir • Ásta María Búadóttir • Katrín María Óskarsdóttir • Selma Dögg Þorsteinsdóttir • Sigrún Eva Sigurðardóttir • Erla Karítas Jóhannesdóttir U-16 karla: • Ísak Máni Sævarsson • Gísli Laxdal Unnarsson • Marteinn Theódórsson • Mikael Hrafn Helgason • Marvin Steinarsson • Sigurjón Logi Bergþórsson • Benjamín Mehic • Gylfi Karlsson • Ísak Örn Elvarsson • Oliver Stefánsson U-17 kvenna: • Sandra Ósk Alfreðsdóttir • Fríða Halldórsdóttir (5 leikir) • Bergdís Fanney Einarsdóttir (10 leikir, 2 mörk) • Karen Þórisdóttir • Róberta Lilja Ísólfsdóttir	• U-17 karla: • Arnór Sigurðsson (5 leikir) • Ísak Máni Sævarsson • Þór Llorens Þórðarson (3 leikir) • Marteinn Theódórsson U-19 kvenna: • Aníta Sól Ágústsdóttir • Bryndís Rún Þórólfsdóttir • Sandra Ósk Alfreðsdóttir • Eva María Jónsdóttir U-19 karla: • Aron Ingi Kristinsson (1 leikur) • Stefán Teitur Þórðarson • Hilmar Halldórsson • Arnór Sigurðsson • Guðfinnur Þór Leósson U-21 karla: • Albert Hafsteinsson • Þórður Þorsteinn Þórðarson A-landslið karla: • Garðar Bergmann Gunnlaugsson (1 leikur)
---	--

Dómarar og dómgæsla

Á árinu 2016 voru 17 dómarar sem störfuðu fyrir Knattspyrnudómarafélag Akraness (KDA). Samtals dæmdi þessi hópur dómara mörg hundruð leiki fyrir ÍA og KSÍ. KDA/ÍA eiga fimm dómara sem dæma í efstu deild karla og á ekkert annað félag á Íslandi jafnmarga dómara sem starfa í deild þeirra bestu. Þetta eru dómararnir Valgeir Valgeirsson og Ívar Orri Kristjánsson og aðstoðardómararnir Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Steinar Berg Sævarsson og Bjarki Óskarsson. Alls eru 14 dómarar/eftirlitsmenn sem starfa fyrir KSÍ frá KDA og þykir það mjög gott frá ekki stærra bæjarfélagi en Akranes er.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða félagsins og fésbókarsíða eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Stöðugt er unnið að því að gera betur við miðlun upplýsinga til stuðningsmanna og samfélagsins í heild en þróun á sviði upplýsingatækni og samfélagsmiðla er mjög ör og kröfur breytast sífellt.

Ný heimasíða félagsins www.ia.is/kfia/ verður sett í loftið á aðalfundi KFÍA 2017.

Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA með ómetanlegum hætti um 100 talsins en þeir 16 stærstu eru eftirtaldir:

Akraneskaupstaður	Norðurál ehf.
Brim hf.	Bílaumboðið Askja ehf.
Safalinn ehf. (Errea)	HB Grandi hf.
Íslandsbanki hf.	Kaupás ehf. (Krónan)
Verslunin Nína ehf.	Olíuverslun Íslands hf.
Upplýsingatæknifélagið Omnis ehf.	Síminn hf.
Vífilfell hf.	Vátryggingafélag Íslands hf.
Knattspyrnusamband ÍSL	CLUB 71

Afmælishald og viðurkenningar 2016

Aðalfundur Knattspyrnufélags ÍA var haldinn þann 18. febrúar 2016 og var hann óvenju hátíðlegur en á honum var haldið upp á að 70 ár eru liðin frá stofnun Íþróttabandalags ÍA og 30 ár frá stofnun Knattspyrnufélags ÍA innan vébanda Íþróttabandalagsins.

Í tilefni afmælisins veitti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, eftirtöldum einstaklingum gull og silfurmerki KSÍ:

Gullmerki: Karl Þórðarson og Sigmundur Ámundason

Silfurmerki karlar: Pálmi Haraldsson, Kári Steinn Reynisson, Gunnlaugur Jónsson, Sturlaugur Haraldsson og Guðbjörn Tryggvason.

Silfurmerki konur: Laufey Sigurðardóttir, Halldóra Gylfadóttir, Magnea Guðlaugsdóttir, Jónína Víglundsdóttir, Steindóra Steinsdóttir, Margrét Ákadóttir, Ragnheiður Jónasdóttir og Kristín Aðalsteinsdóttir sem var fyrsta landsliðskona ÍA.

Í tilefni afmælisins veitti Knattspyrnufélag ÍA eftirtöldum einnig gullmerki og heiðursviðurkenningar félagsins:

Gullmerki:

Ólafur Þórðarson

Ólafur hefur átt langan og farsælan feril í knattspyrnustarfi hjá ÍA. Hann lék 377 leiki með ÍA og skoraði 59 mörk. Hann varð sex sinnum Íslandsmeistari og fjórum sinnum bikarmeistari sem leikmaður. Ólafur þjálfaði liðið frá 1999 til 2006 og á þeim tíma gerði hann ÍA að Íslandsmeisturum einu sinni, bikarmeisturum tvisvar sinnum og deildarbikarmeisturum einu sinni. Hann á að baki 72 A- landsleiki þar sem hann skoraði fimm mörk.



Sigmundur Ámundason

Sigmundur var í stjórnunarstöðu hjá KFÍA frá 2000 til 2014 þar sem hann sinnti starfi gjaldkera af festu og ábyrgð. Hann er mikill áhugamaður um knattspyrnu og hefur haldið utan um getraunastarf KFÍA um margra ára skeið. Sigmundur hefur einnig sinnt ýmsum öðrum verkefnum fyrir hönd félagsins í gegnum árin.

Halldóra Sigríður Gylfadóttir

Halldóra hefur átt langan og farsælan feril í knattspyrnustarfi hjá ÍA. Hún lék 105 leiki í efstu deild fyrir félagið og skoraði 43 mörk. Hún varð þrisvar sinnum Íslandsmeistari og fjórum sinnum bikarmeistari með ÍA. Halldóra á að baki 13 A-landsleiki þar sem hún skoraði eitt mark. Hún hefur einnig komið að þjálfun yngri flokka KFÍA og sinnti því starfi um árabíl.

Guðjón Guðmundsson

Guðjón var læknir hjá meistaraflokki karla í KFÍA um áratugaskeið þar sem hann sinnti starfi sínu af fagmennsku og heilindum. Hann er mikill áhugamaður um knattspyrnu og hefur verið lykilmáður í að tryggja heilsu leikmanna félagsins. Guðjón hefur einnig sinnt ýmsum öðrum verkefnum fyrir hönd félagsins í gegnum árin.

Heiðursviðurkenningar:

Pétur Ottesen

Pétur hefur komið að ýmsu starfi hjá KFÍA og sinnt þularstarfi á keppnisleikjum Akranesliðsins um árabíl. Hann var einnig knattspyrnudómari hjá KFÍA um margra ára skeið. Þá var hann um skeið bæjarfulltrúi á Akranesi og studdi knattspyrnustarfið vel á þeim vettvangi.

Sigríður Þorsteinsdóttir

Sigríður hefur komið að ýmsu starfi hjá KFÍA. Hún vann lengi að foreldrastarfi innan félagsins og aðstoðaði oft í kringum leiki og mótahald. Einnig sat hún um nokkurra ára skeið í Uppeldissviði KFÍA.

Brandur Sigurjónsson



Brandur hefur lengi komið að ýmsu starfi hjá KFÍÁ. Hann spilaði með félaginu um nokkurra ára skeið og hefur verið í fararbroddi við framkvæmd og vinnu við Norðursálsmótið. Einnig hefur hann komið að foreldrastarfi félagsins.

Þórður Þórðarson

Þórður hefur verið ötull stuðningsmaður félagsins um árabil og komið víða við í þeim efnum. Eins og faðir hans og afi hefur hann í gegnum fyrirtæki þeirra Bifreiðastöð ÞPP stutt knattspyrnustarfið á Akranesi með ráðum og dáð. Knattspyrnufélagið stendur í stórra þakarskuld við hann og fyrirtækið.

Sæmundur Vígundsson

Sæmundur var um árabil meðal fremstu knattspyrnudómara landsins og dæmdi í úrvalsdeildinni á árunum 1987 – 1997. Hann tók einnig þátt í alþjóðlegum verkefnum og kom að verkefnum sem dómari hér á heimaslóð bæði hjá þeim yngri og eldri flokkum félagsins. Sæmundur var svo framkvæmdastjóri KFÍÁ um nokkurra ára skeið.

Að lokum

Þó að knattspyrnan sé aðalatriðið í starfi Knattspyrnufélags ÍA, þá koma gríðarlega margir að starfinu sem leggja fram margvíslega vinnu og fjármuni til að styðja við starfið. Það er erfitt að fara að telja upp alla sem ber að þakka fyrir þeirra ómetanlega framlag og vinnu en þeir helstu eru eftirtaldir:

- Stuðningsmenn Knattspyrnufélags ÍA
- Heimaleikjahópar meistaraflokka
- Sjálfboðaliðar
- Starfsfólk skrifstofu
- Fulltrúar í stjórnnum og ráðum
- Akraneskaupstaður og fjölmargir styrktaraðilar
- Þjálfarar, aðstoðarþjálfarar, sjúkraþjálfarar og aðrir í þjálfarateymi
- Dómarar og aðstoðardómarar
- Foreldrar og aðrir aðstandendur

Fótboltaárið 2017 er spennandi fyrir ÍA og margar áskoranir sem bíða okkar í félaginu innan sem utan vallar. Fótboltaárið 2017 er líka spennandi fyrir Ísland vegna Evrópukeppninnar í knattspyrnu kvenna í Frakklandi næsta sumar. Því fylgja ýmis tækifæri og aukin athygli á kvennaknattspyrnuna sem Knattspyrnufélag ÍA þarf að nýta sem best.

Mikilvægasti þátturinn í þessu öllu saman er þó að Skagamenn gulir og glaðir og standi saman sem ein heild við bakið á sínu fólki á knattspyrnuvellinum. Mætum á völlinn á þessu ári og styðjum okkar fólk.



Kraftlyftingafélag Akraness

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins fór fram í Íþróttahúsinu við Vesturgötu miðvikudaginn 24 febrúar klukkan 19:30

Ákveðið var að setja Steinunni Guðmundsdóttir sem fjölmiðlafulltrúa félagsins, því það var talinn mikil þörf á því að koma meiru um árangur félagsmanna á framfæri.

Í upphafi árs var eiginfjárstaða félagsins sterk á okkar mælikvarða í það minsta, því var búið að ákveða að fjárfesta í búnaði fyrir félagið sem var gert til að svara aukinni eftirspurn og til að búa okkur betur undir stækkun (sem varð í mars sama ár).

Á fundinum var kosið í nýja stjórn og hana skipa.

Formaður: Einar Örn Guðnason

Gjaldkeri: Lára Bogey Finnbogadóttir:

Ritari: Sigurgeir Guðmundsson

Meðstjórnendur: Eva Ösp Sæmundsdóttir og Arnar Harðarson

Varamenn: Arnar Dór Hlynsson og Kári Rafn Karlsson

Kraftlyftingamaður Akraness

Kraftlyftingamaður Akraness árið 2016 var Einar Örn Guðnason og þegar upp var staðið hafnaði hann í 3 sæti í kjörinu . Eftirfarandi er texti úr tilnefningu hans.

Árið 2016 hefur verið einstaklega gott hjá Einari og sýnir það með sanni að maður uppsker eins og maður sáir . Einar vann 2 íslandsmeistaratitla , 2 bikarmeistaratitla og varð bikarmeistari óháð þyngdarflokki á þessu ári ásamt 17 íslandsmetum . Hann er í 4 sæti yfir bestu kraftlyftingamenn landsins sem er mjög góður árangur þar sem að hann er að keppa um stöðu á þessum lista við marga mjög öfluga kraftlyftingamenn og þar með talinn evrópu og heimsmeistara. Einar er mikill karakter og sýnir hann það jafnt á mótum og á æfingum og hefur einstakan hæfileika í að peppa fólk upp þegar þess gerist þörf . Einar vekur yfirleitt mikla athygli hvar sem hann kemur til að keppa fyrir einstakan keppnisanda og hæfileikann til að hrífa fólkið í salnum með sér í sýnum lyftum og einnig er hann að hvetja áhorfendur til að sýna öðrum keppendum aukinn stuðning þegar hann veit að keppandi er að fara í þunga og erfiða lyftu . Það er mikil nýliðun í félaginu hjá okkur núna um þessar mundir og þá sérstaklega ungir drengir og Einar hefur verið þeim mikil hvatning og hefur hann miðlað sinni reynslu til þeirra með mjög góðum árangri .

Árangur á mótum

Það er nokkuð ljóst að árið 2016 hafi verið besta árið hingað til hjá Kraftlyftingafélagi Akraness þegar litið er til árangurs félagsmanna á mótum innanlands og erlendis. Félagsmenn settu fjöldann allan af íslandsmetum í aldurstengdum flokkum sem og opnum flokki. Hér ætla ég að telja upp árangur meðlima í kraftlyftingafélaginu á árinu.

Norðurlandamót unglunga í klassískum kraftlyftingum.

5 sæti í -93kg flokki Unglinga

Arnar Harðarson með seríuna 210-137,5-247,5 samanlagt 595 kg

Byrjenda og lágmarkamót.

1 sæti í -93kg flokki

Viðar Engilbertsson með seríuna 200-130-235 samanlagt 565 kg

1 sæti í -105kg flokki

Einar Örn Guðnason með seríuna 342,5-225-287,5 samanlagt 855 kg

Íslandsmeistaramót unglunga og öldunga.

1 sæti í -120kg flokki

Bjarki Þór Sigurðsson með seríuna 260-200-285 samanlagt 745 kg.

Íslandsmeistaramót í bekkpressu.

1 sæti í -72 kg flokki

Steinunn Guðmundsdóttir með 85 kg.

2 sæti í +84kg flokki

Lára Bogey Finnbogadóttir með 130 kg

1 sæti í -105kg flokki

Stigahæsta lið í kvennaflokki.

Einar Örn Guðnason með 235 kg

Íslandsmeistaramót í klassískri bekkpressu.

5 sæti í -74kg flokki

Svavar Örn Sigurðsson með 115 kg

2 sæti í -105kg flokki

Einar Örn Guðnason með 184 kg

Bikarmótið í klassískum kraftlyftingum.

3 sæti í -74kg flokki

Svavar Örn Sigurðsson með seríuna 155-120-192,5 samanlagt 467,5 kg

1 sæti í -93kg flokki

Arnar Harðarson með seríuna 210-135-240 samanlagt 585 kg

1 sæti í -105kg flokki

Einar Örn Guðnason með seríuna 260-183-280 samanlagt 723 kg





1 sæti í -120 kg flokki

Bjarki Þór Sigurðsson með seríuna 225-142,5-270 samanlagt 637,5 kg

3 sæti í +120 kg flokki

Sigurgeir Fannar Guðmundsson með seríuna 215-132,5-230 samanlagt 577,5 kg

Stigahæsta lið í karlaflokki

Íslandsmeistaramótið í kraftlyftingum

2 sæti í +84kg flokki

Lára Bogey Finnbogadóttir með seríuna 160-120-170 samanlagt 450 kg

Íslandsmeistaramót ungmenna og öldunga í klassískum kraftlyftingum

2 sæti í -120kg flokki

Guðmundur Bjarni Björnsson með seríuna 175-92,5-210 samanlagt 477,5kg

1 sæti í -74 kg flokki

Svavar Örn Sigurðsson með seríuna 165-120-197,5 samanlagt 482,5 kg

1 sæti í -105kg flokki

Bjarki Þór Sigurðsson með seríuna 215-135-260 samanlagt 610 kg

Evrópumeistaramót í bekkpressu

3 sæti í -105kg flokki

Einar Örn Guðnason með 240 kg

Íslandsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum

1 sæti í -74kg flokki

Svavar Örn Sigurðsson með seríuna 177,5-130-207,5 samanlagt 515 kg

1 sæti í -105kg flokki

Einar Örn Guðnason með seríuna 275-184-270 samanlagt 729 kg

2 sæti í +120kg flokki

Kári Rafn Sigurðsson með seríuna 232,5-125-250 samanlagt 607,5 kg

Bikarmótið í kraftlyftingum

1 sæti í -105kg flokki

Einar Örn Guðnason með seríuna 355-240,5-280 samanlagt 875,5 kg

Árið 2016

Árið 2016 hófst með krafti hjá okkur, farið var í miklar framkvæmdir þar sem aðstaða var stækkuð til muna. Settir voru upp 5 nýjir pallar og mikið var keypt af nýjum búnaði í aðstöðuna. Uppúr því var ljóst að iðkendur úr Kraftlyftingafélagi Akraness ættu eftir að setja mark sitt á mörg mót, bæði hérlandis og erlendis, sem varð svo raunin.

Félagar bættu fjöldann allann af íslandsmetum, eða alls 24 á árinu.

Á árinu voru krýndir úr okkar röðum 4 íslandsmeistarar og 3 bikarmeistarar og sumir oftast en einu sinni.



Innviðir félagsins hafa styrkst til muna á þessum tíma og alltaf erum við að verða stærra nafn innan kraftlyftingahreyfingarinnar bæði hérlandis og erlendis.

Aukist hefur töluvert að fólk vilji koma og prófa sem ber að fagna því jú það skilar sér í fleiri iðkendum og kanski seinna keppendum.

Kraftlyftingamaður komst í fyrsta skipti í top 3 í kjörinu um íþróttamann akraness sem þýðir bara eitt, fólk er farið að taka eftir þessum gífurlega góða árangri sem félagsmenn eru að ná.

Þegar horft er yfir farinn veg getur maður ekki annað en hugsað aftur til stofnfundarins 2009, hvort mönnum hafi órað fyrir þeim mikla árangri sem hefur náðst á þessum tíma, sem þegar horft er til íþróttasögunar er mjög stuttur. Því á þessum 7 árum hefur félagið eignast fjöldan allan af meisturum og metum sem vekur eftirtekt frá hverjum sem það sér.

Það verður að teljast víst að kraftlyftingar á Akranesi séu búnar að festa sig í sessi sem ein mesta afreksíþrótt bæjarins og ekki er hægt að segja annað en það að framtíðin sé björt.

Körfuknattleiksfélag ÍA

Stjórn körfuknattleiksfélags ÍA er þannig skipuð á aðalfundi 2016:

Formaður: Örn Arnarson

Gjaldkeri: Ómar Örn Helgason

Ritari: Hannibal Hauksson

Meðstjórnendur: Rúnar Freyr Ágústsson, Birkir Guðjónsson og Guðmundur Kristjánsson

Stjórnin hefur yfirumsjón með starfi félagsins, en hennar helsta hlutverk hefur verið að reka, skipuleggja og fjármagna meistaraflokk félagsins. Yngri flokkar eru enn nokkuð sjálfstæðir og hefur Jón Þór Þórðarson umsjón með þeim. Fjármál deildanna eru aðskilin. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins á miðju starfsári að Ómar Örn, Rúnar Freyr og Birkir létu af störfum, en enginn fannst í þeirra stað. Jón Þór Þórðarson hefur sinnt eins konar framkvæmdastjórahlutverki frá því um mitt ár 2016.

Starf ársins

Meistaraflokkur

Árið 2016 var um margt gott ár hjá félaginu. Á aðalfundi félagsins var ákveðið að breyta nafni félagsins í Körfuknattleiksfélag ÍA, ekki síst í tilefni af 70 ára afmæli Íþróttabandalagsins.

Gengi meistaraflokksins var í samræmi við markmið tímabilið 2015-2016, liðið endaði í 5. sæti í 1. deild þar og vann sér þannig þátttökurétt í úrslitakeppni. Þar féll liðið út gegn Fjölni í fyrstu umferð 3-1.

Á vormánuðum var ákveðið að þeir Fannar Freyr Helgason og Áskell Jónsson myndu hætta þjálfun liðsins og einbeita sér eingöngu að því að spila fyrir liðið. Í þeirra stað voru ráðnir þeir Jón Þór Þórðarson og Stefán Jóhann Hreinsson sem skipta með sér þjálfun meistaraflokks og

B-liðs. Ráðning þeirra er liður í spennandi uppbyggingarstarfi þar sem markmiðið er að ungir leikmenn fái aukið hlutverk í liðinu, þeir fái að þroskast sem leikmenn og verði tilbúnir að leiða liðið þegar næstu árgangar yngri flokka komast á meistaraflokksaldur. Þetta er langtíma verkefni og er nauðsynlegt í þeirri viðleitni að ÍA verði í framtíðinni sjálfbært körfuknattleiksfélag, mannað af heimamönnum.



Körfuknattleiksfélag ÍA og stjórn þess voru hvatamenn að stofnun ÍA TV sem formlega tók til starfa á haustmánuðum 2016. Þetta er mjög spennandi verkefni sem mun án efa gera íþróttir á Akranesi enn sýnilegri og undirstrika það fjölbreytta starf sem hér er unnið innan íþróttahreyfingarinnar.

Yngri flokkar

Mikil gróska var í yngriflokkastarfi félagsins á síðasta ári og stöðug fjölgun iðkenda og þá helst í minnibolta 6 - 12 ára (rúmlega 60 iðkendur). Minniboltastarfið er mjög öflugt og farið var á mörg mót eins og td Norðurálmót Skallagríms, Síamót Fjölnis, Actavismót Hauka og svo að sjálföðgu á stóra Nettómótið í Reykjanesbæ þar sem ÍA var með 9 lið. Á Íslandsmót voru send 3 lið, minnibolta 12 ára, 7.flokkur og 8.flokkur, stóðu þau öll sig mjög vel. Jón Þór Þór átti sæti í fræðslunefnd KKÍ, alls fóru 9 iðkendur fyrir hönd félagsins í úrvalsþúðir KKÍ 10 - 12 ára sem voru í maí og ágúst. Alls var iðkendafjöldinn 18 ára og yngri um 90 iðkendur, þjálfun yngriflokkanna var einkum í höndum Jóns Þórs Þórðarsonar, honum til aðstoðar var Axel Fannar Elvarsson. Í Krílabolta 5 ára voru þjálfarar þei Ómar Örn Helgason og Birkir Guðjónsson. Framtíð félagsins er björt og mikilvægt er að halda áfram að hlúa vel að yngriflokkunum.

Viðurkenningar og verðlaun

Jón Orri Kristjánsson var kjörinn körfuknattleiksmaður ársins 2016.
Sean Tate fékk bikarinn fyrir "Clutch moment" ársins.

Sérstakar þakkir fær Jónas H. Ottósson fyrir myndatökur hjá bæði hjá meistaraflokk og yngriflokkunum, ómetanlegt að eiga slíkt safn af góðum myndum.

Fjárafilanir og helstu styrktaraðilar

Fjármögnun félagsins hefur tekist vel og er óhætt að segja að fjárhagsleg staða félagsins sé tryggð, í bili að minnsta kosti. Stærsta einstaka fjáröflun félagsins var haldin í fjórða sinn á haustmánuðum, þegar happdrætti KÍA fór fram. Einnig voru fastir liðir eins og Hvalfjarðarknattrakið haldið auk sölu á ýmsum vörum.

Félagið reiðir sig enn sem fyrr á styrki frá fyrirtækjum. Stærstu styrktaraðilar KÍA á árinu voru Íslandsbanki, Elkem, Landsbankinn, Galito, Domino's, Skagaverk, Askja og Próttur ehf. Við þennan lista bætast svo fleiri fyrirtæki sem studdu við bakið á félaginu með minni framlögum og kann félagið þeim bestu þakkir fyrir. Heimaleikir félagsins hafa að auki reynst stöðug tekjulind, sem er mikið framfaraspor frá fyrri tíð. Seint á árinu náðist svo samkomulag við Brim Seafood um styrki á komandi árum, með samkomulaginu verður Brim stærsti styrktaraðili félagsins.

Framtíðarsýn

Líkt og dregið hefur verið á fyrr í þessari skýrslu er hafin vinna við þá framtíðarsýn sem birtist í skýrslu stjórnar 2015. Jón Þór Þórðarson er nú í fullu starfi hjá KÍA, sem þjálfari yngri flokka, meistaraflokks ásamt Stefáni Jóhanni Hreinssyni og sem eins konar framkvæmdastjóri. Ungir leikmenn hafa fengið aukin tækifæri með liðinu á yfirstandandi tímabili sem er mikilvægur hlekkur í því að ÍA náði að halda úti frambærilegu liði þann tíma sem við bíðum eftir því að næstu árgangar yngri flokka skili sér upp í meistaraflokk. Nokkrir af lykilmönnum undanfarinna ára hafa dregið sig í hlé, alfarið eða að hluta, en það er félaginu afar mikilvægt að þeir verði áfram tilbúnir að leggja sitt af mörkum á meðan þetta uppbyggingarstarf er í gangi. Félagið mun áfram vera opið fyrir því að taka á móti leikmönnum sem vilja koma og hjálpa til við að byggja upp liðið. Það stendur ennþá að árið 2020 ætla KÍA að vera komið á þann stað að vera með óslitna flokka í keppni frá minnibolta upp í meistaraflokk. Við gerum ráð fyrir áframhaldandi vexti í félaginu og lítum björtum augum til framtíðar.

Lokaorð

Heilt yfir var árið 2016 gott ár hjá Körfuknattleiksfélaginu. Fjármálin eru komin í jafnvægi, t.a.m. hófum við yfirstandandi tímabil í plús sem hefur ekki gerst lengi. Yngri flokkarnir stækka ár frá ári og því er framtíðin björt, í það minnsta til lengri tíma litið. Meistaraflokkurinn náði markmiði sínu um að komast í úrslitakeppni 1. deildar og markmið stjórnar um að auka sýnileika félagsins hefur náðst. Körfuknattleiksfélagið náði að hrinda ÍA TV í framkvæmd fyrir hönd ÍA og eru fyrstu viðbrögð afar góð. Þess ber að geta að ÍA TV nýtur liðsinnis Omnis á Akranesi.

Uppbyggingin heldur áfram.

Stjórn KÍA horfir bjartsýn fram á veginn, með þolinmæði að vopni.

Áfram og upp!

Sigurfari - Sjósportsfélag Akraness

Félagið stofnað 3. mars 2017, stofnfélagar voru 10.

Fjöldi funda: 8 stjórnarfundir og 5 félagsfundir.

Merki félagsins

Merki félagsins birt, hönnuður Ólafur Rúnar Sigurðsson.

Snemma draumur um siglingaskóla. Styrkbeiðnum öllum hafnað en áfram verður unnið að því. Þriðjudagsróðrar kajakmanna á laugardögum. Talað um að félagsmenn yrðu niðri við höfn á ákveðnum tímum.

Atburðir

3. maí, var kajakkyrning í skátahúsinu frá GG. Sjósport, Gísli kom með sinn búnað.

16. maí, Feðgar á ferð, Magnús Hlynur Hreiðarsson og sonur fjölluðu um Sjóbaðsfélag Akraness. Sigurfaramenn og konur voru í bakgrunninum.

Sjómanna dagurinn, 5. júní. Erindi kom frá Björgunarfélagi Akraness um þátttöku okkar.

Faxaflóamót kjölbáta 24 - 26 júní. Tókum á móti þeim, settum upp aðstöðu í hafnarhúsinu.

20 júlí, var kajakkyrning við höfnina frá Epic-kajökum, og aftur 15. feb. 2017.

Skarfavararsund 5. ágúst og Helgusund 28. ágúst, félagsmenn á kajökum og skútum fylgdu sjósundsfólki.

Faxaflóasundið 3. september, Sundfélag ÍA, félagsmenn á kajökum og skútum tóku á móti.

Fjölskyldudagur Sigurfara 3. september. Fáir mættu.

Félagsfundur í Norðanfiski 30. september, messufall.

Merkisatburðir

(21. júlí) Kristófer Óliversson og Svanfríður luku heimssiglingu.

6. júní Eiríkur Kristófersson og Friðbjörg komu siglandi frá Svíþjóð á skútunni Unu.

Formannafundur ÍA, Eyjólfur formaður mætti

13. desember. Jóláðventufundur, Guðmundur ritari mætti.

Afmælishátíð ÍA 26. nóvember, Optimist kæna í láni frá Brokey til sýnis í Íþróttahúsinu við Vesturgötu.

Jólagleði og uppskeruhátíð SÍL 17 desember. Eyjólfur formaður mætti ásamt spúsu sinni.

Ársþing SÍL 28. febrúar, ritari mætti ásamt fulltrúa.

Félagsfundur 15. febrúar Epic-kajaka kynning.





UMF Skipaskagi

Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa þau, Anna Bjarnadóttir (AB) formaður, Skafti Steinólfsson(SS) gjaldkeri, Gunnar Högnason (GH) ritari. Meðstjórnandi er Jóna Adolfsdóttir (JA). Félagsmenn eru um 110 árið 2016.

Skýrsla stjórnar

Í febrúar fór AB á fund í þjónustumiðstöð UMFÍ með formönnum og framkvæmdastjórum sambandsaðila UMFÍ, auk starfsfólks þjónustumiðstöðvarinnar. Margar nýjar hugmyndir kynntar og ræddar. Framkv.stj.

Formaður (AB), sat þrjá fundi hjá Aðalstjórn ÍA.

Skipaskagi veitti fjárfstyrk til Silfurstjórnunnar, Íþróttaklúbbs FEBANs og til Kraftlyftingafélags ÍA

Formaður (AB) og meðstjórnandi (JA) sátu þing ÍA. Formaður (AB) og gjaldkeri (SSS) sátu samráðsfund og sambandsþing UMFÍ

Apríl, línudansmót 60+ haldið í íþróttahúsinu Vesturgötu á Akranesi, Skipaskagi styrkti mótið með verðlaunum.

Wapp, göngu app, styrktum þetta verkefni, og tókum út gönguleiðina á Geirmundartind til að setja í Wappið.

Í maí tók Skipaskagi þátt í Move Week ásamt Akranesbæ og ÍA, margt var í boði til hreyfingar og var Skipaskagi með 2 morgungöngur kl. 06.00 á Guðfinnuþúfu í Akrafjalli.

Formaður (AB) fór með gestabókina á Guðfinnuþúfu í Akrafjalli, auglýsti ferðina og bauð sigurvegurum síðustu ára sérstaklega velkomna í ferðina. Í desember var farið og náð í gestabókina og farið yfir hana til að finna göngugarpa ársins sem að þessu sinni voru hjónin Þröstur Vilhjálmsson og Linda Dröfn Pétursdóttir.

SamVest verkefnið

Samböndin eru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB), Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Ungmennafélagið Skipaskagi (USK) Akranesi, Héraðssambandið Hrafnaflóki (HHF) á sunnanverðum Vestfjörðum, Héraðssamband Strandamanna (HSS) og Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK).

SamVest stendur að sameiginlegum æfingum í frjálsíþróttum á Vesturlandi og í FH höllinni, gott að eiga þessa vini í Hafnarfirði til að komast í góða aðstöðu. Erum með samning við FH til 2018, þeir sjá okkur fyrir gestaþjálfurum þegar farið er þangað. Markmið samstarfsins er að gefa iðkendum tækifæri til að prófa að æfa við góðar aðstæður sem fyrirfinnast á höfuðborgarasvæðinu. Æfingarnar eru fyrir 10 ára og eldri. Einnig er staðið að frjálsíþróttamótum barna og fullorðinna. Farið með sameiginlegt lið á stærri stigamót FRÍ. Þetta samstarf gengur vel. Mjög góð þátttaka hefur verið í æfingabúðum SamVest, þó hefur okkur ekki tekist að senda krakka á þessar búðir en horfum björtum augum til framtíðar.

FEBAN íþróttaklúbbur

Boccia æfingar eru frá september – maí, á þriðjudögum og föstudögum á Kirkjubraut og á miðvikudögum í íþróttahúsinu við Vesturgötu.

FEBAN heldur innanfélagsmót og þá er kept í einmenningsmóti, tvímenningsmóti og sveitakeppni, þátttakendur á hverju móti voru um 20. FEBAN ásamt FEBBN sáu um einmenningsmót í íþróttahúsinu Vesturgötu, 52 þátttakendur. FEBAN ásamt FÁÍA stóðu fyrir Íslandsmóti 60+ í íþróttahúsinu Vesturgötu og mættu 31 lið víða að af landinu. Einnig fór hópur til Ísafjarðar á Landsmót 50+ og kepptu í boccia.

Púttið byrjaði í maí og var fram í september, æfingar eru á mánudögum og fimmtudögum. Innanfélagsmótin eru þrjú og er þá keppt um Maríustyttuna, Guðmundarbikara og Reynisbikara, á hvert mót mættu yfir 20 þátttakendur. Fjórir þátttakendur frá FEBAN tóku þátt í púttmóti FÁÍA í Reykjanesbæ. FEBAN og Borgarbyggð keppa í pútti um Húsasmiðjubikarinn, keppt er á Hamarsvelli, Leynisvelli og í Nesi í Reykholtssdal. Samanlögð úrslit urðu þau að FEBAN vann. Nokkrir félagar tóku þátt í Landsmóti 50+ á Ísafirði.

Keilan byrjar í október og er fram í maí ár hvert. Æfingar eru á mánudögum og fimmtudögum. Haldið er innanfélagsmót í keilu og voru átta keppendur.

Línudans, það eru um 30-35 manns sem æfa einu sinni í viku en æfum oftast ef mikið stendur til. Farið var á Golden Age Gym Festival í Portoroz í okt sl, þetta er sýningarhátíð og eru einnig mörg skemmtileg og áhugaverð námskeið sem þátttakendur geta tekið þátt í á meðan hátíðin er. Héldum mót í línudansi í apríl 2016 í íþróttahúsinu Vesturgötu sem tókst mjög vel. Leiðbeinendur eru Sigríður Alfreðsd og Hugrún Sigurðard. Alltaf líf og fjör hjá okkur ☺.

Silfurstjarnan línudanshópur :

Lítið verið gert nema þá á æfingum, erum alltaf að dansa á mánudagskvöldum í speglasalnum í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Fórum í vorferð, óvissuferð og á línuböll hjá öðrum línudanshópum í Reykjavík og nágrenni. Fengum styrk frá Skipaskaga sem við gátum nýtt okkur í þessar ferðir.

Dansskóli Írisar

Árið 2016 gekk mjög vel, tókum þátt í öllum keppnum sem voru í boði. Öllum gengur vel, Aldís og Jóel, Heiður og Helgi eru að taka 1. – 2. sætið í öllum sínum keppnum í þeirra flokkum. Elli og Fura eru í 4.-5.sæti í sínum flokki í keppnum. Líf og Sigrún eru í 1.sæti en þær eru komnar lengst á landinu í sínum dömu flokki og hafa ekki neinn til að keppa við. Júlíus og Margrét eru í 4. – 6. sæti. Fróði og Kinga eru í 2.- 3. sæti. Mateusz og Íris eru í 2. – 3. sæti, svo það er góður árangur hjá öllum okkar þörum.





Hjóladeild Skipaskaga

Stofnuð var hjóladeild innan Skipaskaga í nóvember. Þar eru um 20 iðkendur og eru þeir mest við hjólaæfingar í vetur en fara á götur bæjarins og nágrenni með vorinu.

Önnur mál

Gestabókin á Guðfinnupúfu er orðið að föstu verkefni félagsins, alltaf eru fleiri og fleiri sem leggja leið sína á þúfuna og keppni hefur myndast í því að fara sem flestar ferðirnar. Skipaskagi hefur veitt verðlaun til þeirra kk og kvk sem fara flestar ferðirnar og svo eru dregnir út þrír aðrir þátttakendur sem hafa ritað nafn sitt í bókina. Bókin var á þúfunni frá 10. maí – 21. desember sl. ár.

Líklega getur félagið byrjað á nýju ári (2017) æfingar í frjálsíþróttum. Erum búin að fá tíma í höllinni til æfinga og samningar eru í gangi við þjálfara.

Skotfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi var voru eftirtaldi kosnir í stjórn SKA Jón S. Ólason, formaður. Óskar Arnórsson, Stefán Gísli Örlygsson Ólafur Steinn Ólafsson og Elías M. Kristjánsson í aðalstjórn. Hafsteinn Þór Magnússon og Guðrún Hjaltalín í varastjórn.

Á árinu 2016 tóku keppendur á vegum Skotfélags Akraness þátt í 9 mótum í skeet og loftbyssu, af mótaskrá Skotíþróttasambands Íslands. Stefán Gísli Örlygsson náði bestum árangri keppnismanna SKA á landsmóti STÍ í skeet, sem haldið var á Akranesi sl. sumar Stefán hafnaði í öðru sæti eftir bráðabana um fyrsta og annað sætið. Ólafur Steinn Ólafsson vann svo sinn flokk á Íslandsmótinu og haut titilinn Íslandsmeister í þriðja flokki að launum.

Félagið hélt eitt landsmót í skeet sl. sumar og landsmót í loftbyssu og loftrifflí í samvinnu við Skotfélag Vesturlands. Þá er Vesturlandsmótið orðið fastur liður á mótaskrá STÍ en það hefur einnig verið samstarfsverkefni SKA og SV síðastliðin ár.

Nú í haust var haldin Vesturlands mótaröð í loftbyssu að frumkvæði Borgnesinga. Keppnin byggir á sömu hugmynd og sænska mótaröðin sem félögin hafa tekið þátt í undanfarin ár. Þ.e. keppt í þriggja manna liðum og liðin hafa ca 12 daga til að klára hverja umferð. Framundan er svo mót sem félögin standa saman að en þar keppa tvö 5 manna lið sín á milli í stigakeppni í aðstæðum sem er ætlað að trufla einbeitingu keppenda eins og frekast er hægt.

Næsta árið verður mótahald með svipuðum hætti og á liðnu ári nema hvað félagið hefur tekið að sér til viðbótar að halda Íslandsmótið í Nordisk trap næsta sumar.

Ekkert lát hefur verið á framkvæmdum á skotvælinum. Áhugasamir félagar í SKA hafa í sjálfböðavinnu verið óþreytandi við að gera aðstöðuna okkar stórglæsilega. Þessa dagana er unnið að því að klæða ríffilskýlið en áherslan hefur verið á að klára þann völl. Þarna er verið að byggja skýli á stálgrind með steyptri plötu enda má segja að félagsmenn séu búnir að læra af reynslunni að á þessum stað verður að byggja úr sterku efni og festa vel niður.

Með stöðugt batnandi aðstöðu eykst notkunin á útiaðstöðunni. Á liðnu ári voru skotnar yfir 35,000 leirdúfur á haglabyssuvöllum og ekki er vafi í huga þess sem þetta ritar að það verður enn meira skotið í ár. Það sem af er þessu ári er búið að skjóta ca 7.500 dúfur og þá vert er að hafa í huga að á þessum árstíma er allajafna lítið eða ekkert skotið á útsvæðum.

Skotíþróttasambandið stóð á árinu fyrir þjálfaranámskeiði og voru fengnir kennarar á námskeiðið frá alþjóðaskotsambandinu. Elías M. Kristjánsson var okkar fulltrúi á þessu námskeiði og náði sér í D-þjálfararéttindi.

Sótt var um rekstrarstyrk frá Akraneskaupsstað og var félaginu úthlutað liðlega 300.000 kr. Eins og áður stóðu vonir til þess að félagið fengi hærri styrk en allt hjálpar og ber að þakka þessa aðstoð. Félagið sá um hæfnispróf fyrir hreindýraveiðimenn líkt og áður. Þessi próf eru mikilvægur þáttur í rekstri félagsins en tekjur af prófunum í ár voru 178,000 kr. Nú þegar hillir undir að útiaðstaðan verði eins og við viljum hafa hana er vert að leiða hugan að inniaðstöðu félagsins. Aðstaðan



á Vesturgötunni er ágæt til æfinga en getur aldrei orðið keppnisaðstaða. Hún er einfaldlega of lítil til þess. Þá er það svo að þar er einungis hægt að stunda skotfimi með loftbyssu og loftrifflí. Engin aðstaða er til hér á Akranesi til að stunda 25 eða 50 m. skotfimi. Keppnisgreinar alþjóða skotsambandsins eru alls 14 og af þessum 14 greinum er keppt í 8 á Olympíuleikum. Hér er aðstaða til að stunda þrjár af þessum greinum þ.e. skeet, loftbyssu og loftrifflí. Fengjum við aðstöðu fyrir 25 m. skotfimi væri þessi tala komin upp í 7 greinar og ef 50 m. aðstaða fengist værum við komin upp í 10 greinar. Við búum á landi þar sem veður setja strik í reikninginn 8 – 9 mánuði ársins þannig að ekki er hægt að stunda íþróttaskotfimi utandyra. Það hlýtur að vera langtímamarkmið að komast í stærra húsnæði þannig að hægt verði að stunda skotfimi, innandyra sem íþrótt allt árið.

Sundfélag Akraness

Sundtímabilið 2015 - 2016 hjá Sundfélagi Akraness var árangursríkt. Ágúst Júlíusson, sem síðustu tvö ár hafði verið kosinn Íþróttamaður Akraness varð nú í öðru sæti í kjörinu fyrir árið 2016. Auk þess voru slegin Akranesmet og persónulegir sigrar unnir í sundlauginni hjá sundmönnum í öllum aldurshópum.

Ný stjórn var kjörin í mars 2016. Stjórnin er óbreytt frá fyrra ári. Trausti Gylfason heldur áfram sem formaður, Daníel Sigurðsson er gjaldkeri, Harpa Finnbogadóttir varaformaður, Guðrún Guðbjarnardóttir ritari og þær Kristín Björg Jónsdóttir, Svava Guðjónsdóttir og Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir meðstjórnendur.

Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri SA er sem áður Kjell Wormdal. Aðrir þjálfarar eru þau Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hlín Hilmarsdóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Friðrika Ýr Einarsdóttir,

Inga Þóra Lárusdóttir, Hekla Haraldsdóttir, Heiður Haraldsdóttir, Sólrún Sigþórsdóttir, Guðrún Carstensdóttir og Valdimar Ingi Brynjarsson,. Afleysingabjálfi þau Ágúst Júlíusson, Drífa Dröfn Siggerðardóttir og Sævar Berg Sigurðsson.


Félagið eignaðist á árinu einn Íslandsmeistara í fullorðinsflokki; Ágúst Júlíusson sem varð þrefaldur Íslandsmeistari í flugsundi á árinu. Ágúst varð Íslandsmeistari í 50 flugsundi á Íslandsmeistaramótinu í 50m laug. Í nóvember varð Ágúst tvöfaldur Íslandsmeistari á Íslandsmeistaramótinu í 25m laug en þar varð hann bæði meistari í 50 og 100m flugsundi. Samtals syntu sundmenn í Sundfélagi Akraness þrjátíu sinnum til úrslita á Íslandsmeistaramótum á árinu og unnu þrjú gullverðlaun, fjögur silfur og þrjú brons.

Stórviðburður átti sér stað á Akranesi 2016 þegar Aldursflokksmeistaramót Íslands var haldið í fjórða sinni hér í bæ frá árinu 1988. Þrátt fyrir að sumarsins 2016 verði minnst sem góðviðrissumarsins mikla þá fór mótið fram í rigningsudda. Alls syntu 28 sundmenn frá SA á AMÍ þetta árið. Í liðakeppninni endaði SA í 5. sæti en sundmenn sem lentu í 1.- 6. sæti unnu stig fyrir félagið. Liðið fékk 8 verðlaunapeninga; 3 gull, 3 silfur og 2 brons. Þess má geta að Akraneskaupstaður studdi Sundfélagið myndarlega með því að endurnýja stóran hluta búnaðar við Jaðarsbakkalaug auk þess að nýir rásþallar voru keyptir fyrir mótið.

Fjöldi Akranesmeta voru slegin á árinu, m.a. fjögur í fullorðinsflokki og sjö í yngri flokkunum. Auk þess voru nokkur Akranesmet í boðsundi slegin.

Bárumeistaramót 2016 fór fram í janúar. Mótið er fyrir sundmenn 8-12 ára og er haldið í Bjarnalaug. Veittur er bikar fyrir bestan árangur samanlagt. Að þessu sinni urðu þau Alex Benjamín Bjarnason og Ragnheiður Karen Ólafsdóttir Bárumsmeistarar.

Íslandsmeistaramót Garpa í sundi var haldið í Ásvallalaug í Hafnarfirði í apríl 2016 og áttum við Skagamenn þar fjóra sundmenn. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir varð Íslandsmeistari í 50m





skriðsundi í aldursflokknum 45-49 ára, Vignir Barkarson varð Íslandsmeistari í 50 og 100m bringusundi, 50m, 100m og 200m skriðsundi auk þess sem hann vann silfur í 50m baksundi í flokknum 50-54 ára. Kári Geirlaugsson varð Íslandsmeistari í 800m, 400m, 200m, 100m og 50m skriðsundi, 100m, 50m baksundi auk þess í 100m fjórsundi í aldursflokknum 65-69 ára. Hugl Harðarson hreppti þriðja sætið í 50m flugsundi 50-54 ára.

Ágúst Júlíusson náði lágmörkum á Norðurlandameistaramótið í Kolding í Danmörku sem fram fór í byrjun desember. Á mótinu, þar sem hann var fyrirliði íslenska landsliðsins, komst hann í úrslit í 50m flugsundi þar sem hann lenti í 5. sæti. Hann varð sjötti í 100m flugsundi. Í 50m flugsundinu endurbætti hann Akranesmeistarametið sitt frá því á Íslandsmeistaramótinu í nóvember sl.

Tveir sundmenn frá Sundfélagi Akraness tóku þátt í Evrópumeistaramóti Garpa í sundi í London dagana 25. – 29. maí 2016. Kári Geirlaugsson synti 800 metra skriðsund og setti íslenskt Garpamet í sínum aldursflokki sem er 65-69 ára. Einnig setti hann nýtt íslenskt garpamet í 400 metra skriðsundi. Að síðustu setti Kári nýtt Garpamet í 100 metra skriðsundi. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir synti eitt sund og setti Garpamet í 50 metra skriðsundi í aldursflokknum 45-49 ára.

Hjördís Hjartardóttir var fulltrúi Sundfélags Akraness á Landsmóti UMFÍ 50+ á Ísafirði dagana 10.-12. júní. Hún hefur verið á skriðsundsnámskeiðum hjá sundfélaginu og að auki dugleg við æfingar og ákvað því að skrá sig til keppni í 5 greinum á landsmótinu, 50m skrið, bak og bringu, 66,6m fjórsundi og 100m skriðsundi. Það er skemmst frá því að segja að Hjördís sigraði í öllum sínum greinum og setti nýtt Landsmótsmet í fjórum þeirra.

Lið Skagamanna er í efstu deild í sundi. Bikarmót Sundsambands Íslands var haldið í Reykjanesbæ. Margir af öflugustu sundmönnum Íslands syntu á mótinu. Sundfélag Akraness sendi bæði kvenna- og karlalið og var gengi þeirra framur vonum en bæði liðin urðu í fimmta sæti. Hvað stigafjöldi varðar er árangurinn á mótinu sá besti síðastliðin átta ár.

Faxaflóasundið var þreytt að þessu sinni í blíðskaparveðri þann 3. september en þar var stór hópur sundmanna að taka þátt í sínu fyrsta sjósundi. Að venju er atburðurinn notaður til fjáröflunar vegna farar elsta hópsins í æfingabúðir á Spáni.

Tíu hressir sundkrakkar sem eru á aldrinum 2002 – 2004 fóru á sitt fyrsta sundmót á erlendra grundu þegar þau fóru á mót í Farum í Danmörku í maí ásamt þjálfara sínum, Bjarneyju Guðbjörnsdóttur. Krökkunum þótti þáttakan í mótinu mikil og góð reynsla, ánægjan skein úr hverju andliti. Eftir mótið var m.a. farið í Tívoli þar sem krakkarnir og fylgdarmenn þeirra skemmtu sér hið besta.

Í ágúst fóru 16 elstu sundmenn SA til Lloret de Mar á Spáni þar sem sundtímabilið 2016 – 2017 var undirbúið af kostgæfni. Æft var tvisvar á dag í tíu daga við bestu aðstæður nema einn eftirmiðdag þegar farið var inn til Barcelona þar sem kaupþörf sundmanna var fullnægt. Má



segja að með dvöl í þessum æfingarbúðum hafi sundmenn verið undirbúnir eins vel og kostur var fyrir komandi keppnistímabil.

Á uppskeruhátíð SA í nóvember var kynnt til sögunnar ný viðurkenning sem fer til þeirra aðila sem keppt hafa í: 50 flug-, bak-, bringu-, skrið- og fjórsund, 400m skrið- og fjórsund ásamt 800m og 1500m skriðsund). Tveir sundmenn kepptu í öllum þessum sundgreinum á árinu 2016 en það voru þau Brynhildur Traustadóttir og Sindri Andreas Bjarnason.

Ingunnarbikarinn, í minningu Ingunnar Guðlaugsdóttur, er veittur sundmanni 12 ára og yngri sem syndir stigahæsta bringusundið en það gerði Ragnheiður Karen Ólafsdóttir.

Félagsbikarinn í minningu Arnars Freys Sigurðssonar og Karls Kristins Kristjánssonar fékk Erlend Magnússon.

Sundmaður Akraness 2016 er Ágúst Júlíusson, stigahæsti sundmaður Akraness, þrefaldur Íslandsmeistari, hann setti jafnframt fjögur Akranesmet á árinu.

Tveir stórvíðburðir í bæjarlífi Akurnesinga eru skipulagðir af Sundfélagi Akraness. Annar þeirra er Akranesleikarnir í sundi sem haldnir eru síðustu helgina í maí. Það er eitt stærsta barna- og unglingasundmót sem haldið er hér á landi. Árið 2016 voru þátttakendur um 265 frá 10 félögum en hafa skal í huga að sundfólkinu fylgja þjálfarar, fararstjórar og foreldrar. Að þessu sinni var þátttakendafjöldi aðeins minni en fyrri ár en skýringin á því er sú að þremur vikum síðar var Aldursflokkaþing Íslands haldið í Jaðarsbakkalaug. Gestir á Akranesi um mótstímann eru því fjölmargir. Hinn stóri viðburðurinn er Útvarp Akraness sem hefur verið fastur liður í tilveru Akurnesinga í upphafi aðventu í 27 ár. Að venju nutu bæjarbúar vandaðrar dagskrár. Þessir viðburðir eru notaðir til fjáröflunar fyrir starfsemi SA.

Aðrar fjáraflanir hafa verið með svipuðu sniði og mörg undanfarin ár; rekstur ljósabekkja, auglýsingaskilti á sundlaugarbakkanum, kleinusala, vinna á þorablóti Skagamanna, Faxaflóasund, útburður blaða og tilkynninga, vörutalningar, flatkökusala og ýmislegt fleira sem til fellur en þessir fjármunir eru nauðsynlegir til að greiða niður gjöld sundmanna. Þá hefur styrkur Akraneskaupstaðar til íþróttafélaganna vegna þjálfunar barna og ungmenna verið félaginu mikilvægur sem og fjárframlag Íþróttabandalags Akraness. Viljum við þakka þeim fjölmörgu félögum, fyrirtækjum og einstaklingum sem lagt hafa félaginu lið.

Sundfélag Akraness hefur síðustu misseri staðið fyrir skriðsundsnámskeiðum fyrir fullorðna og hafa þau notið mikilla vinsælda. Á árinu 2016 bauð Sundfélag Akraness upp á skriðsundsnámskeið fyrir þá fullorðna sem vilja auka færni sína í skriðsundi. Kennarar voru þær Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Eygló Karlsdóttir. Á árinu voru haldin tvö námskeið, þátttakendur voru fjórtán.

Sundmenn frá SA sækja fjölmörg sundmót og eru þau helstu talin upp sem A, B og C- hópar tóku þátt í: Fyrir yngstu iðkendurnar eru það Bárumótið og Landsbankamótið. Hátt á fjórða tug krakka syntu á þeim mótum. Speedmót IRB 15, Gullmót KR 23, Vormót Fjölnis 22, Vormót Ármanns 27, Actavis SH 17, IM50 10, Farum DK 11, IRB Mót 28, Akranesleikar 54 frá SA, 261 sundmaður frá 10 liðum, AMI 28, Akranesmeistramót 30, Sprengimót Oðins 13, Haustmót Ármanns 7, Bikar 17, Tyrmót Ægis 21, Extramót SH 21, Speedmót IRB Haust 24, IM25 9, Fjölnis 18.

Akranesmeistarar í kvenna- og karlaflokki á árinu 2016 urðu þau Una Lára Lárusdóttir og Ágúst Júlíusson. Akranesmeistarar í telpna og drengjaflokki Ásgerður Jing Laufeyjardóttir og Enrique Snær Llorens. Í flokki meylla og sveina urðu Akranesmeistarar þau Ragnheiður Karen Ólafsdóttir og Alex Benjamín Bjarnason. Ágúst var stigahæstur í flokki karla á mótinu og Una Lára stigahæst í flokki kvenna.

Jafnframt fara þessir ungu sundmenn á stór gistimót í Reykjanesbæ og Reykjavík. Þessi aldurshópur hlakkar alltaf jafnmikið til að taka þátt í slíkum verkefnum.

Heildarfjöldi þeirra sem sóttu námskeið á vegum Sundskólans og sumarsunds 2016 var 408 iðkendur - á aldrinum 3ja mánaða til 10 ára. Haldin voru 41 námskeið í Sundskólanum og sumarsundinu árið 2016.

Kennarar á vorönn Sundskólans janúar – maí 2016 voru Friðrika Ýr Einarsdóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Drífa Dröfn Siggerðardóttir og Valdimar Ingi Brynjarsson. Aðstoðarkennarar í Sundskóla voru Magðalena Lára Sigurðardóttir, Jón Karl Traustason og Júlía Rós Þorsteinsdóttir.

Kennarar haustönn Sundskólans ágúst – desember 2016 voru Drífa Dröfn Siggerðardóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hlín Hilmarsdóttir, Friðrikka Ýr Einarsdóttir. Aðstoðarkennarar í Sundskóla: Júlía Björk Gunnarsdóttir, Júlía Rós Þorsteinsdóttir, Hlöðver Már Pétursson, Óttar Bergmann Kristinsson, Steindór Gauti Gunnarsson og Katla Kristín Ófeigsdóttir.

Boðið var upp á 14 námskeið í sumarsundi á Jaðarsbökkum í júní fyrir elstu börnin í leikskólum Akraness og fyrir börn í 1. – 4. bekk grunnskóla. Samtals 106 börn á aldrinum 6 til 10 ára tóku þátt í sumarsund-námskeiðum í júní 2016.

Kennarar sumarsunds í júní 2016 voru Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Guðrún Carsteinsdóttir. Aðstoðarkennarar í sumarsundi júní 2016 voru á vegum Vinnuskóla Akraness þau Eyrún Sigþórsdóttir, Brynhildur Traustadóttir, Sóley Brynjarsdóttir, Erlend Magnússon. Þau sem unnu við að sækja börn á leikskólann og aðstoða í búningsklefum í júní á vegum Vinnuskóla Akraness voru Natalia Palinska, Ísak Bergmann, Matthildur Hafliðadóttir og Arnar Már Kárasón.

Ýmislegt fleira hefur verið gert en verður ekki talið upp hér. Æfingaaðstaðan er óbreytt. Yngri hóparnir eru í Bjarnalaug og þrír elstu hóparnir í Jaðarsbakkalaug. Sl. haust hófust miklar framkvæmdir á heitapottasvæði Jaðarsbakkalaugar þar sem skipta á út öllum heitu pottunum en í staðinn kemur einn pottur. Vegna þessara framkvæmda var reistur veggur meðfram braut nr. 1 í lauginni. Þessi veggur hefur reynst bæði mikill kosta- og gallagripur þar sem sundmenn æfa sund stilltara vatni en af sama skapi hafa fallið niður nokkrar æfingar þar sem „Kári“ hefur tekið svo hressilega í vegginn að plötur úr honum hafa fokið. Sýnir þetta og sannar svo um munar að nauðsyn er á yfirbyggðri laug hér á Akranesi. Í lok árs fór fram umræða um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar. Þá sendi SA frá sér ályktun um sundlaugarmál hér á Akranesi þar sem ný sundlaug var ekki inni í hugmyndum og umræðum kjörinna bæjarfulltrúa en lofað hafði verið uppbyggingu sundlaugarmannvirkja á 1000 bæjarstjórnarfundum Akraneskaupstaðar þann 11. október 2005. Sundfélagið er satt að segja orðið langeygt eftir að það loforð verði efnt frá Akraneskaupstað.

Sundmennirnir okkar spanna vítt aldursbil, eða frá 3 mánaða og upp í fólk á sextugsaldri. Í hópnum eru liðlega 414 manns. Þeir yngstu eru í sundskólanum Fjörfiskum og þeir elstu í Görpum. Það er sama á hvaða aldri þú ert, þú ættir að geta fundið hóp við þitt hæfi hjá SA.

Vélhjólaíþróttafélag Akraness

Framkvæmdir og félagsstarf Vifa árið 2016

Vinnuskólinn var í allt sumar hjá vifa, og skiptust félagsmenn á að taka að sér flokkstjóra stöður. Vifa sér um allan kostnað tengdan þessu, svo sem matarreikning og ferðakostnað. 5-6 unglingar voru á svæðinu frá vinnuskólanum. Flokkstjórinn sér um alla vélavinnu og krakkarnir aðstoða við allt viðhald á brautinni. Jafnt stóru sem og barnabrautinni.

Aksturstefnu Akrabrautar var snúið við. Öllum pöllum breytt og snúið við uppstökkum og lendingum.

Allir stofnar í vökvunarkerfinu voru grafnir niður í gegnum brautina, til að úðunin yrði jafnari, og skilaði það mun betra rakastigi í brautinni.

Smíðaðir voru tré pallar 1m x1m. og settir við alla stökkpalla. Þetta var gert til að auka öryggi fyrir þá sem taka að sér flöggun á mótum sem eru haldin í Akrabraut.

50 metra löng gangstétt var steipt meðfram bílaplaninu, og liggur hún upp að húsakynnum Vifa og meðfram húsinu báðumegin.



Einsog venjulega var haldið áfram með gróðursetningu aspa á svæðinu. Og voru 40 stykki gróðursett þetta árið.

Tvö mót voru haldin í Akrabraut. Íslandsmeistara mót var um miðjan júlí, og tókst það mjög vel. Veðráttan lék við keppendur og brautin þótti til fyrirmyndar. 8 skagamenn tóku þátt, bæði stelpur og strákar. Og Var Vifa með 3 keppendur á verðlaunapalli.

Landsmót var haldið í ágúst. Það er meira fyrir yngri keppendur, og tókst það líka mjög vel.

Vifa var með 4-8 keppendur í öllum enduro og motocross keppnum á árinu. Og áttum við fulltrúa á verðlaunapalli í öllum mótunum.



Íþróttafélagið Þjótur

Stjórn Þjóts 2015-2016

Soffía M. Pétursdóttir, formaður

Sigurlaug Njarðardóttir, gjaldkeri

Hörður Svavarsson, ritari

Sigríður Þórdís Reynisdóttir, meðstjórnandi

Guðbjörg Guðmunda Benjamínsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn:

Emma Rakel Björnsdóttir

Áslaug Þorsteinsdóttir

Aðalfundur Þjóts haldinn í sal Brekkubæjarskóla 27. apríl 2106

Soffía setti fundinn. Fundarstjóri var Jón Hrói Finnsson. Á dagsskrá fundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Formaður las upp skýrslu stjórnar sem innihélt samantekt af starfi stjórnar og félagsins, iðkendafjölda, þjálfaramál, þátttöku á mótum og árangur iðkenda. Gjaldkeri gerði ársreikningum skil. Ársreikningur og skýrsla stjórnar borin undir fundinn og bæði samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri stýrði kosningum og bar upp þær tillögur sem fyrir lágu.

- Sigurlaug Njarðardóttir kosin formaður í stað Soffíu M. Pétursdóttur sem gaf ekki kost á sér áfram.
- Freyja Þöll Smáradóttir var kosin í aðalstjórn.
- Hörður Svavarsson kosin einróma um áframhaldandi setu í stjórn félagsins.
- Áslaug Þorsteinsdóttir kosin um áframhaldandi setu í stjórn félagsins.
- Emma Rakel Björnsdóttir kosin um áframhaldandi setu í stjórn félagsins.
- Andrés Ólafsson var kosin endurskoðandi félagsins og honum færðar þakkir fyrir störf hans á liðnu ári.
- Samþykkt var tillaga frá stjórn félagsins um að félagsgjöldin yrðu 1800kr.

Viðurkenningar til félagsmanna á árinu 2016 v 2015 voru:

- Hvatningabikar ÍF hlaut: Freyr Karlsson
- Lýðsbikarinn hlaut: Jóhanna Nína Karlsdóttir
- Hvatningabikar Þjóts til yngri iðkenda sem sýnir góða ástundun og/eða framfarir hlaut: Helena Rut Káradóttir
- Íþróttamaður Þjóts árið 2015: Laufey María Vilhjálmsdóttir

Fundarstjóri sleit fundi og boðið var upp á veitingar. Alls mættu 34 á fundinn auk stjórnarmeðlima.

Stjórn félagsins starfsárið 2016-2017 er skipuð:

Sigurlaug Njarðardóttir, formaður félagsins

Freyja Þöll Smáradóttir, varaformaður

Guðbjörg Guðmunda Benjamínsdóttir, gjaldkeri

Sigríður Þórdís Reynisdóttir, meðstjórnandi

Hörður Svavarsson, Ritari

Varamenn: Áslaug Þorsteinsdóttir og Emma Rakel Björnsdóttir

Stjórnarfundir félagsins voru 6 talsins, Auk þess voru samskipti á facebook síðu stjórnar sem auk samskipta á facebook síðu stjórnar um mál og málefni sem komu upp á tímabilinu og þurfti að leysa.

Fjáraflanir og fjármálaleg staða

Í ársreikninging félagsins fyrir starfsárið sést að félagið er rekið með tapi árið 2016. Þá var greitt töluvert að ferðakostnaði vegna móta hjá iðkendum. Jólakortasalan skilaði rúmum 50 þús og vinna við þorablót Skagamanna rúm 320.000

Styrkir

Akraneskaupstaður veitti þjóti 300.000 kr. rekstrarstyrk. ÍA styrkti félagið um kr 232.362 kr. ÍF um kr 95.409

Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Iðkendafjöldi árið 2016 var 22. Lítil endurnýjun er á iðkendum og mikið um að fólk taki sér löng hlé. Iðkendur eru blandaður hópur á öllum aldri, frá 14 aldri. Lítil hreyfing var á þjálfaramálum árið 2016. Þjótur bauð upp á æfingar í eftirtöldum íþróttagreinum á starfsárinu:



Boccia: Þjálfarar voru Freyja Þöll Smáradóttir, Arnar Ólafsson og Hafsteinn Helgi Jóhannesson sem bættist í hópinn í byrjun árs 2016. Æfingar voru 2x í viku.

Sund: Þjálfarar voru Fanney Björnsdóttir og Ágúst Júlíusson. Æfingar voru 2x í viku.

Sundleikfimi: Þjálfari var Sigurður Sigurðsson. Æfing var 1x í viku.

Æfingar á vorönn hófust í janúar og æfingar á haustönn hófust í september.



Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

- Pizzupartý var haldið í desember 2016 sem tókst mjög vel.
- Félagið greiddi niður ferðakostnað vegna þátttöku í mótum sem félagið tók þátt í.
- Samstarf var við Fjöliðjuna vegna þökkunar á jólakortum.
- Aðalstjórnarfundir og Ársþing ÍA
- Fundir framkvæmdarstjórnar og aðildafélaga

Þátttaka og gengi á mótum

Sund:

Íslandsmót ÍF í 25m laug. Emma og Áslaug tóku þátt. Stóðu sig vel.

Iðkendur tóku einnig þátt í Asparmóti og RIG. Keppendur almennt að standa sig vel og hafa verið bætingar hjá mörgum iðkendum.

Boccia:

Íslandsmót í sveitakeppni: Þjótur B (Emma Rakel, Anton og Lindberg)– 3. sæti

Hængsmót á Akureyri: Allir keppendur stóðu sig vel.

Íslandsmót í einstaklingskeppni: Lena Kristín Hermannsdóttir varð í 2. sæti í 2. deild.

Innanfélagsmót í Boccia: Lena Kristín Hermannsdóttir vann.

Íþróttamaður Þjóts 2016 er Lena Kristín Hermannsdóttir.

Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar

- Umræða hefur verið innan ÍA að öll aðildafélög keppi undir sama flaggi, ÍA. Stjórn Þjóts tekur vel í þá umræðu. Einnig er verið að skoða að aðildafélögin séu með eins keppnisgalla. Stofnaður hefur verið hópur með fulltrúum aðildarfélaganna til að skoða þennan kost.
- Lítil endurnýjun er á iðkendum Þjóti sem er áhyggjuefni. Mikilvægt er að fá inn yngri iðkendur því án iðkenda er ekkert íþróttafélag. Þetta er áskorun fyrir stjórnina árið 2017. Hvað getum við gert?
- Lítið pláss er fyrir aðrar íþróttir en þær sem boðið er upp á núna vegna plássleysis.
- Aðgengi fyrir fatlað fólk sé eins og best er á kosið við öll tækifæri og viðburði sem ÍA stendur fyrir.
- Þurfum að finna leiðir til að ná til nýrra iðkenda sem ekki eru að æfa íþróttir nú þegar.
- Virkja heimasíðu félagsins þar sem fram koma fréttir af félaginu, bæði með skrifuðu máli og myndum.

